**DAVÍÐ VIKARSSON**

*Ferðaðist inni í póstkorti*

Ferðir Bílar

**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS



**HREINN ÁVINNINGUR**

*Lágmörkun umhverfisáhrifa*

Sérblað um íslenskan iðnað

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



SÉRBLAÐ FYLGIR

Europris

FRÁBÆR TILBOÐ!


# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

25. apríl 2007 — 111. tölublað — 7. árgangur — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI — Sími: 550 5000


## MIÐVIKUDAGUR

### Hvíldu þig, hvíld er góð?



Þorvaldur Þorsteinsson ræðir um leti, létti og misskilning.

MENNING 29

### Einkasýning í Manchester



Þórdís Claessen flytur íslenska götulist til Englands.

FÓLK 31

### Jafnrétti og utanríkismál

Valgerður Sverrisdóttir skrifar að það hafi verið löngu tímabært að kona yrði utanríkisráðherra.

Í DAG 20

### Dramatískur sigur



Manchester United vann AC Milan í undanúrslitum Meistaradeildarinnar með marki í uppbótartíma.

ÍÞRÓTTIR 34

### VEÐRIÐ Í DAG




**BJART EYSTRA -** Í dag verða suðaustan 8-13 m/s suðvestan og vestan til en lægir smám saman. Hægari vindur annars staðar. Bjart veður norðaustan og austan til lengst af í dag annars hætt við smáskúrum. Hiti víðast 5-12 stig.

VEÐUR 4

**> Markaðurinn**

*Sögurnar ... tölurnar ... fólkið ...*

FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG




# 2.500 fuglum fargað á fuglaflensuæfingu

**Viðbragðsæfing Landbúnaðarstofnunar vegna fuglaflensufaraldurs var haldin á Selfossi í gær. Fjölmargir dýralæknar og stofnanir víðs vegar að af landinu tóku þátt. Fuglarnir voru aflífaðir með koldíoxíði og síðan urðaðir vestan við Selfoss.**

**UMHVERFISMÁL** Um 2.500 heilbrigðir fuglar, sem til stóð að farga í fuglabúinu að Miklaholtshelli, voru aflífaðir í fyrstu æfingu hérlendis vegna hugsanlegs fuglaflensufaraldurs.

„Það var komið að því að aflífa þessa fugla og við notuðum tækifærið og gerðum úr æfingu. Aflífunin var gerð með viðurkenndu efni og tókst vel,“ segir Halldór Runólfsson yfirdýralæknir.

Fjörutíu manns tóku þátt í æfingunni, sem var í umsjá Auðar Lilju Arnþórsdóttur sóttvarnadýralæknis. Æfingin hófst með fundi hjá Landbúnaðarstofnun á Selfossi í gærmorgun. Síðan var ekið að eggjabúinu og fuglarnir aflífaðir með koldíoxíði. Hræin voru urðuð á urðunarstað við Kirkjuferjuhjáleigu, vestan við Selfoss. Að þessu loknu var farið yfir hvernig til hefði tekist. Þótti þörf á að æfa betur notkun á sóttvarnarbúnaði, en annað tókst prýðilega. Vinnueftirlitið, starfsmenn sóttvarnalæknis ásamt fulltrúum frá tilraunastöðinni á Keldum fóru yfir varnir og útbúnað.

„Svona æfingar eru haldnar til að sjá hvernig þetta myndi takast í raunveruleikanum og finna út hvort það eru hnökrar á framkvæmdinni. Þessir aðilar eru sérfróðir hver á sínu sviði og komu með ýmsar gagnlegar ábendingar,“ segir Halldór.

Æfingin var á vegum Landbúnaðarstofnunar. Einnig tóku þátt fulltrúar Umhverfisstofnunar, Vinnueftirlitsins og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands ásamt Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins.

- kóþ



**ÞORSTANUM SVALAÐ** Indverskur drykkjarvatnssali afgreiðir viðskiptavin á götu í Nýju-Delí í gær. Hitinn á Indlandi hefur mælst yfir 40 gráður síðustu daga en fáir njóta hitabylgjunnar aðrir en drykkjarvatnssalarnir sem sjást á hverju horni og græða á tá og fingri. Hitinn nú þykir fyrirboði um afar heitt sumar, en vísindamenn búast við að þetta ár verði hið heitasta í sögunni. FRÉTTABLAÐIÐ / AFP

Baugur Group kaupir þriðjungshlut í Apple af Bjarna Ákasyni í gegnum millilið:

# Tilboð sem ekki var hægt að hafna

**VIÐSKIPTI** „Ég ætlaði aldrei að selja hlut minn en ætli það megi ekki segja að ég hafi fengið tilboð sem ég gat ekki hafnað,“ segir Bjarni Ákason, framkvæmdastjóri og stofnandi Humac, sem á og rekur 19 Apple-verslanir á Norðurlöndunum. Hann hefur selt þriðjungshlut sinn í fyrirtækinu og herma heimildir Fréttablaðsins að kaupverðið sé um hálfur milljarður. Eignarhaldsfélagið Grafít, sem er í eigu Hannesar Smárasonar og Þormóðs Jónssonar og á meðal annars auglýsingastofuna Fíton, keypti hlutinn og seldi hann nær samstundis áfram til Baugs Group.



BJARNI ÁKASON

Bjarni sagði í samtali við Fréttablaðið að hann vissi ekki betur en að hann myndi halda áfram sem framkvæmdastjóri hjá fyrirtækinu enda væri hann með ráðningarsamning. „Ég er líka sá besti í Apple-bransanum í Skandinavíu,“ segir Bjarni og hlær.

Vöxtur Humac hefur verið ævintýralegur frá því fyrirtækið var stofnað fyrir fjórum árum. Fyrsta árið var velta þess um 200 milljónir en áætlanir gera ráð fyrir því að velta þessa árs verði um níu milljarðar.

„Það er mjög gott að fá metnaðarfullt fyrirtæki eins og Baug inn í Humac. Stefnan hlýtur að vera að vaxa enn frekar,“ segir Bjarni.

- óhþ

**Burt með óréttláta verðtryggingu!**

xF

Frjálslyndi flokkurinn

www.xf.is



**Á KYNNINGARFUNDI** Þorsteinn Þorgeirsson, skrifstofustjóri efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins, kynnti nýja hagspá ráðuneytisins í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Þjóðarútgjöld dragast saman:

# Óþægilega miklu munar á spám

**VIÐSKIPTI** Verðbólgumarkmið Seðlabanka Íslands næst í lok árs og fyrirséð að verðbólga haldist innan marka samkvæmt nýrri þjóðhagspá fjármálaráðuneytisins.

Greiningardeild Landsbankans bendir á að miklu muni á spá ráðuneytisins og nýlegri spá Seðlabankans. „Í grófum dráttum má segja að fjármálaráðuneytið spái afar mjúklegri lendingu á næstu tveimur árum á meðan Seðlabankinn spáir töluvert harðri aðlögun á næsta og þarnæsta ári,“ segir bankinn og telur „óþægilega mikinn mun“ á spánum.

Fjármálaráðuneytið spáir hagvexti innan við eitt prósent á þessu ári.

- óká / sjá Markaðinn

Maður handtekinn í Njarðvík:

# Með um 700 LSD-skammta

**LÖGREGLUMÁL Sérsveit ríkislögreglustjóra handtók á fimmtudag karlmann á þrítugsaldri í Njarðvík með tæplega 700 skammta af LSD í fórum sínum. Það er rúmlega tífalt það magn sem fannst af LSD á landinu í fyrra, og er söluvirði efnanna talið nema um 1,8 milljón króna. Á manninum, sem á sakaferil að baki, fannst einnig amfetamín í söluumbúðum.**

**Þórarinn Tyrfingsson, yfirlæknir á Vogi, segist finna fyrir aukinni neyslu LSD hjá þeim sem leiti sér hjálpar á sjúkrahúsinu, þótt hún sé yfirleitt tímabundin og tilraunaneysla.**

sjá síðu 2 / - þsj / - sh

Algengasta nafnið í Kína:

# Níutíu milljónir heita Wang

**KÍNA, AP** Algengasta ættarnafnið í Kína er Wang, en ekki Li eins og almennt var talið. Nærri 93 milljónir Kínverja bera nafnið Wang, en Li er næstalgengasta nafnið, borið af rúmlega 92 milljónum manna.

Þriðja algengasta nafnið er svo Zhang, og síðan koma Liu, Chen, Yang, Huang, Zhao, Wu og Chou.

Árið 2006 var gerð könnun á kínverskum nafnavenjum og samkvæmt henni var algengasta nafnið Li, en sú könnun náði aðeins til 296 milljóna manna eða innan við fjórðungs landsmanna. Samkvæmt nýrri greiningu á upplýsingum um nánast alla íbúa í Kína þykir hins vegar ljóst að flestir heita Wang.

- gb

## SPURNING DAGSINS



*Silja, hefur Fýkur yfir hæðir enga þýðingu fyrir þér?*

„Jú, heldur betur. Það er Móðurást Jónasar."

Silja Aðalsteinsdóttir hlaut Íslensku þýðingarverðlaunin fyrir að þýða bókina Wuthering Heights. Hún ákvað að þýða titilinn ekki en bókin hafði áður verið þýdd undir titlinum Fýkur yfir hæðir.

Borgin kaupir gistiheimili fyrir 88 milljónir króna og breytir í gistiskýli:

# Útigangsmenn á Njálsgötuna

**FÉLAGSMÁL** Gistiheimilinu Centrum á Njálsgötu 74 verður breytt í gistiskýli fyrir heimilislausa. Reykjavíkurborg, með 33 milljóna króna styrk frá félagsmálaráðuneytinu, hefur keypt húseignina fyrir 88 milljónir.

Að því er fram kemur í minnisblaði Ellýjar A. Þorsteinsdóttur, skrifstofustjóra á velferðarsviði Reykjavíkurborgar, teljast á bilinu 40 til 60 einstaklingar vera heimilislausir í Reykjavík á hverjum tíma. Langflestir þeirra eru karlmenn. Ellý segir gistiskýlum fyrir heimilislausa ætlað að vera tímabundin lausn en að nokkur hópur manna hafi þó gist að staðaldri í núverandi skýli. Því miður hafi þurft að vísa fólki frá vegna plássleysis.

Fjórum dögum fyrir jól í fyrra undirrituðu Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri og Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra samstarfssamning til þriggja ára um stofnun og rekstur heimilis fyrir heimilislausa. Gert er ráð fyrir heimili fyrir tíu karlmenn. Sólarhringsvakt verður í húsinu.

Í kaupsamningi borgarinnar og Centrum gistihúss ehf. kemur fram að borgin taki við Njálsgötu 74 um miðjan maí. Með fylgja allar innréttingar og húsgögn. „Húsnæðið að Njálsgötu 74 þykir henta vel undir starfsemina og ekki er þörf á miklum breytingum á húsnæðinu til að það falli að umræddri starfsemi," segir á áðurnefndu minnisblaði. **- gar**



**NJÁLSGATA 74** Hér hefur verið rekið gistiheimili fyrir nítján gesti en framvegis verður húsið næturskjól fyrir tíu heimilislausa menn. Leikskólinn Barónsborg er í þarnæsta húsi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Kryptonít" fannst í námu:

## Slæmar fréttir fyrir Súperman

**LONDON, AP Vísindamenn klóra sér í kollinum yfir óþekktu steinefni sem fannst í námu í Serbíu og hefur sömu efnasamsetningu og efnið kryptonít sem er eina efnið sem bítur á teiknimyndahetjuna Súperman.**

**Steinefnafræðingur sem rannsakaði efnið varð forviða þegar hann komst að því að formúla efnisins væri þegar til, þó einungis í skáldskap. Þótt samsetningin sé sú sama eru efnin gjörólík þar sem kryptonít er grænn, geislavirkur, glóandi kristall en steinefnið, sem verður nefnt jadarít, er hvítt, í duftformi og ekki geislavirkt.** **- sdg**

## Pétur Pétursson þulur látinn

Pétur Pétursson þulur lést í Reykjavík á mánudag, 88 ára.

Pétur fæddist 16. október 1918 á Eyrarbakka, sonur hjónanna Péturs Guðmundssonar skólastjóra og Elísabetar Jónsdóttur.



Hann nam í Svíþjóð og á Englandi og vann í Útvegsbankanum áður en hann hóf störf sem þulur hjá Ríkisútvarpinu 1941. Þar starfaði Pétur til 1955 er hann hóf verslunarrekstur í Reykjavík, auk þess að annast umboðsmennsku fyrir skemmtikrafta. Pétur tók aftur til starfa hjá Ríkisútvarpinu 1970 og vann þar á meðan aldur leyfði.

Pétur Pétursson var einstakur áhugamaður um sögu og mannlíf Reykjavíkur og hafði unun af að miðla öðrum af fróðleik sínum.

Árið 1941 kvæntist Pétur Birnu Jónsdóttur sem lést í maí 2003. Dóttir þeirra er Ragnheiður Ásta þulur.

**HNÍFSDALUR**

### Slökkvistöð á 400 þúsund

Slysavarnadeildin í Hnífsdal keypti gömlu slökkvistöðina í Hnífsdal eftir að bæjarstjórn Ísafjarðar samþykkti tilboð deildarinnar upp á 400 þúsund krónur.

**FLJÓTSDALSHÉRAÐ**

### Leigi út lausar ríkisjarðir

Dreifbýlis- og hálendisnefnd Fljótsdalshéraðs hefur skorað á landbúnaðarráðuneytið að auglýsa strax lausar til ábúðar ríkisjarðir sem nú eru án ábúenda í sveitarfélaginu, til dæmis Hleinagarð og Stóra-Bakka.



**Á JÓFRÍÐARSTÖÐUM** Glæsilegar byggingalóðir eru í túninu við St. Jósefskirkju. Ekki síst verður frábært útsýni úr stórum þakíbúðum. Á innfelldu myndinni sést St. Jósefsskirkja sem kaþólski söfnuðurinn byggði árið 1993. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Selja kirkjutúnið upp í skuldirnar

**Kaþólski söfnuðurinn lagar fjárhaginn með sölu á hluta af kirkjulóð í Hafnarfirði. Meirihluti bæjarstjórnar leyfir byggingu fimmtán íbúða. Minnihlutinn segir vanda kaþólskra ekki réttlæta lóðabrask á kostnað eins af sérkennum bæjarins.**

**HAFNARFJÖRÐUR** Sjálfstæðismenn og vinstri græn í Hafnarfirði hafa lýst sig andvíga því að kaþólska kirkjan á Íslandi fái heimild bæjaryfirvalda í Hafnarfirði til að leysa fjárhagsvandræði safnaðarins með sölu íbúðarhúsalóða.

Bæjarstjórnin samþykkti í síðustu viku að auglýstar yrðu breytingar á aðalskipulagi Hafnarfjarðar þannig að hægt yrði að reisa þrjú þriggja hæða hús með samtals 15 íbúðum á lóðinni við kaþólsku kirkjuna á Jófríðarstöðum. Lóðin hefur verið skilgreind sem byggingarlóð undir þjónustustarfsemi.

„Ekki er hægt að fallast á að þótt upplýst sé að kaþólska kirkjan á Íslandi eigi í fjárhagsvanda, réttlæti það að farið sé í brask með lóðirnar, og hvorki sé tekið tillit til Jófríðarstaðasvæðisins sem eins af sérkennum Hafnarfjarðar né þeirra ákveðnu mótmæla sem nágrannar hafa haft í frammi vegna skipulagsins," bókuðu fulltrúar minnihluta Sjálfstæðisflokks og Vinstri grænna á síðasta fundi skipulags- og byggingarráðs áður en bæjarstjórnin samþykkti breytinguna með atkvæðum meirihluta Samfylkingarinnar.

Með bókun sinni vísar minnihlutinn í bréf kaþólsku kirkjunnar frá í desember 2005 þar sem fram kemur að söfnuðurinn þurfi á peningum að halda og vilji komi hluta lóðar sinnar í verð.

Vegna athugasemda nágranna voru gerðar breytingar á upphaflegri tillögu um byggðina á Jófríðarstaðatúninu. Húsin hafa verið lækkuð, þau færð fjær nálægum leikskóla og aðkoma höfð frá Jófríðarstaðavegi en ekki frá Staðarhvammi. Fulltrúar minnihlutans eru þó enn andvígir.

„Rétt þykir að minna á að þegar gerður var samningur við kaþólsku kirkjuna og henni tryggt rými næst kirkjunni var það gert aðallega til að tryggja að kirkjan hverfi ekki og hún fái að njóta sín samanber athugasemdir hönnuðar kirkjunnar. Ennfremur lögðu fulltrúar kirkjunnar á þeim tíma ríka áherslu á að ekki væri byggt nærri kirkjunni," bókaði minnihlutinn í skipulagsráði.

Gísli Ó. Valdimarsson, formaður skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar, segir að reynt hafi verið að koma til móts við athugasemdir íbúanna. Í kynningarferli sem nú hefjist gefist íbúunum tækifæri til að tjá sig um nýju tillöguna.

**gar@frettabladid.is**

Uppgjörstímabilið hafið:

## Nýherji skilaði 105 milljónum

**VIÐSKIPTI** Nýherji reið á vaðið og birti fyrstur Kauphallarfélaga afkomu sína fyrir fyrsta ársfjórðung eins og svo oft áður. Félagið hagnaðist um 105 milljónir króna sem er um 93 prósenta aukning á milli ára. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) dróst hins vegar saman um níu prósent og var 144 milljónir króna.

Veltan var tæpir 2,4 milljarðar króna sem er aukning um fjórðung á milli ára.

Á fimmtudaginn birta svo nokkur stórfyrirtæki afkomutölur fyrir síðasta ársfjórðung, þar á meðal Bakkavör Group, Exista, Kaupþing og Straumur-Burðarás. Greiningardeildir bankanna spá góðum uppgjörum fyrir tímabilið, einkum frá fjármálafyrirtækjum.

**- eþa /** **sjá einnig Markaðinn**



**HÆTTULEG GATNAMÓT** Umferðarslys eru tíð á gatnamótum Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Umferðaröryggisvikan:

## Lögreglan sýnilegri en áður

**UMFERÐ Alþjóðlega umferðaröryggisvikan stendur nú yfir. Í tilefni þess verður lögreglan enn sýnilegri en áður og með hert umferðareftirlit.**

**Í dag, á morgun og föstudag verða lögreglubílar áberandi og með kveikt á bláum blikkandi forgangsljósum á þrennum gatnamótum í Reykjavík. Um er að ræða gatnamót Miklubrautar og Grensásvegar, gatnamótin við Laugarnesveg, Suðurlandsbraut og Kringlumýrarbraut og gatnamót Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar. Alvarleg slys hafa orðið á öllum þessum gatnamótum og þar eru smærri umferðaróhöpp einnig tíð.** **- þo**

Kona datt í lukkupottinn:

## Vann 11,7 milljónir í getraunum

**GETRAUNIR** Kona á fimmtugsaldri í Reykjavík vann 11,7 milljónir á Evrópuseðli íslenskra getrauna um helgina en hún var með alla þrettán leikina rétta. Fimm leikjanna voru í sænsku knattspyrnunni, einn í enska boltanum, þrír í spænska boltanum og fjórir í ítalska boltanum. Seðill konunnar kostaði 300 krónur. **- mh**


**BÍLL DAGSINS**

**MITSUBISHI L200 2.5**

Nýskr. 05.99 - Beinskiptur - Ekinn 163 þús. km. - Allt að 100% lán.




**Ingvar Helgason** **NOTAÐIR BÍLAR**

Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.


## Skrítið að kirkjan greiði fyrir almenningssvæði

Jakob Rolland, prestur í Sankti Jósefskirkju á Jófríðarstöðum í Hafnarfirði, segir einkennilegt að ætlast sé til þess að kaþólska kirkjan standi undir og kosti almenningssvæði.

„Mörgum finnst þetta svæði greinilega eiga að vera almenningseign. Krakkarnir hér í nágrenninu leika sér á þessu svæði og mér skilst að íbúarnir séu aðallega að mótmæla því að þeir missi leiksvæðið. Mér finnst dálítið einkennilegt að leggja það á kaþólsku kirkjuna að standa undir því," segir séra Jakob.

Að sögn Jakobs eru miklir fjármunir í húfi: „Ég veit ekki töluna nákvæmlega en það er ljóst að lóðin myndi fara á tugmilljónir. Það munar um minna."



**SÉRA JAKOB ROLLAND** Munar um tugmilljónir sem bundnar eru kirkjutúninu.

Jakob vill ekki ganga svo langt að segja að Hafnarfjarðarbær ætti að kaupa lóðina. „En ef menn vilja að þetta svæði sé almenningseign þá mega þeir íhuga það líka." **- sh**

Sparnaðarreikningar



ARGUS / 07-0166

# 10% vaxtaauki!

Þeir sem stofna sparnaðarreikningana **SPRON Vaxtabót** eða **SPRON Viðbót** á Netinu **fyrir 1. maí nk.** fá 10% vaxtaauka á áunna vexti til 1. júlí.*

**SPRON Vaxtabót**
**– allt að 14,55% vextir* + vaxtaauki**
Óverðtryggður sparnaðarreikningur á Netinu sem ber háa, stighækkandi vexti eftir upphæð – auk þess stighækkandi vaxtaálag eftir lengd sparnaðartímabils. Alltaf laus.

**SPRON Viðbót**
**– allt að 6,4% vextir* + vaxtaauki**
Verðtryggður sparnaðarreikningur á Netinu, bundinn til 36 mánaða. Háir, verðtryggðir grunnvextir og vaxtaálag að binditíma loknum.

Nýttu þér þetta **TILBOÐ** og stofnaðu reikning á spron.is

Upplýsingar um innlánsreikninga SPRON
fást í næsta útibúi SPRON, í þjónustuveri í síma 550 1400 eða á spron.is

*Samkvæmt gildandi vaxtatöflu SPRON 1. mars 2007. Vaxtaaukinn leggst inn á reikninginn um næstu áramót.

spron

## GENGIÐ 24.04.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 64,37 | 64,67 |
| Sterlingspund | 128,75 | 129,37 |
| Evra | 87,35 | 87,83 |
| Dönsk króna | 11,721 | 11,789 |
| Norsk króna | 10,783 | 10,847 |
| Sænsk króna | 9,498 | 9,554 |
| Japanskt jen | 0,5412 | 0,5444 |
| SDR | 98,04 | 98,62 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
118,5436

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Séra Bjarni Karlsson segist ekki svartsýnn á að prestar nái saman um hjónabönd samkynhneigðra:

# Búist við deilum um hjónavígslu samkynhneigðra

**ÞJÓÐKIRKJAN** Séra Bjarni Karlsson, sóknarprestur í Laugarneskirkju, segist ekki svartsýnn á það að samstaða náist á prestastefnu í dag um tillögu 42 presta og guðfræðinga þess efnis að heimila hjónabönd samkynhneigðra. Séra Geir Waage, sóknarprestur í Reykholti, býst við miklum deilum um tillöguna.

Prestastefnan var sett á Húsavík í gær og í dag fara fram umræður, meðal annars um tillögu prestanna fjörutíu og tveggja. Kynnt verða endurskoðuð drög að ályktun kenningarnefndar þjóðkirkjunnar þar sem gert er ráð fyrir að prestum verði heimilað að blessa samvist samkynhneigðra, eins og gert hefur verið á undanförnum árum, og er tillagan breytingartillaga við ályktunina, þar sem lagt er til að gengið verði skrefi lengra og hjónabönd samkynhneigðra heimiluð.



**PRESTARNIR Á HÚSAVÍK** „Það er í takt við heilbrigða skynsemi og kristna trú að virða líf og tilfinningar alls fólks," segir séra Bjarni. MYND/GUÐBERGUR ÆGISSON

„Þetta er framtíðarmál, hvort sem þetta gerist núna í einu skrefi eða ekki," segir Bjarni.

Hann segir álytkunardrög kenningarnefndarinnar einnig skref í rétta átt. „Þar er því slegið algjörlega föstu að það sé ekki skilningur íslensku þjóðkirkjunnar að Biblían mótmæli samkynhneigð." Bjarni segist ekki eiga von á að tillaga kenningarnefndarinnar mæti mikilli andstöðu.

Geir segist þó ekki geta tekið afstöðu til tillögunnar strax. „Hvernig um tillöguna verður fjallað eða rætt, ræðst algjörlega af því hvernig biskupinn leggur hana fram. Þeir vilja hins vegar augljóslega búa til eitthvað sem heitir hjónaband fólks af sama kyni og ég er þeirrar skoðunar að það gangi ekki upp. Við breytum ekki þeirri skikkan skaparans að það eru karl og kona sem eiga í hjónabandi." Ákvörðun prestastefnunnar verður síðan tekin fyrir á kirkjuþingi í haust til samþykktar. - sh

Tyrkir og Grikkir á Kýpur:

## Sjá enga lausn í náinni framtíð

**KÝPUR, AP Hvorki Kýpur-Tyrkir né Kýpur-Grikkir eiga von á því að af sameiningu hinna tveggja aðskildu hluta eyjunnar verði á næstunni.**

**Samkvæmt skoðanakönnun, sem gerð var á vegum Sameinuðu þjóðanna, telja 57 prósent grískra eyjarskeggja og 70 prósent tyrkneskra eyjarskeggja litlar líkur á samkomulagi í náinni framtíð.**

**Eyjan hefur verið tvískipt frá árinu 1974 þegar tyrkneski herinn réðst þangað inn eftir að Kýpur-Grikkir gerðu tilraun til valdaráns og hugðust sameina eyjuna Grikklandi.** - gb

Hættuleg líkamsárás:

## Slasaði mann með bjórglasi

**DÓMSMÁL** Karlmaður hefur verið dæmdur í fimm mánaða fangelsi fyrir að stórslasa annan með bjórglasi. Dómurinn er skilorðsbundinn til þriggja ára.

Atvikið átti sér stað á Reyðarfirði á síðasta ári. Maðurinn kastaði bjórglasi í andlit annars manns með þeim afleiðingum að sá síðarnefndi hlaut langan skurð sem náði frá nefi og niður á kinn.

Fórnarlambið krafðist skaðabóta að fjárhæð 574 þúsund krónur. Niðurstaða dómsins var sú, að manninum bæru 260 þúsund krónur. Að auki var árásarmanninum gert að greiða sakarkostnað. -jss

## LEIÐRÉTTING

Ranglega var hermt í frétt blaðsins í gær að Silja Aðalsteinsdóttir hefði hlotið Íslensku þýðingarverðlaunin þrisvar. Hið rétta er að verðlaunin hafa verið veitt þrisvar og Silja hlaut þau í fyrsta sinn á mánudag.

# Tekinn með tæplega 700 skammta af LSD

**Sérsveit ríkislögreglustjóra handtók á fimmtudag karlmann á þrítugsaldri með tæplega 700 skammta af LSD í fórum sínum. Auk þess fannst amfetamín í söluumbúðum á manninum. Rúmlega tíu sinnum meira magn en tekið var í fyrra.**

**LÖGREGLUMÁL** Íslenskur karlmaður á þrítugsaldri var handtekinn í Njarðvík með tæplega 700 neysluskammta af ofskynjunarlyfinu LSD í fórum sínum aðfaranótt sumardagsins fyrsta. Þá fundust einnig um tíu grömm af amfetamíni í söluumbúðum á manninum.

Starfsmenn sérsveitar ríkislögreglustjóra sem staðsettir eru á Suðurnesjum stöðvuðu bifreið sem maðurinn ók síðastliðinn fimmtudag og við leit í henni fundust áðurnefnd fíkniefni. Hann á sakaferil að baki.



**ÞÓRARINN TYRFINGSSON**

Málið er til rannsóknar hjá lögreglunni á Suðurnesjum sem lítur það mjög alvarlegum augum. Hún varðist að öðru leyti allra annarra frétta af rannsókn málsins.



**SÉRSVEIT AÐ STÖRFUM** Starfsmenn sérsveitar Ríkislögreglustjóra á Suðurnesjum handtóku manninn í Njarðvík. Skammtarnir sem maðurinn var tekinn með eru um tífalt fleiri en þeir skammtar sem hald var lagt á allt árið í fyrra. Myndin er úr safni.

Neysluskammtur af LSD kostar um 2.500 krónur á íslenskum vímuefnamarkaði samkvæmt verðkönnun sem SÁÁ gerði í lok síðasta árs. Í sömu könnun kostaði gramm af amfetamíni rúmlega 4.500 krónur. Miðað við það verðlag er söluverðmæti efnanna sem maðurinn var tekinn með um 1,8 milljónir króna.

Samkvæmt bráðabirgðatölum frá ríkislögreglustjóra lagði lögreglan og tollgæslan samanlagt hald á 68 stykki af LSD á árinu 2006 og því er magnið sem maðurinn var tekinn með um tífalt meira en allt það sem var tekið í fyrra. Samkvæmt upplýsingum frá ríkislögreglustjóra hefur verið lagt hald á 211 stykki af LSD á þessu ári utan þess sem maðurinn var tekinn með.

Þórarinn Tyrfingsson, yfirlæknir á Vogi, segist finna fyrir aukinni neyslu LSD hjá þeim sem leita sér hjálpar á sjúkrahúsinu. „Þessi neysla er brokkgeng. Hún jókst töluvert með tilkomu e-töflunnar um aldamótin síðustu en dróst verulega saman á síðustu tveimur til þremur árum. Svo finnst mér eins og það sé að bætast í hana núna. Þessi neysla er yfirleitt tímabundin og yfirleitt tilraunaneysla. Maður sér ekki marga LSD-ista. Til lengri tíma keppa þessi efni ekki við sterku vímuefnin."

thordur@frettabladid.is

### STYKKI AF LSD 2000 TIL 2007

**Fjöldi stykkja sem lögregla og tollgæsla hefur lagt hald á frá árinu 2000.**

| | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 | 2006 | 2007* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Haldlögð stykki af LSD | 15 | 40 | 0 | 1 | 2.032 | 4.346 | 68 | 911 |

*Samkvæmt bráðabirgðatölum frá ríkislögreglustjóra er búið að taka 211 stykki það sem af er þessu ári. Við það bætist það magn sem maðurinn var tekinn með í síðustu viku.



**Í ÍÞRÓTTAHÚSINU** Framsóknarmenn vilja fjölnotahús í fullri stærð.

Deilur í Grindavík:

## Heilt eða hálft íþróttahús?

**GRINDAVÍK** Fulltrúar Framsóknarflokks í bæjarstjórn Grindavíkur saka meirihluta Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar um óráð með því að ráðast í smíði „hálfs" íþróttahúss í bænum.

Framsóknarmenn vilja kanna hvað kosti að byggja fjölnota íþróttahús í fullri stærð. Óráð er að byggja „hálft hús" sem ekki má stækka án þess að fyrir liggi kostnaður á stærra húsi, segja framsóknarmenn. Meirihlutinn segir tillögu framsóknarmanna yfirboð. Kostnað við fjölnota íþróttahús í fullri stærð telur meirihlutinn 500 til 600 milljónir króna. - gar

Afgreiðslufólk varað við:

## Falsaðir peningar í umferð

**LÖGREGLUMÁL Lögreglan biður afgreiðslufólk verslana að vera vel á verði gagnvart fölsuðum peningaseðlum. Nokkur tilvik þar sem fölsuðum peningaseðlum hefur verið komið í umferð hafa verið tilkynnt til lögreglu að undanförnu.**

**Oftast er um að ræða seðla sem afgreiðslufólk tekur við en áttar sig svo á seinna að eru heimagerðir.**

**Lögregla beinir því til starfsfólks verslana að skoða vel pappír, vatnsmerki og segulrönd peningaseðla.** - þo

VINSTRIHREYFINGIN
grænt framboð
GRÆN FRAMTÍÐ
kynntu þér málið á
www.vg.is

## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**ENDALAUS HLÝINDI??**

Enn eru veðurhorfur næstu daga mildar og nú er milt svo langt sem spár sjá. Ef horft er inn í helgina er helst að sjá að vindar verði hægir af suðri með einhverri vætu sunnan og vestan til en björtu með köflum á Norðaustur- og Austurlandi. Má helst sjá að hitinn um helgina verði víðast 10-16 stig, hlýjast inn til landsins.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**

Suðaustan 5-10 m/s í fyrstu en svo hægari. Skýjað og hætt við smáskúrum. Hiti 7-9 stig að deginum.

*um hádegi »*



*» á morgun*




*» föstudagur*




*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 17°C hálfskýjað | London | 20°C skúrir | Alicante | 23°C hálfskýjað |
| Billund | 20°C hálfskýjað | París | 27°C heiðskírt | Mallorca | 21°C heiðskírt |
| Osló | 14°C skúrir | Frankfurt | 27°C léttskýjað | Eindhoven | 26°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 14°C skúrir | Friedrichshafen | 23°C hálfskýjað | Basel | 25°C hálfskýjað |
| Gautaborg | 13°C léttskýjað | Berlín | 24°C hálfskýjað | Las Palmas | 23°C heiðskírt |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.




HEKLA, Laugavegi 172-174, sími 590 5000, www.hekla.is, hekla@hekla.is

## KJÖRKASSINN



*Hefurðu grillað það sem af er sumri?*

| | |
|---|---|
| Já | 49% |
| Nei | 51% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Á að leggja hraðlest á milli Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar?*

Segðu skoðun þína á visir.is. vísir

Karlmaður á þrítugsaldri olli dauðaslysi með ölvunar- og hraðakstri:

# Dæmdur fyrir manndráp af gáleysi

**DÓMSMÁL** Pólskur karlmaður á þrítugsaldri var dæmdur í fjögurra mánaða fangelsi fyrir manndráp af gáleysi og umferðarlagabrot í Héraðsdómi Reykjaness í gær. Þrír mánuðir refsingarinnar eru skilorðsbundnir til tveggja ára.

Brotið sem maðurinn er dæmdur fyrir átti sér stað 11. nóvember síðastliðinn. Hann ók þá bifreið undir áhrifum áfengis og á of miklum hraða eftir Reykjanesbraut í Garðabæ, en skyggni var afar slæmt þetta kvöld vegna myrkurs og takmarkaðrar lýsingar.

Skammt frá verslun IKEA í Garðabæ skall bifreiðin á steinblokkum sem settar höfðu verið upp sem vegþrenging með þeim afleiðingum að hún kastaðist upp og valt, en umfangsmiklar vegaframkvæmdir stóðu yfir á þessum stað. Annar tveggja farþega bifreiðarinnar, 26 ára samlandi mannsins, klemmdist milli bílsins og götunnar og hlaut við það alvarlega áverka. Hann lést skömmu síðar.

Maðurinn játaði brot sitt fyrir dómnum. Hann á ekki að baki sakaferil. Auk fangelsisvistarinnar var hann sviptur ökuréttindum í þrjú ár og gert að greiða tæplega 700 þúsund krónur í sakakostnað.



**VETTVANGUR SLYSSINS** Bifreiðin sem maðurinn ók skall á steinblokkum og valt með þeim afleiðingum að farþegi klemmdist milli bílsins og götunnar. Hann lést skömmu síðar.

Dagur umhverfisins í dag:

# Loftslagsmál á Kjarvalsstöðum

**UMHVERFISMÁL** Hrein orka og loftslagsmál eru meginviðfangsefni Dags umhverfisins í ár, sem haldið er upp á í dag í níunda sinn.

Dagur umhverfisins er haldinn 25. apríl ár hvert á fæðingardegi náttúrufræðingsins Sveins Pálssonar, sem fæddist árið 1762.

Af því tilefni boðar umhverfisráðuneytið til samkomu á Kjarvalsstöðum klukkan tólf í dag. Þar mun Jónína Bjartmarz umhverfisráðherra flytja ávarp, veita viðtöku nýju fræðsluriti og opna umhverfisvefinn Náttúra.is. Þá verður Kuðungurinn veittur fyrirtæki sem stóð sig vel á sviði umhverfismála á liðnu ári. **- sh**


Mörkinni 6 Reykjavík S: 588 2061 www.bodeind.is sala@bodeind.is

BOÐEIND TÖLVUVERSLUN - ÞJÓNUSTA

Mörkinni 6 Reykjavík S: 588 2061 www.bodeind.is sala@bodeind.is

**Frábær fermingartilboð á www.bodeind.is**



**ASUS A6VM-A**
Öflug alhliða fartölva með leikjaskjákorti
Skjár: 15,4" WXGA Glare Type háskerpuskjár
Örgjöri: Pentium Mobile Single core 1.73GHz
Skjákort: nVidia Geforce Go 7300 256MB
Harður diskur: 100 GB
Vinnsluminni: 1GB DDR2
Geisladrif: Dual Layer 8x DVD skrifari/spilari
Stýrikerfi: Windows XP Professional
**Staðgreiðsluverð kr. 94.900,-**
Verð áður kr. 112.243,-

Frí fartölvutaska, USB laser mús og Norton Systemworks vírusvörn og eldveggur með öllum fartölvum frá Boðeind



**Asus A6JA**
Öflug alhliða fartölva með leikjaskjákorti
Skjár: 15,4" WXGA Glare Type háskerpuskjár
Örgjöri: Intel Pentium M Dual Core T2400
Skjákort: Radeon X1600 256MB DDR
Harður diskur: 100 GB
Vinnsluminni: 1GB DDR2
Geisladrif: Dual Layer 8x DVD skrifari/spilari
Stýrikerfi: Windows XP Professional
**Staðgreiðsluverð kr. 136.900,-**
Verð áður kr. 149.900,-

Frír 2GB USB minnislykill fylgir með A6JA og A6T á meðan birgðir endast



**Asus A6T**
Öflug alhliða fartölva með leikjaskjákorti
Skjár: 15.4" Glare type háskerpuskjár
Örgjöri: AMD TurionX2 Dual Core TL52 64 bita
Skjákort: Geforce 7600 256MB
Harður diskur: 100 GB
Vinnsluminni: 1GB DDR2
Geisladrif: Dual Layer 8x DVD skrifari/spilari
Stýrikerfi: Windows XP Professional
**Staðgreiðsluverð kr. 136.900,-**
Verð áður kr. 149.900,-

Innbyggð 1.3 MegaPixla vefmyndavél & hljóðnemi er í öllum fartölvum frá Boðeind



**Asus Vintage Vel hönnuð og hljóðlát tölva**
Örgjörvi: AMD 64 bita 3500+ - Socket AM2
Skjákort: nVidia GeForce 6
Vinnsluminni: 1 GB DDR2 PC667
Harður diskur: 250GB - SATA II - 16mb buffer
Netkort: 10/100/1000 Mbps
Geisladrif: 16x DVD brennari/spilari dual layer
Stýrikerfi: Windows Vista Home
Þráðlaust Logitech EX110 lyklaboð og mús
**Staðgreiðsluverð kr. 79.900,-**
Verð áður kr. 84.900,-



**Asus Pundit ótrúlega nett og hljóðlát tölva**
Örgjörvi: AMD 64 bita 3500+ - Socket AM2
Skjákort: nVidia GeForce 6 GPU
Vinnsluminni: 1 GB DDR2 PC667
Harður diskur: 250GB - SATA II - 16mb buffer
Netkort: 10/100/1000 Mbps
Geisladrif: 16x DVD brennari/spilari dual layer
Stýrikerfi: Windows Vista Home
Þráðlaust Logitech EX110 lyklaboð og mús
**Staðgreiðsluverð kr. 79.900,-**
Verð áður kr. 84.900,-

**Boðeind í 20 ár**
**Þar sem verð og gæði fara saman**
Boðeind býður upp á viðurkennda verkstæðisþjónustu




**ORION TIL ÍSLANDS?** Norska dagblaðið Aftenposten telur að norskar herflugvélar eins og til dæmis þessi Orion-vél verði staðsettar á Íslandi.

# Samningar gerðir um varnarsamstarf

**Norskar herþotur verða á Keflavíkurflugvelli en Danir aðstoða við landhelgisgæslu. Norðmenn sækjast eftir rými til heræfinga og að auka vægi sitt innan NATO. Steingrímur J. Sigfússon boðar bókun sína við viljayfirlýsingarnar.**

**ÖRYGGISMÁL** Jonas Gahr Støre, utanríkisráðherra Noregs, og Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra undirrita gagnkvæma viljayfirlýsingu um öryggis- og varnarmál þjóðanna á utanríkisráðherrafundi NATO í Ósló á morgun. Einnig stendur til að Valgerður og Jan Pettersen utanríkisráðherra Danmerkur undirriti yfirlýsingu vegna samstarfs um landhelgisgæslu.

Norðmenn munu taka að sér að gæta landamæra Íslands á friðartímum auk þess sem þjóðirnar tvær taka upp nánara samstarf en áður, til dæmis við kaup á björgunarþyrlum og við björgun á hafi.



**UNDIRRITA Á MORGUN** Íslenski og norski utanríkisráðherrann, Valgerður Sverrisdóttir og Jonas Gahr Støre, undirrita varnarsamning milli landanna á morgun.

Norska dagblaðið Aftenposten sagði frá samningnum í gær. Þar kemur fram að norskar herþotur verði sendar til Íslands og fljótlega verði það daglegt brauð að sjá norskar herþotur á flugvellinum í Keflavík og herskip við Ísland. „Einnig kemur til greina að Norðmenn taki þátt í hernaðaræfingum á íslensku svæði.“

Samstarfið muni einungis taka til friðartíma en NATO og Bandaríkjamenn beri eftir sem áður ábyrgð á vörnum Íslands.

Frá sjónarhóli Norðmanna er kosturinn við varnarsamning við Ísland ekki síst sá að í lofthelgi Íslands er nóg pláss til heræfinga, að því er John Berg, varnarmálasérfræðingur í Noregi, segir.

„Í Evrópu er svo þéttbýlt að erfitt er að finna nægilegt rými til að stunda þar heræfingar, en Keflavík hentar mjög vel til að vera miðstöð fyrir slíkar æfingar. Við í Noregi erum auðvitað með góð æfingasvæði nú þegar út við eyjarnar og í Norður-Noregi, en ég held að Keflavík henti betur,“ sagði Berg þegar Fréttablaðið náði tali af honum í gær.

„Það er líka þannig að Noregur vill líta svo á að hann hafi mikilvægu hlutverki að gegna á norðurslóðum. Við viljum ekki láta stórveldunum einum eftir að athafna sig þar, sagði Berg.

Samstarfssamningarnir voru kynntir utanríkismálanefnd í gærmorgun og voru nefndarmenn beðnir að gæta þagmælsku um þá.

Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, boðaði bókun við samninginn og má af því ráða að hann sé honum mótfallinn að einhverju leyti. Steingrímur sagðist í gær bundinn trúnaði og gæti því ekki tjáð sig um málið.

Valgerður Sverrisdóttir sagði í útvarpsfréttum að Aftenposten legði of mikla áherslu á hernaðarþáttinn, samningurinn snerist ekki um hersetu Norðmanna. **- ghs, - gb, - kóþ**

Um 1.500 konur deyja árlega vegna fylgikvilla ólöglegra fóstureyðinga í Mexíkó:

# Kosið um fóstureyðingar í Mexíkó

**MEXÍKÓ, AP** Löggjafarþing Mexíkóborgar, höfuðborgar Mexíkó, greiddi í gær atkvæði um hvort lögleiða bæri fóstureyðingar á fyrstu tólf vikum meðgöngu. Skoðanakannanir sýna að meirihluti íbúa Mexíkóborgar styður frumvarpið og fyrirfram var búist við því að það yrði samþykkt.

Kaþólska kirkjan hefur harðlega mótmælt frumvarpinu og forseti Mexíkó, Felipe Calderon, hefur lýst sig andvígan því.

Í Mexíkó eru fóstureyðingar aðeins löglegar þegar um er að ræða nauðganir, verulega fæðingargalla eða ef líf móðurinnar er í hættu.




**RÉTTUR TIL AÐ ÁKVEÐA** Fylgjendur fóstureyðinga héldu uppi skiltum og hrópuðu ókvæðisorð.

Talið er að árlega fari um 200.000 konur í ólöglegar fóstureyðingar í Mexíkó út frá þeim fjölda kvenna sem leitar sér læknisaðstoðar á sjúkrahúsum vegna fylgikvilla slíkra fóstureyðinga að sögn Mörthu Micher, forstjóra Kvennastofnunar Mexíkóborgar. Micher segir um 1.500 konur deyja árlega vegna fylgikvilla ólöglegra fóstureyðinga sem samsvarar meira en fjórum konum á hverjum einasta degi.

Einungis tvö ríki í Suður-Ameríku, Kúba og Gvæjana, hafa lögleitt fóstureyðingar fyrir allar konur. Flest ríki leyfa fóstureyðingar aðeins ef um nauðgun er að ræða eða ef að heilsa móðurinnar sé í hættu. Fóstureyðingar eru alfarið bannaðar í Níkaragva, El Salvador og Chile. **- sdg**


Tónvís ber ávöxt
beggja vegna Atlantshafs
Tónvís, fjárfestingarsjóður FL Group, fjárfestir í metnaðarfullum útrásarverkefnum íslenskra tónlistarmanna. Velgengni Garðars Thórs Cortes í Bretlandi og Barða Jóhannssonar í Bandaríkjunum gefur góð fyrirheit um ávinning af starfi Tónvís.
Cortes er mest seldi klassíski diskurinn í Bretlandi og jafnframt í 27. sæti á heildarsölulistanum TOP 40.
Nýútkominn diskur Barða / Bang Gang, Something Wrong, hlýtur afburðadóma í bandarískum fjölmiðlum og hefur fengið mikla spilun hjá háskólaútvarpsstöðvum, sem eru einn mikilvægasti miðillinn fyrir nýja dægurtónlist.
FL Group hlakkar til áframhaldandi samstarfs við Garðar Thór og Barða og óskar þeim til hamingju með framúrskarandi árangur.
TONVIS
FL GROUP

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hvað var Boris Jeltsín, fyrrverandi Rússlandsforseti, gamall þegar hann lést?*
2. *Hver er forsætisráðherra Ísraels?*
3. *Hvaða tvö fyrirtæki hafa samið um orkusölu til fyrirhugaðs álvers í Helguvík?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 38.

Abdullah Gul verður forsetaefni stjórnarflokksins í Tyrklandi:

# Segist virða veraldlega hefð

**TYRKLAND, AP** Abdullah Gul, utanríkisráðherra Tyrklands, verður að öllum líkindum næsti forseti landsins. Í gær skýrði Recep Tayyip Erdogan forsætisráðherra frá því að Gul yrði forsetaefni stjórnarflokksins, sem hefur lagt áherslu á að efla veg íslamstrúar í landinu.

„Enginn vafi leikur á því að endanleg ákvörðun liggur hjá þinginu," sagði Erdogan, en þar sem stjórnarflokkur hans er með öruggan meirihluta á þjóðþingi landsins þykir nokkuð ljóst að Gul verður fyrir valinu.

Sjö ára kjörtímabil núverandi forseta, Ahmet Necdet Sezer, rennur út 16. maí næstkomandi. Sezer hefur staðið vörð um hina veraldlegu stjórnskipan Tyrklands, þar sem trúmálum er haldið algerlega aðskildum frá stjórnmálum.



**ABDULLAH GUL** Ánægður með yfirlýsingu forsætisráðherra síns í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Gul sagðist í gær einnig ætla að virða hinar veraldlegu hefðir landsins, yrði hann kosinn forseti. Yfirmenn í hernum hafa sagst andvígir því að ráðamaður í hinum íslamska flokki Erdogans setjist á forsetastól, því hætta sé á að hann taki höndum saman við Erdogan um að rjúfa þessa gömlu hefð.

Fjölmennir mótmælafundir hafa einnig verið haldnir á síðustu vikum til að sýna fram á andstöðu almennings við að íslamstrú verði ráðandi afl í stjórnkerfi landsins. - gb

Níu mánaða fangelsi:

# Var með amfetamín í bílnum

**DÓMSMÁL** **Karlmaður í Reykjavík hefur verið dæmdur í níu mánaða fangelsi fyrir að hafa í bifreið sinni tæplega 43 grömm af amfetamíni. Efnin fann lögregla við leit í bifreið hans.**

**Maðurinn hefur frá 2002 hlotið fjórum sinnum dóma fyrir hegningarlagabrot. Með broti því sem hann var sakfelldur fyrir nú rauf hann skilorð dóms frá 30. desember 2004. Sá dómur var því tekinn upp og dæmdur með brotinu nú. Í ljósi þess að maðurinn játaði brot sitt skýlaust og hefur nú hefur tekið sig á og farið í meðferð þótti dómnum rétt að skilorðsbinda refsingu hans.** -jss


Hin merka hefð sem við eigum í jafnréttismálum sameiginlega með öðrum Norðurlöndum er auður sem við getum verið stolt af.

**Við eigum að byggja upp þekkingar- og rannsóknarsetur í norrænum jafnréttismálum hér á landi.**

Það ætti að vera eitt okkar helsta framlag á alþjóðavettvangi að deila þekkingu okkar á jafnréttismálum með öðrum þjóðum sem eru skemmra á veg komnar.



**Sigríður Þorgeirsdóttir** dr. í heimspeki

**ÞRIÐJA SÆTI RVK SUÐUR**

ÍSLANDSHREYFINGIN lifandi land

www.islandshreyfingin.is



AUGLÝSINGASÍMI

**550 5000**

FRÉTTABLAÐIÐ


Þjóðarsorg í Rússlandi og allt skemmtiefni bannað í útvarpi og sjónvarpi:

# Boris Jeltsín jarðaður í dag

**MOSKVA, AP** Þúsundir syrgjenda lögðu leið sína í dómkirkjuna í Moskvu í gær til að votta Boris Jeltsín, fyrrverandi forseta Rússlands, hinstu virðingu þar sem hann lá á líkbörunum.

Fyrrverandi forsetar Bandaríkjanna, George H. W. Bush og Bill Clinton, hafa boðað komu sína í jarðarför Jeltsíns sem haldin verður í dag. Frá Bretlandi kemur John Major, fyrrverandi forsætisráðherra. Flest ríki senda ekki æðstu leiðtoga heldur fulltrúa á borð við fyrrverandi þjóðarleiðtoga og utanríkisráðherra.

Mikhaíl Gorbatsjov, síðasti leiðtogi Sovétríkjanna, verður meðal gesta í jarðarförinni. Einnig verður þar Lech Walesa, fyrrverandi Póllandsforseti og friðarverðlaunahafi.

Forseti Rússlands, Vladimir Pútín, hefur lýst yfir þjóðarsorg í landinu í dag og bannað að skemmtiefni verði flutt í útvarpi og sjónvarpi. - sdg



**Í DÓMKIRKJUNNI Í MOSKVU** Boris Jeltsín lést á mánudag úr hjartaáfalli 76 ára að aldri. NORDICPHOTOS/AFP


# ÁRSFUNDUR

## ALMENNA LÍFEYRISSJÓÐSINS ÁRIÐ 2007

**Ársfundur Almenna lífeyrissjóðsins árið 2007 verður haldinn fimmtudaginn 26. apríl 2007 á Grand Hótel Reykjavík kl. 17.15.**

DAGSKRÁ

1. Skýrsla stjórnar.
2. Ársreikningur 2006 og tryggingafræðileg athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs.
3. Kynning á fjárfestingarstefnu Almenna lífeyrissjóðsins.
4. Tillögur um breytingar á samþykktum.
5. Kosning stjórnar.
6. Kosning endurskoðenda eða endurskoðunarfélags.
7. Ákvörðun um laun stjórnar.
8. Önnur mál.

Nánari upplýsingar og tillögur um breytingar á samþykktum eru á heimasíðu sjóðsins, www.almenni.is.

*Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta.*
*Stjórn Almenna lífeyrissjóðsins.*

ALMENNI LÍFEYRISSJÓÐURINN

www.almenni.is




**ÞINGAHVERFI Á VATNSENDA**

Hjón vilja bætur vegna tafa:

# Ómetanlegt tilfinningatjón

**KÓPAVOGUR** Hjón sem fengu úthlutað einbýlishúsalóð við Fróðaþing í Kópavogi krefjast skaðabóta úr bæjarsjóði vegna tafa sem þau segja hafa orðið á framkvæmdum. Hjónin segja níu mánaða tafir hafa orðið vegna þess að ekki hafi verið staðið eðlilega að grenndarkynningu í fyrrasumar. Stöðvun framkvæmda í framhaldi af því hafi sett allt skipulag úr skorðum. „Við höfum nú þegar lagt mikinn pening í lóðina. Það fjármagn liggur nú bundið án ávöxtunar þar sem við höfum ekki getað haldið áfram," segir í bréfi hjónanna til Kópavogsbæjar. Þau segjast „íhuga málsókn af fullri alvöru" semjist ekki um bætur. - gar

**NORÐURLANDARÁÐ**

### Breytt nefnd frá Íslandi

Eftir næstu alþingiskosningar verða miklar breytingar á sjö manna sendinefnd Íslands í Norðurlandaráði þar sem þrír þingmenn sem eru í nefndinni gefa ekki kosta á sér áfram til setu á Alþingi. Þetta eru Sigríður Anna Þórðardóttir og Jón Kristjánsson, sem gegna stöðu formanns og varaformanns sendinefndarinnar, auk Rannveigar Guðmundsdóttur.

# VERÐUR ÞÚ GJALDÞROTA?

## Mikil verðbólga og verðtrygging lána rústar fjárhag skuldugra fjölskyldna, einkum ungs fólks. Þannig getur lífið orðið óbærilegt.

**AFNÁM VERÐTRYGGINGAR ER KOSNINGAMÁL**

## Afnám verðtryggingar lána er nauðsynlegt fyrir heimilin í landinu.


Guðjón A. Kristjánson
Norðvesturkjördæmi


Sigurjón Þórðarson
Norðausturkjördæmi


Grétar Mar Jónsson
Suðurlandskjördæmi


Kolbrún Stefánsdóttir
Suðvesturkjördæmi


Jón Magnússon
Reykjavík-Suður


Magnús Þór Hafsteinsson
Reykjavík-Norður

**Frjálslyndi flokkurinn vill afnema verðtryggingu, verðtrygging viðheldur verðbólgu.**

Þeir Íslendingar sem fengið hafa lán til húsakaupa kannast örugglega við það að á greiðsluseðlinum kemur nær alltaf fram að höfuðstóll lánsins, með verðbótum, hafi hækkað, þrátt fyrir stöðugar afborganir. Þessu veldur verðtryggingin.

Nauðsynlegt er að viðskiptabankarnir bjóði okkur Íslendingum sambærileg lán og bjóðast erlendis, þar sem engin verðtrygging þekkist.

## Við borgum og borgum, en alltaf hækka lánin!

*Kjóstu F!*
*forysta fyrir íslenska þjóð*

XF
Frjálslyndi flokkurinn

www.xf.is




EUROVISION-UPPHITUN SPRON

Taktu þátt í leik á spron.is fyrir 1. maí og þú gætir unnið ferð fyrir tvo til Helsinki og verið með í fylgdarliði Eiríks.

**Fylgstu með á spron.is**

spron

Lagadeild Háskólans í Reykjavík

DREIFING KVIKMYNDA OG TÓNLISTAR Á NETINU
Istorrent, SMÁÍS og höfundaréttur

**Í tilefni af alþjóðahugverkadeginum sem haldinn er 26. apríl ár hvert hefur lagadeild HR ákveðið að boða til málfundar fimmtudaginn 26. apríl nk. kl. 12:00 - 13:00 í Háskólanum í Reykjavík, Ofanleiti 2 - stofu 101. Að þessu sinni verður umræðuefnið skráarskiptakerfi og álitaefnið hvort dreifing tónlistar og kvikmynda sem þar fer fram samrýmist höfundarétti.**

Formælendur:



**Svavar Kjarrval,** framkvæmdastjóri Istorrent, sem er væntanlega vinsælasta jafningjanetið á Íslandi í dag

**Snæbjörn Steingrímsson,** framkvæmdastjóri SMÁÍS, samtaka rétthafa myndefnis á Íslandi



Að loknum framsöguerindum verða almennar umræður þar sem fundarmönnum gefst kostur á að beina spurningum til þátttakenda í pallborði. Í pallborði verða formælendur ásamt fulltrúa frá Netfrelsi og Jóni Vilberg Guðjónssyni, LLM, lögfræðingi hjá menntamálaráðuneytinu og stundakennara í HR.



Fundarstjóri: **Rán Tryggvadóttir,** M.Phil. dósent við lagadeild HR.

Aðgangur ókeypis.

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

LÉTT BYLGJAN 967

Húsaleiga ehf. segir umfjöllun Íslands í dag um félagið ærumeiðandi rógburð:

# Ætlar í mál við Ísland í dag

**DÓMSMÁL** Stefán Kjærnested, forsvarsmaður Húsaleigu ehf., sendi í gær frá sér tilkynningu um að félagið hefði falið lögmönnum sínum að höfða mál á hendur dægurþættinum Íslandi í dag vegna meiðyrða.

Tilefnið er umfjöllun þáttarins á mánudaginn um aðbúnað erlendra verkamanna hér á landi. Í tilkynningunni segir að forsvarsmenn félagsins hafi ítrekað reynt að koma á framfæri ábendingum við Ísland í dag vegna málsins, en talað fyrir tómum eyrum.

Í áskorun sem lögmaður félagsins sendi Steingrími Sævari Ólafssyni, ritstjóra Íslands í dag, er skorað á þáttinn að hætta við áframhaldandi umfjöllun um Húsaleigu ehf. og forsvarsmenn þess til að baka sér ekki auknar refsi- og skaðabótakröfur í fyrirhuguðu dómsmáli.



**STEINGRÍMUR SÆVARR ÓLAFSSON** Ritstjóri Íslands í dag segir það alrangt að forsvarsmönnum Húsaleigu ehf. hafi ekki gefist kostur á að koma athugasemdum á framfæri í þættinum. Hann ætlar að halda áfram með málið.

Steingrímur Sævarr segir það alrangt að forsvarsmönnum Húsaleigu ehf. hafi ekki gefist kostur á að koma athugasemdum sínum á framfæri í þættinum. „Þátturinn hefur staðið Stefáni opinn og stendur honum opinn. Við höfum ítrekað reynt að fá hann til að tjá sig um þessi mál í þættinum en hann hefur alltaf hafnað því. Þess vegna kom þessi yfirlýsing okkur mjög á óvart. En að sjálfsögðu stöndum við við allt það sem við höfum verið að segja og höldum áfram með málið.“

- þsj



**STARFSMENN Í GÖNGUM Á KÁRAHNJÚKUM** Talið er að snefilefni úr fjölmörgum dísilvélum í göngunum séu meginorsök loftmengunarinnar, sem fjöldi starfsmanna hefur orðið fyrir barðinu á undanfarið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Öryggi ógnað og vinna stöðvuð

**Vinnueftirlitið stöðvaði vinnu í aðrennslisgöngum Kárahnjúkavirkjunar vegna mengunarhættu. Átta leituðu til læknis í síðustu viku vegna andþyngsla. Fjörutíu veiktust fyrir helgi vegna eitrunar. Óvíst er hvenær vinna hefst að nýju.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Vinnueftirlit ríkisins stöðvaði í gær vinnu í aðrennslisgöngum Kárahnjúkavirkjunar sökum loftmengunar. Ekki verður unnt að hefja vinnu á ný fyrr en í fyrsta lagi á föstudag þegar starfsmenn frá Vinnueftirlitinu hafa rannsakað aðstæður.

Fram kom í samtali Þorsteins Njálssonar, læknis á Kárahnjúkum, við Fréttablaðið í gær að tvívegis í síðustu viku hefðu menn komið úr göngunum með veruleg eitrunareinkenni vegna loftmengunar, fjórir í hvort skipti. Þá veiktust fjörutíu starfsmenn verktakafyrirtækisins Impregilo fyrir helgi og voru óvinnufærir vegna uppkasta og niðurgangs. Talið er að matareitrun sem rekja megi til óhreininda í göngunum hafi valdið veikindunum.

Þorvaldur Hjarðar hjá Vinnueftirlitinu á Austurlandi segir ekkert hafa komið í ljós enn. „Það var bara mat Vinnueftirlitsins að öryggi starfsfólks væri ógnað og því stöðvuðum við vinnuna. Læknum hér á svæðinu og á Egilsstöðum hafa borist kvartanir vegna sýkinga frá starfsmönnum sem hafa verið í göngunum og við ákváðum að taka enga áhættu. Á fimmtudaginn munu efnaverkfræðingur og fagstjóri frá Vinnueftirlitinu kom austur og skoða aðstæður og hvað þarf að gera. Síðan þarf verktakinn væntanlega að fara í eitthvað úrbótaferli.“

Hann telur snefilefni frá dísilknúnum vinnuvélum líklegustu orsök loftmengunarinnar, sem hefur valdið starfsmönnum andþyngslum og sviða í hálsi.

Ómar R. Valdimarsson, talsmaður Impregilo á Íslandi, segir ekki ljóst hvenær hægt verði að hefja vinnu aftur, eða hversu mikið tap verði af vinnustöðvuninni. „Það hefur ekki verið reiknað enda er það algjört aukaatriði. Það skiptir okkur mestu máli að öllum líði vel í vinnunni.“ Ómar segir að það fari eftir umfangi lagfæringanna sem þarf að gera hvenær hægt verði að opna göngin á ný. Þegar sé byrjað að skoða hvar best sé að koma fyrir fleiri viftum til að hreinsa loftið.

Í yfirlýsingu sem Impregilo sendi frá sér í gær segist fyrirtækið harma veikindi starfsmanna sinna. Vandamálið sé nýtilkomið og að breyttar eðlisfræðilegar aðstæður valdi því að mengun geti farið yfir viðmiðunarmörk á afmörkuðum stöðum inni í göngunum.

stigur@frettabladid.is

Efnt verður til málþings um uppbyggingu húsanna sem brunnu í miðborginni:

# Borgin vill kaupa lóðirnar

**ELDSVOÐI** Borgaryfirvöld hafa ákveðið að efna til málþings um Kvosina og uppbyggingu þess svæðis sem eyðilagðist í brunanum í síðustu viku. Hugmyndin að málþinginu kom fram hjá félagi arkítekta en borgarstjóri hefur falið Jóni Kristni Snæhólm, aðstoðarmanni borgarstjóra, Svanhildi Konráðsdóttur, sviðstjóra menningar-og ferðamálasviðs og Kristínu A. Árnadóttur, skrifstofustjóra á skrifstofu borgarstjóra, að hafa umsjón með þinginu.

Jón Kristinn segir að á málþinginu geti borgarbúar viðrað skoðanir sínar varðandi uppbygginguna. „Þarna verða fluttir fyrirlestrar og að því loknu verða umræður þar sem fyrirspurnum verður svarað,“ segir Jón.

Það er vilji borgaryfirvalda að kaupa lóðirnar á Lækjargötu 2 og Austurstræti 22 og byggja húsin upp í upprunalegri mynd. Viðræður milli borgaryfirvalda og eigenda lóðanna eru að hefjast og óvíst er hve lengi þær munu standa.

Einar Jóhannes Ingason, einn eigenda skemmtistaðarins Pravda, vonast til þess að fá að hefja rekstur að nýju á sama stað. „Það er okkar vilji að vera hérna áfram. Það er erfitt að horfa upp á verðmæti sín brenna og sárt ef það á að taka af okkur reksturinn ofan á það,“ segir Einar en verði húsin byggð í upprunalegri mynd er ólíklegt að skemmtistaður á borð við Pravda fái þar inni.

- þo



**ÓVÍST UM UPPBYGGINGU** Margir vilja að húsin verði byggð í upprunalegri mynd meðan aðrir vilja að þarna rísi nýtískulegt háhýsi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

www.icelandexpress.is

# Útkall!

Sala hefst á hádegi
**í dag!**
Bókunartímabil: 25.–27. apríl
Ferðatímabil: 1.–31. maí

Berlín
Kaupmannahöfn
London
Ósló

**6.395 kr.**

Stokkhólmur
Gautaborg
Friedrichshafen
Frankfurt Hahn
París



## Bjóðum fjölda flugsæta á frábæru tilboðsverði, frá 6.395 kr., aðra leið með sköttum!

» Taktu forskot á sæluna og skelltu þér í sumarblíðuna í Evrópu með Iceland Express! **Á hádegi í dag** hefst sala fjölda flugsæta til Evrópu á frábæru tilboðsverði og er lægsta verð aðeins 6.395 kr., aðra leið með sköttum.

Um er að ræða valdar dagsetningar á tímabilinu **1. til 31. maí** og eru í boði flugsæti til flestra áfangastaða Iceland Express, fram og til baka. Bókunartíminn er **25.–27. apríl** og það er eins og alltaf: Sá sem fyrstur bókar, fær besta verðið.

**Smelltu þér inn á www.icelandexpress.is um leið og sala hefst og tryggðu þér ódýrt fargjald til Evrópu!**

Fiton / SÍA FI118659

» **BÖRN:**
**50%**
Börn, 11 ára og yngri í fylgd með fullorðnum, fá helmingsafslátt af verði fyrir skatta og gjöld.

Iceland Express, Grímsbæ, Efstalandi 26, sími 5 500 600

» www.icelandexpress.is

Iceland Express »



BAUGUR GROUP

STYRKTARSJÓÐUR BAUGS GROUP HF.

AUGLÝSIR EFTIR UMSÓKNUM UM STYRKI ÚR SJÓÐNUM.

Fjórða úthlutun



**Markmið sjóðsins er að styðja við bakið á menningar- og listalífi, auk þess að hlúa að mannréttinda- og líknarmálum.**
**Það verður m.a. gert með framlögum til stofnana, samtaka og félaga á Íslandi, sem hafa framangreind málefni sem aðaltilgang sinn.**

Áhugasamir aðilar sem uppfylla ofangreind skilyrði eru hvattir til að senda inn umsókn. Lengd umsóknar skal takmarkast við eina vélritaða síðu (A4).

Umsóknareyðublöð má finna á heimasíðu Baugs Group hf., www.baugurgroup.com.

Umsóknum skal skilað fyrir 11.maí á styrktarsjodur@baugurgroup.com

Einnig má skila umsóknum til:
Styrktarsjóðs Baugs Group hf.,
Túngötu 6, 101 Reykjavík

Úthlutun fer fram í júní.

Formaður stjórnar sjóðsins er Jóhannes Jónsson en aðrir stjórnarmenn eru Hreinn Loftsson og Ingibjörg S. Pálmadóttir.
Ritari stjórnar sjóðsins er Soffía Lárusdóttir.

hzeta ehf





MBA

Frumkvæði, færni, forysta

Kynningarfundur um MBA-nám í Háskóla Íslands **miðvikudaginn 25. apríl kl. 12.15-13.45** í Námunni, húsi Endurmenntunar HÍ, Dunhaga 7, 107 Reykjavík.

Að hefja MBA-nám er stór ákvörðun. Sá sem lýkur MBA-námi er með nýjar forsendur til að takast á við breytingar og láta áform um starfsframa rætast. Lykillinn að árangrinum felst frumkvæðinu, færninni og forystunni sem einstaklingurinn er fær um að veita að loknu náminu.

Einkunnarorð MBA-námsins í Háskóla Íslands eru frumkvæði, færni, forysta. Á kynningarfundinum munu nokkrir af kennurum námsins gefa innsýn í MBA-námið og þá færni sem nemendur munu fá í náminu. Einnig munu MBA-nemi og útskrifaðir viðskiptafræðingar MBA svara fyrirspurnum frá fundargestum.

Næsti hópur mun hefja nám haustið 2007. **Umsóknarfrestur er til 2. maí 2007.**

**Eftirtalin munu gefa innsýn í MBA námið:**


Árelía


Gylfi


Ingjaldur


Kristján


Þórhallur


Runólfur

**Árelía Eydís Guðmundsdóttir,** lektor: Stjórnun og forysta.
**Gylfi Dalmann Aðalsteinsson,** lektor: Mannauðsstjórnun.
**Ingjaldur Hannibalsson,** prófessor: Rekstrarstjórnun og alþjóðaviðskipti.
**Kristján Jóhannsson,** lektor: Fjármál fyrirtækja.
**Þórhallur Guðlaugsson,** dósent: Markaðsrannsóknir.
**Runólfur Smári Steinþórsson,** prófessor, er fundarstjóri.

Allir velkomnir,
Léttur hádegisverður verður á boðstólnum.

www.mba.is

V

Viðskipta- og hagfræðideild
Háskóla Íslands

H2 hönnun


Áætlun um sjálfstjórn Kosovo:

# Rússar hóta neitunarvaldi

**RÚSSLAND, AP** Rússar hóta því að beita neitunarvaldi í Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna gegn áætlun um að Kosovo-hérað, sem tilheyrir Serbíu, fái sjálfstjórn undir eftirliti að því er fram kom í rússneskum dagblöðum í gær.

Haft var eftir aðstoðarutanríkisráðherra Rússlands, Vladimir Titov, að áætlunin færi ekki í gegnum ráðið án stuðnings bæði Kosovo og Serbíu. Titov sagðist trúa því að með því að hóta beitingu neitunarvalds hvetti það báðar hliðar til að komast að ásættanlegri niðurstöðu.

Búist er við því að kosið verði um áætlunina í maí eða júní. - sdg



**ÖRYGGISRÁÐ SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA** Evrópusambandið og Bandaríkin hafa lýst yfir stuðningi við áætlun um sjálfstæði Kosovo. NORDICPHOTOS/AFP



**EVRÓPUÞINGIÐ** Þingmennirnir 785 eru sífellt á faraldsfæti ásamt fjölmennu fylgdarliði sínu milli Brussel og Strassborgar, þar sem þessi mynd er tekin. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Ferðasirkus ESB rándýr

**Mánaðarleg ferðalög þingmanna Evrópusambandsins og fylgdarliðs þeirra milli Brussel og Strassborgar hafa lengi sætt gagnrýni. Takmarkaður vilji er þó fyrir því að hafa þinghaldið á einum stað.**

**STRASSBORG, AP** Einu sinni í mánuði flytur Evrópuþingið sig í heilu lagi frá Brussel til Strassborgar þar sem þing er haldið í fjóra daga. Viku síðar er svo allt báknið flutt aftur til baka til Brussel.

Þrjú þúsund manns, bæði þingmenn, aðstoðarmenn þeirra, fréttamenn og fulltrúar hagsmunaaðila, leggja á sig 450 kílómetra langt ferðalag, ýmist akandi, fljúgandi eða í járnbrautarlestum, og leggja undir sig öll hótelherbergi í þessari fögru 270 þúsund manna borg í sveitasælunni austast í Frakklandi.

> Fyrr eða síðar verður að gera eitthvað í sambandi við þessi ferðalög.
>
> **GUILLAUME DURAND**
> SÉRFRÆÐINGUR

Sex vöruflutningabifreiðar eru jafnframt sendar af stað með fjögur þúsund málmkassa fulla af þingskjölum þessa sömu leið, því ekki geta þingmennirnir og fylgifiskar þeirra unnið verk sín án pappírsflóðsins. Fleiri flutningabifreiðar koma síðan frá Lúxemborg þar sem aðalskrifstofa Evrópuþingsins er staðsett.

Þessir mánaðarlegu flutningar hafa verið harðlega gagnrýndir úr öllum áttum. Kostnaðurinn þykir óheyrilega mikill og óhagræðið enn meira, auk þess sem farartækin spúa verulegu magni gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið. Jafnvel eindregnustu málsvarar Evrópusambandsins tala um þetta sem „ferðasirkus“ og andstæðingar Evrópusambandsins nota tækifærið óspart til að skjóta föstum skotum á óvininn.

„Fyrr eða síðar verður að gera eitthvað í sambandi við þessi ferðalög,“ segir Guillaume Durand, sérfræðingur hjá hugmyndaveitunni European Policy Center í Brussel. „Þetta er dýrt og dregur til langs tíma litið úr trúverðugleika þingsins.“

Ástæðan fyrir þessu fyrirkomulagi er sú að Frakkar krefjast þess að ein af stofnunum Evrópusambandsins sé staðsett í Frakklandi, og fengu því framgengt að ákvæði um það eru í stofnsáttmálum Evrópusambandsins. Þessu verður því ekki breytt nema með nýjum stofnsáttmála, og í samningum um það hafa Frakkar eins og önnur aðildarríki neitunarvald.

Meira en milljón manns hefur undirritað áskorun um að þingið verði til húsa á einum stað í stað þriggja eins og nú er. Sú áskorun hefur engin viðbrögð fengið, þrátt fyrir að margir þingmenn vilji ólmir breyta þessu fyrirkomulagi.

„Umræðum um staðsetningu þingsins er sífellt sópað undir teppið,“ segir Monica Frassini, ítalskur þingmaður og annar tveggja leiðtoga Græningja á Evrópuþinginu.

gudsteinn@frettabladid.is

Stakk sjálfan sig í sífellu:

# Skar af sér lim á veitingastað

**BRETLAND** Lögreglumenn þurftu að beita táragasi á mann sem hafði skorið af sér liminn og stakk sjálfan sig í sífellu inni á veitingastað í London á sunnudagskvöldið.

Maðurinn, sem er á fertugsaldri, var fluttur með hraði á sjúkrahús en læknum tókst ekki að græða liminn aftur á að því er BBC greinir frá.

Að sögn talskonu veitingastaðarins hljóp maðurinn inn í eldhús staðarins og greip eldhúshníf sem hann notaði til að skera liminn af auk þess sem hann skar sig á úlnliðina. Því næst hljóp hann fram í sal þar sem hann hélt áfram að stinga sjálfan sig. - sdg



AUSTURVEGUR Á SELFOSSI

Sjálfstæðimenn í Árborg:

# Segja lýðræðið fótum troðið

**SKIPULAGSMÁL** Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í skipulagsnefnd Árborgar segja að „verulega sé verið að traðka á íbúalýðræði“ með því að deiliskipuleggja ekki svokallaðan mjólkurbúsreit í heild sinni. Meirihluti skipulagsnefndar samþykkti að auglýsa aðeins breytt skipulag fyrir Austurveg 51-59 á Selfossi. Er það rétt við þjónustuíbúðir aldraðra í Grænumörk.

Tillaga minnihluta sjálfstæðismanna um að deiliskipuleggja hverfið í heild var felld. „Óljóst er hvaða hagsmunir ráða för í þessu máli, ljóst er hins vegar að ekki er verið að gæta hagsmuna íbúa hverfisins,“ sögðu sjálfstæðismenn. - gar

## VIÐSKIPTI

### Selur FlyNordic

Finnsk-íslenska flugfélagið Finnair selur lágfargjaldaflugfélagið FlyNordic til norska flugfélagsins Norwegian Air Shuttle. Finnair fær hlutabréf í Norwegian Air Shuttle og mun félagið eiga yfir fimm prósent í norska félaginu eftir kaupin.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Bíl stolið á Suðurnesjum

Bíl var stolið við fyrirtæki í Reykjanesbæ aðfaranótt þriðjudags. Tilkynnt var um þjófnaðinn til lögreglu morguninn eftir og síðar í gær stöðvaði lögreglan á Selfossi bílinn í akstri. Honum hafði þá verið ekið austur fyrir fjall.





**VORFIÐRINGSTILBOÐ** – Í PUNKTUM EÐA PENINGUM

Sölutímabil 22.–25. apríl.

+ Nánari upplýsingar og bókanir á www.icelandair.is

'07 70ÁR Á FLUGI | Vildarpunktar VISA | Ferðaávísun gildir

WWW.ICELANDAIR.IS

* Innifalið: Flug og flugvallarskattar.
** Innifalið: Flug. Sérstaklega verður að greiða flugvallarskatta, 9.360 kr. til London og 13.500 kr. til Boston eða Baltimore/Washington.
Sölutímabil: 22. til og með 25. apríl. Takmarkað sætaframboð. Lágmarksdvöl er aðfaranótt sunnudags. Enginn barnaafsláttur.

Samfylkingin

# Eyðum biðlistum!





**Við munum byggja 400 ný hjúkrunarrými fyrir aldraða á næstu 18 mánuðum**

**Jóhanna Sigurðardóttir**, 2. sæti í Reykjavíkurkjördæmi norður
**Gunnar Svavarsson**, 1. sæti í suðvesturkjördæmi

xS

## „ORÐRÉTT“

### *Slöpp kosningabarátta*

**„Ef fram fer sem horfir verður þessarar kosningabaráttu minnst sem einhverrar þeirrar minnst spennandi í manna minnum.“**

TRAUSTI HAFLIÐASON VILL LÍFLEGRI BARÁTTU OG EFAST UM AÐ FRAMBJÓÐENDUR ÁTTI SIG Á HVE SKAMMT ER TIL KOSNINGA.
Blaðið 24. apríl.

### *Minnihlutinn kúgaður*

**„Þannig virðast ungir háskólamenntaðir lögfræðingar halda að þingræðisstjórn sé það sama og að kúga alltaf minnihlutann – Það er vont mál.“**

VALGERÐUR BJARNADÓTTIR SPÁIR Í STJÓRNMÁLAUMRÆÐUNA
Fréttablaðið 24. apríl.

nær og fjær
# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** GUÐMUNDUR MAGNÚSSON, KR-INGUR OG ENSKUKENNARI

## *Staðfestum að við erum bestir í öllu*

„Það sem er náttúrlega helst að frétta er að KR er búið að stimpla sig inn sem stærsta körfuknattsleikslið á Íslandi,“ segir Guðmundur Þór Magnússon, meðlimur í meistaraflokksráði körfuknattleiksdeildar KR og enskukennari. „Á einni viku staðfestist að við erum besta liðið, með bestu stjórnina, bestu stuðningsmennina, besta heimasíðuna, besta kynninn og með langbestu umgjörðina sem sést hefur í þessari íþróttagrein hérlendis. Við erum bestir í öllu.“



Guðmundur segir spennandi tíma fram undan hjá KR-liðinu. „Við erum búnir að taka rúma viku í fagnaðarlætin, enda fullt tilefni til. Næst hjá stórveldinu er að ganga frá öllum lausum hnútum þannig að við getum tryggt okkur titilinn að nýju á næsta tímabili. Svo var herrakvöld KR síðastliðið föstudagskvöld og lokahóf KKÍ um næstu helgi. Þannig að það er bara áframhaldandi fögnuður.“ Guðmundur neitar því ekki að það geri lokahófið sætara að það sé haldið í hjarta Suðurnesjanna, samkomuhúsinu Stapanum í Njarðvík. „Það er ekki verra að ganga inn í Stapann með bikarinn og horfa á bikartóm borðin hjá Suðurnesjaliðunum.“

Guðmundur kennir ensku á unglingastigi í Réttarholtsskóla. Þar eru samræmd próf næst á dagskrá en svo ætlar hann að taka sér leyfi frá hversdagsamstri með spúsu sinni. „Fram undan eru samræmdu prófin hjá tíunda bekknum, sumarleyfi og svo heimsreisa með frúnni í haust.“ Þannig að það er mikið að gera hjá Guðmundi enskukennara.

## EINNOTA BLEYJUR
### FUNDNAR UPP Í SVÍÞJÓÐ

Svíanum Pauli Straum er eignaður heiðurinn af því að hafa búið til fyrstu einnota bleyjurnar árið 1942.



Með nýrri tækni á sjöunda áratugnum jókst rakadrægni einnota bleyja til muna og þær urðu vinsælar meðal þeirra sem höfðu efni á þeim. Smám saman hefur einnota bleyjan leyst gömlu taubleyjuna af hólmi, enda þykir hún þægilegri fyrir margar sakir.

## SJÓNARHÓLL
### STAÐGÖNGUMÆÐUR

## *Sjálfsagt að skoða mjög vel*

„Eftir því sem maður hefur lesið í erlendum blöðum eða heyrt í sjónvarpi þá fer þetta stundum vel en er stundum vandkvæðum háð,“ segir Herdís Storgaard, forstöðumaður Sjóvár-Forvarnahúss.



„Ef það ætti að skoða þetta hér þyrfti að læra af reynslunni frá öðrum löndum og skoða þetta vandlega út frá siðfræðilegum sjónarmiðum. Hitt er annað mál að ég hef mjög mikla samúð með því fólki sem er í þessari stöðu og ef það er hægt að hjálpa því með þessu móti þá er það hið allra besta mál. Mér finnst alveg sjálfsagt að skoða þetta mál en að því þarf sem sagt að standa mjög vel og athuga vel hvað hefur tekist vel annars staðar og hvað hefur farið miður og læra af því.“

**HERDÍS STORGAARD** Forstöðumaður Sjóvár-Forvarnahúss.








**SKYNSAMIR** Árni og Bjarni vilja báðir að Reykjavíkurflugvöllur verði um kjurt, breikka Suðurlandsveg, kanna möguleika á jarðgöngum til Eyja og bæta hag aldraðra. Þeim líst ekkert á evruna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Við erum skynsamir menn

**Unnendur þrætubókarlista fengu lítið fyrir sinn snúð þegar Árni Johnsen og Bjarni Harðarson, frambjóðendur Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins í Suðurkjördæmi, mættust í kappræðum á Litlu kaffistofunni í hádeginu í gær.**

Fundargestir fylltu nokkra tugi, „helmingunarfylgi Framsóknarflokksins,“ sagði einhver í gamni. Fyrir utan fréttakonu og gengilbeinu var tvískiptur matsalurinn eingöngu skipaður körlum, flestum á miðjum aldri.

Báðir eru frambjóðendurnir þekktir fyrir rökfestu, mælsku og á köflum róttækar skoðanir. Var því búist við mikilli orrahríð á milli frambjóðandanna. Þeir reyndust hins vegar bæði miklir aðdáendur hvors annars og sammála í öllum helstu atriðum, fyrir utan framtíð Garðyrkjuskóla ríkisins.

Ljóst var að fundargestir áttu von á meira fútti. „Af hverju sameinist þið ekki bara,“ kvartaði einn þeirra, eftir að hafa hlustað á lofræður beggja frambjóðenda um hinn, skreyttum kerskni í garð hvors annars. „Allir góðir hlutir gerast hægt,“ svaraði Árni. „Koma tímar, koma ráð.“

Frambjóðendurnir komu víða við og voru jafnan samstíga. Breikkun Suðurlandsvegar bar á góma og sagði Bjarni að þeir Árni myndu „sverjast í fóstbræðralag“ næði það hafa eitthvað fram að ganga á næsta kjörtímabili.



**GÓÐIR GESTIR** Húsfyllir var í Litlu kaffistofunni og brunnu á vörum fundargesta margar spurningar sem þeir létu dynja á Árna og Bjarna.

Um jarðgöng til Eyja sagði Bjarni að nauðsynlegt væri að kanna þann möguleika ofan í kjölinn. „Eins róttæk og sú hugmynd er tel ég nauðsynlegt að hún sé skoðuð til hlítar, því það er margt sem bendir til þess að hún sé til langs tíma litið langódýrasti kosturinn. En vegna þess að Árni Johnsen kemur með þessa tillögu þá virðist það hafa verið keppikefli hjá samgönguyfirvöldum og mörgum samflokksmönnum Árna að skjóta hana í kaf!“

Á köflum gengu Árni og Bjarni jafnvel fylktu liði þvert á eigin flokkslínur. „Við höfum leyfi til þess hér í Litlu kaffistofunni,“ sagði sjálfstæðismaðurinn. Báðir vilja þeir til dæmis Reykjavíkurflugvöll um kjurt í Vatnsmýrinni.

„Af hverju er byggingarland í Vatnsmýrinni dýrara en annað byggingarland?“ spurði Árni. „Bara af því einhver segir það? Gáfaða fólkið í Reykjavík vill flugvöllinn burt, svo það geti byggt kaffihús þar í staðinn, þar sem það getur hist og talað saman.“ Bjarni bætti við að sjálfur þekkti hann marga í Reykjavík og ekki væri flugvöllurinn fyrir þeim. „Hann er hins vegar fyrir grægðisvæðingunni. Það má eins ryðja burt gömlu húsunum í Þingholtunum,“ klykkti hann út með. „Þið eruð bara sammála um allt,“ sagði þá útvarpsmaður, sjálfsagt vonsvikinn yfir að ekki brutust út bitastæðari krytur milli frambjóðendanna. Árni Johnsen svaraði að bragði. „Við erum skynsamir menn.“ bergsteinn@frettabladid.is



**Í RISAEÐLUKJAFTI** Starfsmaður hreinsar tennurnar í stórri höggmynd af risaeðlu í borginni Potsdam í Þýskalandi. Er hún ein af 30 höggmyndum sem tilheyra sýningunni Risar úr forsögulegum tíma. NORDICPHOTOS/AFP

Yfirmaður CTTC, fjarskipta og samgöngustofnunar Kína á Íslandi:

# Íslenskar lausnir fyrir kínverskan vanda

Yang Hong Yi, yfirmaður fjarskipta- og samgöngustofnunar kínverska samskiptaráðuneytisins, CTTC, er staddur hér á landi til að kynna sér ýmsar íslenskar lausnir í málaflokkum stofnunar sinnar.

Yang segist spenntur fyrir því að kynna sér þá möguleika sem hér megi finna. Sérstaklega minnist hann á vetni og RFID-tækni, sem snýst um að nýjar örflögur komi í stað strikamerkinga, en CTTC vinnur nú þegar að þróun hennar í samstarfi við Verkfræðideild HÍ. „Þið standið framarlega á þessu sviði, en einnig viljum við kynna okkur háskólann hér betur og mögulegt samstarf við hann,“ segir Yang.

CTTC á í samstarfi við ráðgjafafyrirtækið Key West Technologies. Jóhann Pétur Malmquist, prófessor við Háskóla Íslands og samstarfsaðili Key West, segir að það sem veki áhuga Kínverja á íslenskum lausnum sé til dæmis smæð samfélagsins.

„Landið er lítið og fólkið menntað og vandamál sem snerta grunngerð samfélagsins hafa í mörgum tilfellum verið leyst vel af hendi. Þeir vilja kynna sér þetta og vita hvort ekki megi heimfæra okkar lausnir á kínverskar aðstæður,“ segir Jóhann.

Yang heimsótti forseta Íslands á dögunum og mun líta inn til ýmissa fyrirtækja. Þeirra á meðal eru Íslensk NýOrka, Ökuriti, GoPro og Neyðarlínan. Einnig heimsækir hann ýmsar stofnanir svo sem fjármála- og samgönguráðuneyti, Póst- og fjarskiptastofnun og Vegagerðina. - kóþ



**YANG HONG YI** Segist spenntur fyrir því að kynna sér þá möguleika sem hér er að finna, sérstaklega þá sem lúta að vetni.



**HJÓLREIÐAR** Eru heilsusamlegur, umhverfisvænn og hagkvæmur samgöngumáti.

Ísland á iði í maí:

## Á hjóli í vinnuna

Fyrirtækjakeppnin Hjólað í vinnuna fer fram 2. til 22. maí næstkomandi. Keppnin er hluti af hvatningarverkefni Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands, Ísland á iði. Markmiðið er að vekja athygli á hjólreiðum sem heilsusamlegum, umhverfisvænum og hagkvæmum samgöngumáta.

Þetta er í fjórða sinn sem keppnin fer fram hér á landi en á þeim tíma hefur þátttakan tífaldast. Í fyrra hjóluðu keppendur alls 230.543 kílómetra, sem eru rúmlega 172 hringir í kringum landið.

Skráning stendur yfir en keppninni verður hleypt af stokkunum í Húsdýra- og fjölskyldugarðinum 2. maí.



**ÚTSKRIFTARHÓPURINN** Sex þúsund vinnustundir undir umsjá læknis þarf til að útskrifast úr skóla SÁÁ.

Vímuefnaráðgjafar útskrifaðir:

## Hafa nú verndað starfsheiti

Tímamót urðu í sögu SÁÁ á dögunum þegar fjórtán ráðgjafar útskrifuðust úr Skóla SÁÁ fyrir heilbrigðisstarfsfólk. Sjö luku prófi í lyfjafræði vímuefna og fjórtán sem lokið höfðu lokaprófi í almennri ráðgjöf, en það er forsendan fyrir starfsréttindunum í áfengis- og vímuefnaráðgjöf.



**ARI MATTHÍASSON**

„Þetta eru fyrstu ráðgjafarnir á Íslandi sem ljúka námi samkvæmt nýrri reglugerð, sem sett var síðastliðinn vetur af heilbrigðisráðherra. Vímuefnaráðgjafar hafa nú fengið lögverndað starfsheiti og eru formlega orðnir hluti af heilbrigðisstéttinni.“

Að sögn Ara liggur heilmikil vinna að baki prófgráðunni. „Ráðgjafar þurfa að hafa lokið sex þúsund stundum í vinnu undir umsjá yfirlæknis hjá SÁÁ, þar sem þeir fá menntun í lyfjafræði og fleiru. Sumir þeirra sem útskrifuðust úr náminu eiga að baki langa starfsreynslu hjá SÁÁ, jafnvel tugi ára og nú fá þeir formlega viðurkenningu á því.“ - bs




## Svona erum við

> Hlufall kvenna af brautskráðum stúdentum á Íslandi




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

# baksvið

*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** ALÞJÓÐABANKINN

# *Hneyksli skekur Alþjóðabankann*



Hart er sótt að forstjóra Alþjóðabankans, Paul Wolfowitz, eftir að upp komst að hann hefði veitt ástkonu sinni sem starfar hjá bankanum starfs- og launahækkun eftir að hann tók við störfum. Búist er við því að stjórn bankans taki ákvörðun um framtíð Wolfowitz á fundi í vikunni.

**Hvað er Alþjóðabankinn?**
Stofnun Alþjóðabankans var undirbúin á ráðstefnu sem fram fór í Bretton Woods í New Hampshire 1944. Tilgangur ráðstefnunnar var að greiða fyrir efnahagslegri endurreisn og samvinnu ríkja að heimsstyrjöldinni lokinni. Settar voru á fót tvær alþjóðastofnanir – Alþjóðabankinn og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn. Hlutverk þeirrar fyrrnefndu var að stuðla að efnahagslegri uppbyggingu í Evrópu með lánveitingum til opinberra framkvæmda, en hlutverk þeirra síðarnefndu að tryggja stöðugleika gjaldeyriskerfis heimsins og tryggja þannig alþjóðaviðskipti, og þar með stuðla að efnahagslegum framförum í heiminum. Alþjóðabankinn og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn eru oft sameiginlega nefndir Bretton Woods stofnanirnar.
Í árslok 1945 skrifuðu 28 ríki, þar á meðal Ísland, undir stofnsáttmála Alþjóðabankans sem hóf formlega starfsemi árið eftir.

**Hverjir standa að Alþjóðabankanum?**
Alþjóðabankinn er nú hópur fimm stofnana sem hver um sig gegnir afmörkuðu hlutverki. Ríki eru hluthafar í stofnununum og standa 185 að stofnuninni Alþjóðabanki til enduruppbyggingar og framþróunar. 166 ríki eru hluthafar í Alþjóðaframfarastofnuninni, 179 í Alþjóðalánastofnuninni, 171 í Fjölþjóðlegu fjárfestingarábyrgðarstofnuninni og 143 í Alþjóðastofnunin um lausn fjárfestingardeilna.

Heimild: Utanríkisráðuneyti Íslands

## SPURT & SVARAÐ

**AFNÁM TEKJUTENGINGAR HJÁ BÓTAÞEGUM**

### *Bæta hag eldri borgara og öryrkja*



**GUNNAR PÁLL PÁLSSON**
Formaður VR

Ný rannsókn sem unnin var af Rannsóknarsetri verslunarinnar sýnir að það getur verið verulega ábatasamt fyrir ríkissjóð að afnema tekjutengingu ellilífeyrisþega og öryrkja og hvetja þá þannig til aukinnar þátttöku á vinnumarkaði, sérstaklega í verslun.

**Er meiri þörf fyrir vinnuafl í verslun en annars staðar?**
Verslun er sú atvinnugrein sem býður mikið upp á hlutastörf. Eldri borgarar eru kannski tilbúnir til að vinna nokkra daga í viku eða part úr degi og því gæti þetta hentað þeim. Meginástæðan fyrir því að við stóðum að þessari rannsókn er sú stefna að bæta hag eldri borgara og öryrkja og draga úr tekjutengingu.

**Eru verslunareigendur spenntir fyrir því að fá þetta fólk í vinnu?**
Þeir segjast vera það en svo verður tíminn einn að leiða í ljós hver þróunin verður. Það hefur verið gríðarleg vinnuaflsþörf en svo veit maður ekki hvort þessi hópur myndi hverfa ef slaknar á vinnumarkaði.

# Samráðsmálin enn fyrir dómi

**Lögmenn olíufélaganna héldu því fram fyrir dómi, enn einu sinni, að samráð olíufélaganna hefði ekki valdið neinu tjóni. Einnig drógu þeir úr því að samráðið hefði verið umfangsmikið og lýsti Gísli Baldur Garðarsson, lögmaður Olís, því yfir að tölvuskeytasendingar milli forsvarsmanna olíufélaganna hefðu verið „óvarlegar“.**



**LÖGMENN OLÍUFÉLAGANNA** Gísli Baldur Garðarsson, lögmaður Olís, Kristinn Hallgrímsson, lögmaður Kers, og Fanney Rós Þorsteinsdóttir, staðgengill Harðar F. Harðarsonar, lögmanns Skeljungs, sjást hér í dómsal á mánudag er tekist var á um hvort Sigrún Guðmundsdóttir dómari þyrfti að víkja sæti.

Kristinn Hallgrímsson, lögmaður Kers, og Gísli Baldur Garðarsson, lögmaður og stjórnarformaður Olís, héldu því báðir fram í Héraðsdómi Reykjavíkur á mánudag að samráð olíufélaganna hefði ekki valdið neinu tjóni. „Þetta er eins og um innbrot hafi verið að ræða, en engu stolið,“ sagði Kristinn meðal annars. Gísli Baldur tók undir þessa skoðun en sagði olíufélögin hafa verið með of samstilltar aðgerðir fyrir „einstaka útboð“ og forsvarsmenn þeirra hefðu skipst „óvarlega á tölvuskeytum“.

Lögmenn olíufélaganna krefjast þess að Sigrún Guðmundsdóttir héraðsdómari víki sæti í máli olíufélaganna gegn samkeppnisyfirvöldum og ríkinu þar sem þeir telja hana með orðum sínum í fyrri skaðabótamálum félaganna hafa gert sig vanhæfa. Sérstaklega í máli Sigurðar Hreinssonar gegn Keri en þar skilaði hún sératkvæði þar sem hún sagði samráðið óumdeilt og hafa verið til þess fallið að hækka verð á olíu.

### Eðli samráðs að valda tjóni

Óumdeilt samráð olíufélaganna stóð yfir, hið minnsta, frá 1993 til og með meirihluta ársins 2001. Þá gerðu samkeppnisyfirvöld húsleit í höfuðstöðvum félaganna. Rannsókn fór af stað sem að lokum leiddi til þess að olíufélögin voru sektuð um 1,5 milljarða.

Ekki er hægt að halda öðru fram, miðað þær upplýsingar sem eru fyrir hendi, þar með talda dóma sem fallið hafa og tæplega þúsund blaðsíðna skýrslu samkeppnisyfirvalda, að samráð olíufélaganna sé óumdeilt. Allt tal um annað er rangt og afbökun á sannleikanum. Olíufélögin hafa frá upphafsstigum málsins haldið því fram að samráð olíufélaganna hafi ekki valdið tjóni, á þeim forsendum séu sektir félaganna rangar og fari ekki saman við málsatvik. Þessu mati lögmannanna hafa dómarar í héraðsdómi, og lögmenn þeirra sem sótt hafa rétt sinn vegna samráðsins, verið algjörlega ósammála. „Er einhver að halda því fram í alvöru að samráð olíufélaganna hafi ekki valdið tjóni?“ sagði Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hæstaréttarlögmaður í upphafi málflutnings í máli Reykjavíkurborgar, sem hann sótti málið fyrir, gegn olíufélögunum. Í því tilfelli höfðu olíufélögin með sér samráð fyrir útboð á vegum borgarinnar haustið 1996. Skeljungur, sem borgin samdi við eftir útboðið, greiddi hinum olíufélögunum rúmar níu milljónir króna í bakgreiðslu á grundvelli samkomulags sem félögin gerðu með sér fyrir útboðið. Borginni og fyrirtækjum hennar voru að lokum dæmdar rúmar 72 milljónir króna, auk dráttarvaxta, í bætur vegna samráðsins fyrir útboðið.

„Samráð fyrirtækja á markaði er til þess fallið að valda tjóni. Það liggur í hlutarins eðli og ef svo væri ekki þá væri það ekki bannað,“ segir Guðmundur Sigurðsson, prófessor í skaðabótarétti við Háskólann í Reykjavík. „Menn geta deilt um fjárhagstjón út frá þeim upplýsingum sem liggja fyrir hverju sinni, en það er heldur ekki óeðlileg krafa að dómstólar snúi sönnunarbyrðinni við og geri þeim sem eiga þátt í samráði að sanna að tjón hefði ekki verið neitt, eða takmarkað.“

### Ósanngjörn fjölmiðlaumfjöllun?

Gísli Baldur og Kristinn minntust báðir á það í málflutningi sínum á mánudag að fjölmiðlar hefðu dregið upp „ranga og villandi“ mynd af samráðsmálinu. Gagnrýndu þeir öðru fremur vinnubrögð samkeppnisyfirvalda, sem hefðu „meira úrskurðarvald“ hér á landi heldur en þekktist í „hinum vestræna heimi“, og sögðu skýrslu þeirra vegna málsins til þess fallna að stýra fjölmiðlaumfjöllun í rangan farveg.

Í skýrslunni koma fram nokkur hundruð skjalfest dæmi um skýrar sannanir fyrir því að samráð hafi verið viðhaft. Þar á meðal eru tugir tölvuskeyta forstjóra olíufélaganna, sem þeir sendu sín á milli. Dæmi um þetta er tölvuskeyti Geirs Magnússonar, forstjóra Olíufélagsins, nú Kers, til Kristins Björnssonar þáverandi forstjóra Skeljungs í febrúar árið 2000. Þar segir: „Ég geri það að tillögu minni að við tökum aðeins fyrir uppgjörsmál á fundinum og frestum öðru. Óuppgert er: Grundartangi, SVR, Raufarhöfn og Kísiliðjan. Vinsamlegast eyðið þessari orðsendingu þegar þið hafið hafið lesið hana.“

Lögmenn olíufélaganna hafa gagnrýnt skýrsluna fyrir framsetninguna á þessum tölvuskeytum og segja hana villandi og kippa efnisatriðum úr samhengi. Umfjöllun fjölmiðla um samráðsmálið hefur verið mikil, öðru fremur vegna þess að sterkar vísbendingar eru uppi um að þolendur samráðsins, sem er með öllu fordæmalaust hér á landi, hafi verið almenningur í landinu enda olía nauðsynjavara.

Óðinn Jónsson, fréttastjóri hjá Ríkisútvarpinu, telur fjölmiðla hafa brugðist hárrétt við þegar málið kom upp og telur eftirfylgni málsins hafa verið til fyrirmyndar. „Umfjöllun fjölmiðla hefur að mínu mati endurspeglað áhuga almennings á málinu. Almenningi var misboðið þegar samráðið komst upp. Fjölmiðlar brugðust við því með því að fylgja málinu eftir af metnaði og festu, og gera það vitaskuld enn. Ég vísa því alfarið á bug að fjölmiðlar hafi kveðið upp einhverja dóma í málinu, eins og stundum hefur verið gefið í skyn. Það lýsir öðru fremur miklum misskilningi á störfum og eðli fjölmiðla.“

Þess er nú beðið að úrskurðað verði um hæfi Sigrúnar Guðmundsdóttur til þess að dæma í máli olíufélaganna gegn ríkinu og samkeppnisyfirvöldum.



FRÉTTASKÝRING
**MAGNÚS HALLDÓRSSON**
magnush@frettabladid.is

## UM OLÍUMÁLIÐ

* Máli ákæruvaldsins gegn forstjórum olíufélaganna á árunum 1993 til og með meirihluta árs 2001 hefur verið vísað frá dómi.
* Reykjavíkurborg fékk dæmdar um 78 milljónir króna í bætur vegna samráðs olíufélaganna fyrir útboð haustið 1996.
* Vestmannaeyjabær hefur þegar stefnt olíufélögunum vegna samráðs fyrir útboð á vegum bæjarins. Stefnan í málinu er ekki tilbúin enn, þar sem endurreikna þurfti kröfur í málinu.
* Sigurður Hreinsson, trésmiður frá Húsavík, fékk fimmtán þúsund krónur í skaðabætur frá Keri vegna samráðs olíufélaganna. Þess er beðið að málið verði tekið fyrir í Hæstarétti en nokkur hundruð einstaklingar og smærri fyrirtæki bíða niðurstöðu í málinu, með það í huga að fara í mál við olíufélögin.
* Mál olíufélaganna gegn íslenska ríkinu og samkeppnisyfirvöldum, þar sem krafist er ógildingar á 1,5 milljarða sekt vegna samráðsins, er nú fyrir dómstólum.


Nýjung í ræstingum
– þú nærð hærra með UniFlex afþurrkunarsetti




UniFlex afþurrkunarsett og tvær aukamoppur.

Henrietta Holz Jensen
sölumaður í útibúi RV í Danmörku

Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is



| | Fjárhæð | Vextir |
|---|---|---|
| 1. þrep | 0 – 1.999.999 | 12,50% |
| 2. þrep | 2.000.000 – 9.999.999 | 12,85% |
| 3. þrep | 10.000.000 – 29.999.999 | 13,30% |
| 4. þrep | 30.000.000 – 59.999.999 | 13,70% |
| 5. þrep | 60.000.000 + | 14,60% |

# Netreikningur **Sparisjóðsins**

**Nýr hávaxtareikningur í Heimabankanum – stighækkandi vextir eftir innstæðu**
Netreikningur Sparisjóðsins er óverðtryggður og óbundinn hávaxtareikningur. Þú stofnar Netreikning Sparisjóðsins á **www.spar.is**. Reikningurinn ber stighækkandi vexti, því hærri innstæða þeim mun hærri vextir skv. vaxtatöflunni* hér að ofan. Þú hefur aðgang að Netreikningnum allan sólarhringinn í gegnum Heimabanka Sparisjóðsins. Vextir eru færðir inn í árslok.

*vextirnir eru miðaðir við vaxtatöflu 21. 4. 2007

**Enginn binditími**
Binditími er enginn og þú getur tekið út hvenær sem þér hentar.

**Enginn kostnaður og engin úttektarþóknun**
Netreikningur er alltaf laus til útborgunar án úttektarþóknunar í Heimabanka Sparisjóðsins.

**Engin lágmarksinnborgun**
Ekki þarf að leggja inn tiltekna lágmarksfjárhæð til að fá háa vexti.

SPARISJÓÐURINN
– fyrir þig og þína

Fiton/SIA

FORMAÐUR VINSTRI HREYFINGARINNAR - GRÆNS FRAMBOÐS

# Komið að venjulegu fólki

**Steingrímur J. Sigfússon** segir nóg að gert fyrir hátekjufólk og gróðafyrirtæki, komið sé að því að bæta kjör annarra í samfélaginu. Í samtali við *Björn Þór Sigbjörnsson* segist hann ekki óttast slæm efnahagsleg áhrif stóriðjustopps og boðar úrsögn Íslands úr NATO.

KOSNINGAR 2007

**Þið í VG viljið slá á þenslu, stöðva erlenda skuldasöfnun, ná niður viðskiptahallanum, lækka vexti, draga úr verðbólgu og jafna gengissveiflur. Hvernig?**
Stærsti lykillinn að þessu er að stöðva stóriðju- og stórvirkjanaframkvæmdir og senda mjög skýr skilaboð um að tekið verði á jafnvægisleysinu í hagkerfinu. Ég tel að ákvörðunin sem slík og væntingaáhrifin sem henni tengjast muni hafa áhrif auk þess sem það er efnislega stór ákvörðun að hætta að dæla þessum fjárfestingum inn í hagkerfið. Með samstilltum og markvissum aðgerðum þurfa svo ríkisstjórn og Seðlabanki að vinna saman að því að ná þessu mjúklega niður. Þetta er vissulega vandasamt verk en í mínum huga er hinn kosturinn, að láta vaða á súðum áfram, alls ekki í boði.

**Hægist þá ekki á öllu atvinnulífi um leið?**
Nei. Það eru í fyrsta lagi miklar framkvæmdir í gangi og í pípunum bæði á vegum einkaaðila til dæmis í byggingariðnaði og á vegum hins opinbera. Það er mikil þörf fyrir fjárfestingar og endurnýjun í öðrum samkeppnis- og útflutningsgreinum þar sem menn hafa þurft að halda að sér höndum undanfarin ár vegna efnahagsástands sem stóriðjustefnan á þátt í að skapa.
Um leið og rými skapast í hagkerfinu verður ráðist í fjárfestingar í samgöngumálum, uppbyggingu velferðarþjónustunbyggingu hjúkrunarheimila, aðgerðir til að útrýma biðlistum og mæta þörf fyrir áherslur af því tagi.

**Þið hafið ýmislegt út á skattkerfið að setja. Hvaða breytingar viltu gera á því?**
Við teljum að heildarskatthlutfallið eigi að vera eins og það hefur verið undanfarin tvö til þrjú ár en við viljum sjá tilfærslur. Við boðum ekki frekari skattalækkanir, alla vega ekki til hátekjufólks en við áskiljum okkur rétt til tilfærslna og vonandi gefst svigrúm til að létta sköttum af lægstu launum með því að lyfta skattleysismörkunum. Æskilegt væri að ná þeim upp í það sem þau væru framreiknuð frá því að staðgreiðslukerfið var tekið upp, svona 125 til 135 þúsund krónur, en það yrði að gerast í áföngum. Þá leggjum við til 120 þúsund króna frítekjumark á fjármagnstekjur sem þýðir að allur þorri venjulegs fólks losnar við að greiða fjármagnstekjuskatt en fjórtán prósenta skattur leggst á tekjur umfram það. Þannig leggja stóru fjármagnstekjuhafarnir svolítið meira af mörkum.

**Yrði það ekki til þess að menn færu með peningana sína úr landi?**
Nei, við metum þetta hófsama nálgun og eftir sem áður yrði þetta einhver lægsta prósenta sem þekkist í fjármagnstekjuskattlagningu innan OECD. Það þarf því ekki að óttast fjárflótta úr landi. Hér þarf að vera samkeppnisfært skattaumhverfi, það hef ég alltaf sagt og það liggur í hlutarins eðli. En við eigum ekki að fara í eitthvað skattaundirboð og búa til skattasmugur. Þvert á móti á Ísland að taka sér stöðu með hinum Norðurlöndunum sem vinna að því að berjast gegn því sem kallað er skaðleg skattasamkeppni því slíkt grefur undan velferðarsamfélaginu og leiðir til ófarnaðar.

**Tannvernd barna frekar en skattalækkanir hátekjufólks.**

**Það fækkar víða á landsbyggðinni. Hvernig viljið þið renna styrkari stoðum undir atvinnulífið úti á landi?**
Meðal annars með því að breyta skilyrðunum til hins betra; að skapa jafnvægi í efnahagslífinu, eðlilegt vaxtastig og eðlilegt gengi á krónunni. Það getur enginn mælt á móti því að jafnvægisleysið sem við búum við hefur verið almennu atvinnulífi mjög óhagstætt, rétt eins og það hefur verið skuldsettum heimilum. Með því að ná tökum á þessu er strax mikið unnið.
Svo viljum við bæta umgjörðina og skilyrðin með bættum samgöngum, jafna flutningskostnað og við viljum að ríkið stuðli að því að strandsiglingar komist á.

**Ykkur finnst víða pottur brotinn í velferðarmálum. Hvað setjið þið á oddinn í heilbrigðiskerfinu?**
Við viljum öflugt opinbert heilbrigðiskerfi sem stendur öllum opið án íþyngjandi gjaldtöku eins og raunin er í dag. Við viljum komugjöldin burt og lækka hlutdeild sjúklinga í lyfjakostnaði. Við viljum líka að það sé eðlileg tannvernd og skólatannlækningar í landinu. Við höfnum því að það sé meira keppikefli að lækka skatta á hátekjufólki en tryggja tannheilsu ungu kynslóðarinnar.
Og svo dæmi sé tekið þarf að taka á þeim smánarbletti sem ófremdarástand í geðverndarmálum er. Þar þarf að eyða biðlistum. Við þurfum líka að fjárfesta í betri aðbúnaði og umönnun aldraðra. Það er af mörgu að taka en síðast en ekki síst þarf að bæta lífskjör þess hluta þjóðarinnar sem er háður almannatrygginga- og velferðarkerfinu um sína afkomu. Það er smánarblettur í okkar ríka þjóðfélagi að þriðjungur aldraðra búi við fátæktarmörk eða þar undir og að 5.000 börn séu að alast upp í fátækt.

**Allt kostar þetta peninga. Hvað mikla?**
Já, þetta kostar en það eru heilmikil verðmæti til í samfélaginu. Við höfum slegið á að velferðarpakki okkar; „bætum kjörin – burt með fátækt" kosti 10-12 milljarða króna brúttó að fullu kominn til framkvæmda, en það sparast útgjöld á móti og ríkið fær einnig tekjur, til dæmis með aukinni atvinnuþátttöku aldraðra og þar með skatttekjum samhliða frítekjumarki eða afnámi tekjutengdra skerðinga eftir 70 ára aldur.
Það er einfaldlega komið að hinum venjulega launamanni, það er komið að öldruðum og öryrkjum, það er komið að barnafjölskyldunum. Það er búið að gera mikið fyrir aðra, það er búið að lækka skatta á hátekjufólki, gróðafyrirtækjum, fjármagnseigendum og stóreignafólki og við teljum nóg að gert þar í bili. Nú er röðin komin að hinum venjulega manni.

**Eigum ýmsa orkukosti sem valda lítilli og engri röskun.**

**Náttúran er ykkur afar hugleikin. Má skilja ykkur sem svo að þið viljið hvorki hrófla við einu né neinu?**
Nei. Að sjálfsögðu nýtum við náttúruauðlindirnar og gæði landsins en við viljum gera það á forsendum sjálfbærrar þróunar sem þýðir á mannamáli að við göngum ekki á gæði náttúrunnar þannig að lífsgæði komandi kynslóða, og þar á meðal aðgangur að óspilltri náttúru, verði rýrð.
Það er ekki annað en ómerkilegur áróður og útúrsnúningur að segja að með því sé verið að hafna orkunýtingu og virkjunum um alla ævi. Ég er til dæmis áhugamaður um að við vinnum markvisst að sjálfbærri þróun í okkar orkubúskap; það er ákaflega spennandi framtíðarsýn að leysa af hólmi innflutt jarðefnaeldsneyti með innlendum vistvænum orkugjöfum.
Sem betur fer eigum við ýmsa virkjunarkosti sem valda lítilli og kannski engri umhverfisröskun. Við getum fullnýtt þau háhitasvæði sem þegar er búið að raska og enn eru til ágætir kostir í vatnsafli, til dæmis beinar rennslisvirkjanir.
Við getum vel sinnt orkuþörf almenns iðnaðar enda stærðargráðurnar allt aðrar en í stóriðjunni. En til þess þurfum við að gera algjört hlé og ákveða hvaða vatnsföll, vatnasvið og háhitasvæði við ætlum aldrei að hrófla við. Og þegar við erum búin að ákveða að friðlýsa Jökulsá á Fjöllum, Skjálfandafljót, jökulvötnin í Skagafirði, Langasjó, Skaftá og neðsta hluta Þjórsár og ákveða að aldrei verði farið í Brennisteinsfjöll, Kerlingafjöll, Landmannalaugar og Torfajökulssvæðið, Vonarskarð og svo framvegis þá getum við skoðað það sem eftir er og raðað þeim kostum upp.
Það er ekki hægt að búa til afturvirka eða framvirka þjóðarsátt eins og framsóknarmenn eru að bulla um þessa dagana. Við þurfum hreinar línur; já eða nei? Við segjum þvert nei.
Þegar við höfum baráttu fyrir stóriðjustoppi tóku fáir undir með okkur. Nú virðast tæp sextíu prósent þjóðarinnar vera sama sinnis. Og fleiri stjórnmálaflokkar hafa bæst í hópinn, reyndar misákveðnir í sinni afstöðu, sumir hálfvolgir en dragast að minnsta kosti eitthvað með okkur í því að rétt sé að gera hlé. Og nú meira að segja er Sjálfstæðisflokkurinn farinn að tala loðmullulega um að kannski sé rétt að hægja á. Hvaða hald ætli sé í því? Nei, við skulum hafa í þessu hreinar línur.

**Stuðningur Íslands við Íraksstríðið er kosningamál.**

**Víkjum að vörnum landsins. Eigum við, og þá hvernig, að sinna þeim?**
Við teljum að halda eigi uppi eðlilegri lög- og öryggisgæslu, gæta landhelginnar og sinna landamæraeftirliti og öðru slíku en við sjáum enga þörf fyrir hervarnir. Og ég veit ekki betur en að Íslendingum líði bara alveg bærilega eftir að herinn fór og þjóðin finni ekki til nokkurs öryggisleysis. Bullið um nauðsyn sýnilegra loftvarna er hlægilegt í því ljósi. Það má færa rök fyrir því að hér þurfi að vera sérsveit til að mæta einhverjum uppivöðsluseggjum en þar drögum við mörkin.

**Eigum við að segja okkur úr Atlantshafsbandalaginu?**
Já, við teljum það samrýmast best friðar- og vopnleysisarfleifð okkar að Ísland standi utan hernaðarbandalaga og ég vil að við tölum fyrir því að slík bandalög verði leyst upp. Þau eru arfur hernaðarhugsunarinnar – haukahugsunarinnar – og það gengur ekki beinlínis vel á þeim svæðum sem menn hafa nú síðast látið til sín taka með vopnavaldi samanber Írak og Afganistan. Og auðvitað verður að koma í veg fyrir að hneyksli eins og stuðningur Íslands við Íraksstríðið endurtaki sig. Það er eitt af því sem á að kjósa um í vor. Þá reikninga þarf að gera upp við stjórnarflokkana, flokka þeirra Davíðs og Halldórs.

**Snúum okkur að endingu að stjórnarskránni og þá sérstaklega málskotsrétti forseta. Finnst þér mikilvægt að halda í það ákvæði?**
Mér finnst að það þurfi að vera farvegir fyrir málskot til þjóðarinnar og þá má útfæra á ýmsa vegu, til dæmis að gera kjósendum kleift að kalla til sín mikilsverð mál ef svo ber undir. Slíkt þarf ekki að vera í mótsögn við að forsetinn hafi líka skilgreindan málskotsrétt.
Einnig má hugsa sér að tiltekinn minnihluti þjóðþingsins geti stuðlað að þjóðaratkvæðagreiðslu, annað hvort beint eða með atbeina forseta.
Ég batt vonir við að eitthvað kæmi út úr endurskoðun stjórnarskrárinnar um þetta en það varð nú endasleppt eins og allir vita. En það á ekki að gefast upp og komi hér ný og lýðræðislega sinnuð ríkisstjórn þá á hún að sjálfsögðu að hafa það ofarlega á verkefnalista sínum að þróa okkar lýðræðiskerfi í átt til opnara og beinna lýðræðis. ■



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON „Og ég veit ekki betur en að Íslendingum líði bara alveg bærilega eftir að herinn fór og þjóðin finni ekki til nokkurs öryggisleysis. Bullið um nauðsyn sýnilegra loftvarna er hlægilegt í því ljósi."
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## PÓLITÍSKUR FERILL

Steingrímur Jóhann Sigfússon var fyrst kjörinn á þing fyrir Alþýðubandalagið í Norðurlandskjördæmi eystra árið 1983. Hann sagði sig úr Alþýðubandalaginu þegar forysta þess ákvað að renna flokknum inn í Samfylkinguna og stofnaði ásamt öðrum Vinstrihreyfinguna – grænt framboð í upphafi árs 1999. Steingrímur var landbúnaðar- og samgönguráðherra 1988-1991.

> Við höfum slegið á að velferðarpakki okkar kosti 10-12 milljarða króna brúttó að fullu kominn til framkvæmda




# Meistaranám við Háskólann á Bifröst opnar tækifæri og skapar þér tengslanet til framtíðar.

## Staðnám á sumrin – fjarnám á veturna.

### Menningarstjórnun

Með auknu vægi skapandi starfsemi í samfélaginu hafa faglegar kröfur til stjórnenda farið vaxandi. Nemendur fá þjálfun í rekstri og áætlanagerð á sviði menningarmála auk markvissrar kennslu í menningarhagfræði. Námið hentar jafnt starfandi stjórnendum í menningar- og menntastofnunum og þeim sem hafa áhuga á slíkum störfum í framtíðinni.

### Evrópufræði

Í þessu nýja námi, sem hefur algjöra sérstöðu á Íslandi, er lögð áhersla Austur- og Vestur-Evrópuríki, rætur þeirra, menningu og sameiginlega sögu. Nemendur fá raunhæfan og fræðilegan undirbúning að margvíslegum störfum á evrópskum vettvangi um leið og þeir dýpka skilning sinn á öflum sem móta viðskipti, stjórnmál og hagkerfi Evrópuríkja á líðandi stundu.

**Umsóknafrestur í meistaranám er til 15. maí 2007**

Frekari upplýsingar:
**www.bifrost.is** 311 Borgarnes | Sími 433 3000

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

**Stjórnenda- og leiðtogaskóli í hartnær 100 ár**

# skoðun

greinar@frettabladid.is

„Klaufalega ritskoðun“?

## Það er stórt orð Hákot

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Í janúar árið 2005 birti Fréttablaðið forsíðufrásögn með þriggja dálka fyrirsögn. Þar var greint frá fréttatilkynningu Baugs um að skattyfirvöld hefðu endurálagt skatta á fyrirtækið. Endurálagningin nam 464 milljónum króna. Jafnframt var greint frá yfirlýsingu stjórnarformanns Baugs um að skjóta ákvörðuninni til yfirskattanefndar.

Um miðjan mars síðastliðinn birti Fréttablaðið eindálka frétt á innsíðu. Þar var greint frá svari dómsmálaráðherra við fyrirspurn nokkurra þingmanna um kostnað við rannsókn Baugsmálsins. Fyrirspurn þingmannanna þótti ekki gefa tilefni til stórrar frásagnar. Fyrir þá sök var aðeins greint frá helstu atriðum í svarinu. Þannig var sleppt tilvísun ráðherrans í tveggja ára gamla fréttatilkynningu frá Baugi um endurálagninguna.

Þessi eindálka frétt varð Matthíasi Johannessen tilefni til útleggingar í Lesbók Morgunblaðsins liðinn laugardag. Þar segir: „Þó verð ég að benda á klaufalega ritskoðun sem stingur í augu: Þegar blaðið sagði frá svari Björns Bjarnasonar undir fyrirsögninni „Sérstakur saksóknari kostar 34,5 milljónir“ og tíundar kostnað við málareksturinn, minnist það ekki einu orði á tekjur ríkissjóðs af rannsókninni og sleppir öllum óþægindum í tengslum við skattamöndlið. Sem sagt hlífð við eigendur!“

Með öðrum orðum: Hér er tilgreint sem dæmi um klaufalega ritskoðun til hlífðar eigendum Baugs þegar í stuttum útdrætti úr svari ráðherra er sleppt tilvitnun hans í fréttatilkynningu frá þeim mönnum sjálfum sem að því fyrirtæki standa. Þetta er aukheldur staðhæft þó að áður hafi verið greint frá fréttatilkynningunni með áberandi hætti.

Það er stórt orð Hákot. Ritskoðun er líka stórt orð. Notkun þess getur verið beitt og haft afleiðingar ef hún er á rökum reist. Gálaus og röksemdalaus notkun hugtaksins er ekki heldur laus við alla alvöru. Þannig er það býsna alvarleg ásökun í garð blaðamanna að halda því fram að þeir hafi undirgengist ritskoðun til þess að hlífa stærsta minnihlutanum í röðum útgefenda við umræðum um meint skattamöndl. Slík ásökun er engu minni né sakleysislegri þótt við hana sé skeytt áliti um klaufaskap.

Rökræða má hvort betur hefði farið á í þessu tilviki að birta svar ráðherrans óstytt, jafnvel kalla eftir áliti fyrirspyrjenda og hugsanlega fá umsögn skattyfirvalda um lögreglurannsóknina. Um það geta menn haft skiptar skoðanir. Ásökun um ritskoðun í þessu samhengi er hins vegar líkust því að spuninn sé skáldskaparvefur úr andrúmi einhverrar Hriflungatíðar.

Með góðu móti hefði mátt leggja út af þessari litlu frétt á þann veg að almennt væri ámælislaus blaðamennska að setja í eindálk fréttir af því þegar þingmenn reyndu með fyrirspurnum að gera mikið úr litlu efni. Þegar þannig stæði á gilti að greina frá kjarnanum í svörum við því sem spurt var um og komast hjá endurtekningum.

Orð Matthíasar Johannessen eru þung á metaskálum samtíðar og sögu. Feli þau í sér tilhæfulausar ásakanir verður ekki undan því vikist að andmæla þeim. Sams konar ásakanir úr penna þeirra sem eru lítilla sanda og sæva hafa ekki þótt svara verðar. Þær eru sjálfkrafa marklausar.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Framboð og eftirspurn, er það eitthvað ofan á brauð?

„Af hverju er byggingaland í Vatnsmýrinni dýrara en annað byggingaland? Bara af því einhver segir það?“ Svo spurði Árni Johnsen á kappræðufundi á Litlu kaffistofunni í gær, þar sem hann mætti Bjarna Harðarsyni, frambjóðanda Framsóknarflokksins á Suðurlandi.

Stjórnmálaflokkar til hægri, líkt og Sjálfstæðisflokkurinn, hafa löngum staðið fyrir því að markaðurinn skuli ráða í sem flestum málum. Þegar frambjóðandi flokksins hins vegar útlistar það að byggingaland í Vatnsmýrinni sé dýrara en annað byggingaland, bara af því einhver segir það, en ekki vegna þess að eftirspurn eftir byggingalandi í miðborg Reykjavíkur sé meira en framboðið hljóta að renna á hlustendur tvær grímur. Þetta er kannski ein ástæða þess að lítið hefur borið á Árna Johnsen í kosningabaráttunni hingað til?



### Bjarni alls staðar

Ólíkt Árna, hefur Bjarni Harðarson verið mjög áberandi í kosningabaráttunni. Hann hefur til að mynda verið tíður gestur í spjallþáttum. Bjarni hefur, það sem telst í dag, nokkuð sérstakan talanda sem sumir telja bara auka flóru íslenskunnar. Einn gestanna á Litlu kaffistofunni í gær þekkti þó ekki betur til frambjóðandans en svo að eftir fundinn spurði hann hvort þessi Bjarni væri nokkuð Færeyingur?

### Ekkert í klinkinu?

Lögreglan segir frá því á heimasíðu sinni að nokkrar tilkynningar hafi borist af fölsuðum peningaseðlum. „Jafnan er um afrit af 500, 1000, 2000 og 5000 kr. seðlum að ræða,“ segir svo á heimasíðunni. Falsararnir hafa sem sagt ekki hugmyndaflug til að búa bara til nýja seðla, eins og gulan 700 króna seðil. Líklega skýrir klinkleysið sér í því að nokkuð erfiðara er að falsa peninga sem eru minna virði en 500 krónur með því að skanna þá inn og láta peningamaskínulitprentarann renna.



svanborg@frettabladid.is

# Jafnrétti heima og heiman



VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR

Í DAG | Jafnréttismál

Í júní á síðasta ári varð ég þess heiðurs aðnjótandi að verða fyrsta konan í sögu íslenska lýðveldisins til að gegna embætti utanríkisráðherra. Á þeim tíu mánuðum sem ég hef setið við stjórnvölinn í utanríkisráðuneytinu hef ég lagt sérstaka áherslu á að hafa jafnréttissjónarmið að leiðarljósi við alla stefnumörkun.

Það var löngu tímabært að kona yrði utanríkisráðherra og að hugað yrði að jafnréttisáherslum í utanríkismálum. Ég tel að þau áherslumál sem Ísland hefur sett á oddinn í utanríkismálum í gegnum tíðina hafi ekki alltaf verið málaflokkar sem ættu að vera forgangsatriði herlausrar þjóðar. Það er skoðun mín að í alþjóðastarfi eigi Íslendingar að einbeita sér að verkefnum þar sem reynsla okkar og þekking kemur helst að gagni.

Þróunarmál, mannréttindamál og friðargæsla eru meðal þeirra mála sem ég hef lagt aukna áherslu á í starfi mínu sem utanríkisráðherra. Þessi mál hafa stundum verið kölluð „mjúku málin“ og þannig gefið til kynna að þau skipti ekki jafn miklu máli eða að minni hagsmunir séu þar í húfi en í öðrum málum, sem þá er lýst sem hinum „hörðu málum“. En ég spyr: Hvað er „mjúkt“ við fátækt og hungur, mannréttindi, málefni flóttamanna, barnahermennsku eða uppbyggingu stríðshrjáðra svæða? Þetta eru ekki málefni sem varða konur frekar en karla, eða eru „mýkri“ en önnur mál.

**Hlutfall kvenna í friðargæslu úr 16% í 43%**

Eitt af mínum fyrstu verkum í embætti utanríkisráðherra var að gera gagngerar breytingar á skipulagi og áherslum íslensku friðargæslunnar með það fyrir augum að íslensk sérþekking nýttist sem best í verkefnum sem hentuðu jafnt konum og körlum. Konur voru aðeins um 14% friðargæsluliða í byrjun árs 2004 og 16% þegar ég tók við stjórnartaumunum í utanríkisráðuneytinu. Nú er staðan gjörbreytt. Af 30 friðargæsluliðum á vettvangi eru nú 13 konur, eða 43%. Ég er afar stolt af þessum árangri og vona að með þeirri umræðu sem skapast hefur um friðargæsluna í kjölfarið verði tryggt að kynjasjónarmið verði þar ætíð í heiðri höfð.

Í starfi mínu hef ég einnig lagt aukna áherslu á þróunarmál og þá einkum málefni kvenna og barna, sem meðal annars má sjá merki í stórauknum framlögum til Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna (UNICEF) og Þróunarsjóðs fyrir konur (UNIFEM). Þá hefur einnig sérstaklega verið hugað að konum og börnum í flóttamannaaðstoð sem Ísland veitir. Síðar á þessu ári munum við einmitt bjóða hingað velkominn hóp 25-30 kvenna og barna frá Kólumbíu.

**Jafnrétti í Framsóknarflokknum**

Ef litið er hingað heim þá hefur staðan í jafnréttismálum vissulega talsvert batnað á síðustu árum en ennþá er langt í land að fullu jafnrétti kynjanna verði náð. Sé litið til stjórnmálanna var einungis þriðjungur ráðherra konur, 37% þingmanna og 36% sveitarstjórnarmanna. Þetta hlutfall þarf að laga.

Það verður því spennandi að sjá hver hlutur kvenna verður í kosningunum í næsta mánuði, en því miður er útlitið ekki sérstaklega bjart. Þó er sérstaklega ánægjulegt að nákvæmlega jafn margar konur og karlar eru í framboði fyrir Framsóknarflokkinn. Alls skipa 126 einstaklingar listana, eins og lög gera ráð fyrir, 63 karlar og 63 konur. Þrjár konur og þrír karlar leiða lista fyrir Framsóknarflokkinn og í fjórum efstu sætunum sitja 10 karlar og 14 konur. Þetta er jafnrétti í orði og á borði. Þá hefur komið í hlut okkar framsóknarmanna og kvenna að jafna kynjahlutföllin í ríkisstjórninni, en frá Framsóknarflokki sitja í ríkisstjórn þrjár konur og þrír karlar. Mikilvægt er að við næstu ríkisstjórnarmyndun verði hlutur kvenna betri en nú er.

**Fimm ráðuneyti – engar konur**

Ég er fyrsta konan til að gegna embætti utanríkisráðherra. Áður var ég fyrsta konan sem sat í stóli iðnaðar- og viðskiptaráðherra, en 26 karlar höfðu þar áður setið á ráðherrastól. Það er ótrúlegt að hugsa til þess að í dag séu enn fimm ráðuneyti þar sem kona hefur aldrei verið við stjórnvölinn. Þetta eru atvinnuvegaráðuneytin tvö, landbúnaðarráðuneyti og sjávarútvegsráðuneyti, samgönguráðuneyti, fjármálaráðuneyti og auðvitað sjálft forsætisráðuneytið. Að konur hafi aldrei haldið um stjórnartaumana í þessum mikilvægu ráðuneytum er áminning um að ennþá eigum við langt í land í jafnréttismálum.

Það er mikilvægt að konur jafnt sem karlar skiptist á að fara með völd í hinum ólíku málaflokkum. Það er ekkert til sem heitir kvenna- og karlamálefni – harðir eða mjúkir málaflokkar. Eins og í góðu hjónabandi, þar sem hjón taka sameiginlegar ákvarðanir um rekstur heimilisins, þurfa bæði kynin að koma í sameiningu að stjórnun landsins – til jafns.

*Höfundur er utanríkisráðherra.*

# Gleðilegan dag umhverfisins



JÓNÍNA BJARTMARZ

**UMRÆÐAN**

Umhverfismál

Dagur umhverfisins er nú haldinn hátíðlegur í níunda sinn á fæðingardegi Sveins Pálssonar, fyrsta náttúrufræðings Íslands.

Að þessu sinni er dagurinn tileinkaður hreinni orku og loftslagsbreytingum. Loftslagsbreytingar af manna völdum eru eitt mikilvægasta viðfangsefni mannkyns á þessari öld. Íslensk stjórnvöld gera sér grein fyrir þessu og hafa lagt fram metnaðarfulla áætlun um að minnka losun gróðurhúsalofttegunda um 50-70% til ársins 2050. Markmiðinu á að ná með samdrætti í notkun jarðefnaeldsneytis, aukinni nýtingu endurnýjanlegrar orku og loftslagsvæns eldsneytis og aukinni bindingu kolefnis með skógrækt og landgræðslu.

Ríkisstjórnin hefur þegar gripið til ýmissa ráða til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Hún hefur hvatt til aukinnar notkunar á vistvænum ökutækjum, meðal annars með því að fella niður vörugjöld af metan-bílum og rafmagnsbílum og veita afslátt af vörugjöldum á tvíorkubílum. Þá hefur verið mælst til þess að ríkisstofnanir kaupi vistvæna bíla þegar þær endurnýja bílakost sinn. Markmiðið er að í lok árs 2012 verði 35% af bílum í eigu ríkisins knúin vistvænum orkugjöfum.

Lög hafa verið sett sem munu í veg fyrir að losun gróðurhúsalofttegunda frá stóriðju fari yfir þau mörk sem kveður á um í Kyoto-sáttmálanum, landgræðslu- og skógræktarverkefni hafa verið efld og fyrir aðeins nokkrum dögum tilkynnti ríkisstjórnin að akstur allra bifreiða stjórnarráðsins yrði kolefnisjafnaður og að hið sama yrði gert vegna flugferða ríkisstarfsmanna innanlands og erlendis, frá og með næstu áramótum.

Mikilvægur þáttur í loftslagsstefnu stjórnvalda er vinna að fræðsluverkefnum í samvinnu við frjáls félagasamtök til að upplýsa almenning um gróðurhúsaáhrif og aðgerðir til að draga úr þeim. Liður í þessari stefnu er útgáfa fræðsluritsins Skref fyrir skref sem gefið verður út í dag. Ritið er samstarfsverkefni umhverfisráðuneytisins og Landverndar og því er ætlað að fræða okkur um hvað hvert og eitt okkar getur gert til að skapa vistvænni heim.

Ýmsir hafa boðað til viðburða í tilefni Dags umhverfisins. Upplýsingar um þá má nálgast á vef umhverfisráðuneytisins, www.umhverfisraduneyti.is.

*Höfundur er umhverfisráðherra.*



## Heimagisting

er góð leið til að kynnast landi og þjóð. Víða um heim eru samtök þar sem meðlimir veita gistingu og leiðsögn um heimaland sitt. Global Freeloaders www.globalfreeloaders.com The Hospitality Club www.hospitalityclub.org Couch Surfing www.couchsurfing.com

## Yotel

er ný tegund af hótelum sem opna núna í vor. Fyrstu yotelin verða á Terminal 4 á Heathrow og South Terminal á Gatwick, í London á Englandi. Herbergin eru mjög lítil, aðeins 10,4 fermetrar sem hægt er að bóka hið minnsta í fjóra klukkutíma og síðan lengur eftir þörfum. Á herbergjunum eru engir ytri gluggar sem gerir yotel-gististöðunum kleift að bjóða herbergi á stöðum þar sem ekki er hægt að reisa hefðbundin hótel. Áætlað er að herbergin kosti á bilinu 40-70 pund nóttin. www.yotel.com




**KAUPMANNAHÖFN – LA VILLA**

Heimagisting á besta stað í bænum.
Býður alla Íslendinga velkomna.
Geymið auglýsinguna.

www.lavilla.dk. S.0045 3297 5530. GSM. 0045 2848 8905

**Rýmingarsala**

**10 til 50%**

*afsláttur af öllum vörum í búðinni, nýjum og eldri*

*Ótrúlegt úrval af fallegum gjafavörum*

*Verið velkomin*




Evita
- hárgreiðsla og gjafavörur
Starmýri 2 • 108 Rvík • s. 553 1900 • evita.is

ENGLAKROPPAR

*Vertu flott í sumar!*

*Við losum þig við appelsínuhúð slit, slappa húð & aukakíló!*
*4, 6 og 8 vikna átak í boði*
*...fleiri frábær tilboð á vefsíðunni okkar*
*www.englakroppar.is*

*15% afsláttur á snyrtistofu!*
*"Fake bake brúnkumeðferð"*



ENGLAKROPPAR / LANGARIMA 21 / S: 587 3750




Davíð Vikarsson fór í skíðaferðalag um Alpana í sjö manna hópi undir stjórn þaulreynds leiðsögumanns. Hann skemmti sér konunglega og mælir með að fólk skelli sér í ferðalag af þessu tagi.

# Ferðast inni í póstkorti

***Davíð Vikarsson sálfræðingur fór í æsispennandi skíðaferð um Alpana.***

Davíð Vikarsson sálfræðingur skellti sér í sjö daga fjallaskíðaferðalag um Alpana. Hann fór með gömlum vinahópi ásamt frönskum leiðsögumanni, leið sem kallast Haute Route og nær frá Chamonix í Frakklandi til Zermatt í Sviss. Davíð segir ferðina ekki í líkingu við neitt sem hann hefur áður upplifað.

„Þú getur rétt ímyndað þér hvernig er að vera í 3.000 og allt upp í 4.000 metra hæð, umkringdur allri þessari náttúrufegurð," segir Davíð. „Haute Route er þekkt gönguleið og jafnframt talin ein fallegasta leiðin á þessum slóðum, liggur milli fjallanna Mount Blanc og Matterhorn. Gengið var í fjóra til átta tíma á dag og gist í fjallaskálum á leiðinni."

Davíð segir að á köflum hafi verulega reynt á þolrif ferðalanganna. „Sums staðar þurfti að klífa upp brattar hlíðar og síga niður skörð til að komast leiðar sinnar. Það er því best að kunna fyrir sér á skíðum eigi að fara Haute Route. Þarna er líka allra veðra von, enda um jöklusvæði að ræða, og þess eru dæmi að menn gefist upp á leiðinni. Sem betur fer samanstóð íslenski hópurinn af reyndu fjallgöngu- og skíðafólki og komust allir því klakklaust á leiðarenda."

Davíð er ánægður með ferðina og vinnubrögð Mountain Guide, sem skipulagði ferðina. „Þetta var stórkostleg náttúruupplifun og engu líkara en að ferðast inni í póstkorti. Það lá við að maður ferðaðist með annarri hendi og héfði hina á myndavélinni allan tímann, líklegast af því að þetta er fyrsta ganga mín um Alpana.

Ég mæli með svona ferðalagi og er sjálfur að leggja drög að öðru."



Davíð ásamt ferðafélögum sínum í Ölpunum.


GOTT FÓLK McCANN



*Í BÍTIÐ Á BYLGJUNNI*

*6.55-9.00 ALLA VIRKA MORGNA*

*HEIMIR OG KOLBRÚN TAKA Á MÓTI ÞÉR Í BETRI STOFU BYLGJUNNAR FULLUR ÞÁTTUR AF ÖLLU SEM ÞÚ ÞARFT FYRIR DAGINN*

*Dægurmál, fréttir, veður, íþróttir og allt þar á milli*

BYLGJAN 989

- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

**Kolviður** er heiti á nýju umhverfisverkefni. Markmiðið er að Íslendingar verði fyrsta þjóðin í heiminum til að kolefnisjafna útblástur samgöngutækja með skógrækt. www.kolvidur.is

SÉRHÆFÐ ÞJÓNUSTA FYRIR
Jeep CHRYSLER DODGE
BÍLJÖFUR
BIFREIÐAVERKSTÆÐI
Smiðjuvegi 34 - gul gata Kópavogi • Sími 544 5151 • biljofur@biljofur.is

Sendum frítt um land allt!
Jeppadekk
MAXXIS
33" Maxxis A/T
(33x12.50R15)
Verð aðeins:
kr. 15.900
Úrval annarra stærða upp í 38".
Felgustærð 15", 16" 17" og 18".
Nánar á jeppadekk.is
Við mælum með míkróskurði
JEPPADEKK.is
Alorka • Vagnhöfða 6 • Sími 577 3080
PIPAR • SÍA • 70622

# Endurfædd Fabia

**REYNSLUAKSTUR**

***Skoda Fabia II er frísklegur bíll sem tekur forvera sínum langt fram. Hann er bæði rúmbetri og mun fallegri.***

Einu sinni voru Skoda-bílar álíka spennandi og ríkisskattstjóri. Þeir skiluðu sínu, en þú eyddir ekki sekúndu lengur í návist þeirra en til þurfti. Svo kom Volkswagen og sneri öllu við. Skoda fór að rokseljast, enda orðinn að ágætisbíl á fínu verði.

Fabia er einn af mest seldu bílum Skoda, en sú kynslóð sem nú er að renna sitt skeið og verður seint færð til bókar sem merkisberi stíls og hugvits síns tíma. Öðru máli gegnir um nýja kynslóð bílsins.

Fabia II er frísklegur, flottur og þrátt fyrir að vera með sama hjólhaf og eldri kynslóðin mun rúmbetri bæði í tilfinningu og beinhörðum tölum. Þetta kallar tæknistjóri Skoda kraftaverk og þótt Jesús og félagar séu kannski alveg sammála þessari skilgreiningu á kraftaverki, er engu að síður vel að verki staðið.

Fabia II lítur vel út, sérstaklega í skærum lit og með hvítt þak. Hann er snaggaralegur, ferskur og einfaldlega flottur. Inni í bílnum er vistlegt, mælaborðið smekklegt og ljóst að Tékkarnir kunna sitthvað fyrir sér í hönnun.

Fabia er ágætur akstursbíll, nettur og þægilegur. Bensínvélarnar voru reyndar ekki nógu snarpar en annað var uppi á teningnum í dísilvélunum. 1900 dísilvélin var mjög skemmtileg og hiklaust besti kosturinn er kemur að vélavalinu, enda sú dýrasta. Uppgangur Skoda virðist engan endi ætla að taka. Octavia er einn söluhæsti bíllinn hérlendis, Fabia selst sömuleiðis vel og á alþjóðavísu er Skoda á blússandi siglingu. Útgáfa Skoda Fabia II verður einungis til að auka vegsemdina og fyrri orðstír framleiðandans er óðum að gleymast.

*tryggvi@frettabladid.is*


Skoda Fabia II er vel heppnaður bíll sem ætti að falla vel í kramið hérlendis.


Skoda Fabia lítur vel út að innan og innréttingin er praktísk. Sportsætin eru skemmtileg viðbót.

**SKODA FABIA**

**Vél:** 1.9 lítra dísil
103 hö/240 Nm
**Þyngd:** 1.170 kg
**Meðaleyðsla:** 4,9 l/100 km
**Verð frá:** 1.500.000 kr.
**Verð prufubíls:** Óákveðið

**Plús:**
Útlit
Skemmtileg dísilvél

**Mínus:**
Kraftlitlar bensínvélar


Hingað til hefur 3-línan verið lang atkvæðamest í BMW-bílunum hérlendis en X5 er óðar að nálgast 3-línuna í vinsældunum.

# BMW X5 í veislu

***Ný kynslóð BMW X5 verður frumsýnd um helgina. Forsýning í dag.***

Í tilefni af formlegri frumsýningu á nýjum BMW X5 jeppa blæs B&L til stórveislu í kvöld og hefur 400 völdum aðilum verið boðið í hana. Ekkert virðist til sparað og mun tónlistarfólk eins og Lay Low, Pétur Ben og Ólöf Arnalds mæta á svið að ógleymdum Hjörleifi Valssyni með Stradivarius-fiðluna sína.

*- tg*

JCB TRACKMAKERS GÆÐI Á GÓÐU VERÐI!
Gúmmíbelti undir ALLAR gerðir
mini-beltavéla allt að 8 tonna
"Kynntu þér verðin"
Algengustu stærðir
til á lager
VÉLAVER
Krókhálsi 16, Reykjavík - Gleráreyrum 2, Akureyri - Sími 588 2600 - www.velaver.is

KERRUR
FRÁ AÐEINS 29.990 KR.
ÓTRÚLEGT ÚRVAL AF KERRUM!
FYRIR:
HEIMILIÐ
FYRIRTÆKIÐ
ÁHUGAMÁLIN
FRÍR FLUTNINGUR TIL REYKJAVÍKUR
(EINU SINNI Í VIKU).
DEKKJAHÖLLIN
DEKKJAHOLLIN.IS EGILSSTAÐIR - AKUREYRI
DRAUPNISGÖTU 5, AKUREYRI S. 462 3002
ÞVERKLETTUM 1, EGILSSTÖÐUM S. 471 2002

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

Gæði á góðu verði Daewoo lyftarar
Partur-Spyrnan-Lyftarar • Eldshöfða 10 • 110 Reykjavík • Sími: 585-2500 • Fax: 567-9557

Þýskar álkerrur
fyrir fjölskylduna, verktakann, sveitarfélagið. Vandaðar kerrur frá einum stærsta framleiðanda Evrópu. Kerrur sem slegið hafa í gegn síðustu ár. Sumarsendingin nýkomin. Leitið upplýsinga og skoðið hið mikla úrval. Margar stærðir og gerðir.
Bæjardekk Langatanga 1a - Mosfellsbæ - Sími: 566 8188
Fjarðanet hf. - Grænigarður - Ísafjörður - S.470 0836




## Nudd

Viltu nudd ? Hafðu samband í síma 869 6914.

Komdu í nudd. Uppl. í s. 662 0841.

## Snyrting




**Naglaskóli La Fame**
**Boðið er uppá námskeið í naglaásetningu, námskeið hefjast 30.04. Kennari Rósa Björk Hauksdóttir - margfaldur íslandsmeistari.**
**Verð 185.000kr, innifalið er startpakki með öllu.**
**Innritun hafin á negluroglist.is og í s. 553 4420.**

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## HEIMILIÐ

## Húsgögn

Old Charm. Borðstofuborð og 6 borðstofustólar til sölu. Sími 568 3465 & 823 8369.

Gott tölvuborð úr beyki og eldhúsborð + 4 stólar, selst ódýrt. S. 849 4359.

## Heimilistæki

Whirlpool Þvottavél og barkalaus þurrkari. 3 mán. gamalt. Verð 75 þ. Kostar nýtt 140 þ. Einnig hvítur Amigo íssk. 3 mán. gamalt 55x160. Verð 30 þ. Uppl. í s. 845 4220.

## Gefins

Kelnir og kassavanir kettlingar fást gefins. Vanir börnum. S. 899 5796.

Kettlingar fást gefins og á sama stað óskast gott heimili fyrir persneska læðu. S. 587 2156.

## Fatnaður

**Skraddarinn á horninu**
Fatabreytingar - styttum buxur á meðan beðið er. Skraddarinn á horninu, Lindargötu 38. S. 552 5540.

## Dýrahald

**Solid Gold**
**Solid Gold**

**Just A Wee Bit**

**smáhundafóður**

**2 kg 1.450**
**Dýrabær**

**Hlíðasmára 9 og Smáralind, Kóp. www.dyrabaer.is**

Óska eftir kettlingi, helst blönduðum persa eða skógar. Er jafnvel til í að borga smá. Uppl. í s. 849 7823.

Til sölu 4 mánaða enskur Setter, örmerktur. Selst með búri. S. 483 3779 & 869 2970.

Chihuahua hvolpar til sölu sprautaðir, örmerktir og með ættbók. Sími 858 7747.

Blandaður Chihuahua fæst gefins 1 1/2 árs gamall. Eingöngu gott heimili kemur til greina. Uppl. í s. 698 8861.

## Ýmislegt

Til sölu rafmagnsrúmbotn frá lystadún marco(90x200 cm). Kostar nýr 80.000 verð 30.000. Einnig til sölu poolborð frá hole in one(lengd 205 breidd 112 hæð 80 cm). Verð 15.000. Upplýsingar í síma 822 0420.

## TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Ferðaþjónusta



Góðir sumarbústaðir til leigu, til lengri eða skemmri tíma. Heitir pottar. Veislusalur fyrir hópa. www.uthlid.is S. 699 5500.

## Gisting

**Orlofshús á Akureyri**
Til leigu orlofshús, 4 km frá Akureyri. leo79@internet.is - S. 897 5300, Leó.

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Gott Herb. m. húsg./útsýni til leigu í 107. sér bað, saml. eldh. S. 863 0360.

Glæsileg sérhæð 212 fm, íb. í Mosf. Leigist frá 1.maí. Uppl. í s. 699 3737.

3. herb. 68,8 fm íbúð til leigu á svæði 110 frá 1 júní til 1 sept.'07. leiga 100 þús. per mán. 1 mán fyrirfram + tryggingarvíxil. Uppl. í s. 697 7888 Þórður.

Herb. í 101 rvk. á 48 þ. Allt innifalið. Sameiginlegt eldhús, wc, þvottavél, þurrkari. Uppl. í s. 699 4580.

## Húsnæði óskast

Þýska sendiráðið óskar eftir ca 4 herb. húsnæði frá og með 1. júlí í 4 ár. Uppl. info@reykjavik.diplo.de

Fyrirtæki óskar eftir 2-3 herb. íbúð á leigu á Rvk-svæðinu. Öruggum og skilvísum gr. heitið. Uppl. í s. 863 5420.

Ung og reglusöm kona óskar eftir íbúð á svæði 101, 105 eða 107. Skilvísum greiðslum heitið. S. 849 3603.

óska eftir að taka á leigu 2-3 h. íbúð frá 1.maí, reglusemi og öruggum greiðslum heitið, góð meðmæli. S. 863 1746.

## Sumarbústaðir




**Rimlahlið**
Í vegi, tvær staðlaðar stærðir, 3,66x2,50m, burðargeta 20 tonn, verð kr. 109.000- án vsk. 4,50x2,55m, burðargeta 40 tonn, verð kr. 246.000- án vsk. Vélaborg ehf., Krókhálsi 5F,110 Rvk, 414 8600, Njarðarnesi 2, 603 Ak, 464 8600.




**Hlið**
Á göngustíga, heimreiðar, vegi, girðingar, beitarhólf o.fl. Mikið úrval, margar gerðir og stærðir. Smíðað úr galvaniseruðu stáli. Öflugir burðarstaurar, einnig staurar með læsingu, nokkrar gerðir. Vélaborg Krókhálsi 5F 110 Rvk, 414 8600, Njarðarnesi 2, 603 Ak, 464 8600.




**Rafgirðingaefni.**
Allt til rafgirðinga, staurar, vír, spennugjafar, 220V, 12V og 9V einnig sólarafhlöður, leiðarar, einangrar, randbeitargirðingar o.fl. ATH. Góðar leiðbeiningar í Vörulista Vélaborgar. Vélaborg ehf., Krókhálsi 5F,110 Rvk., 414 8600, Njarðarnesi 2, 603 Ak., 464 8600




## Geymsluhúsnæði




Þinn eigin geymslubílskúr. 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 20 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

## ATVINNA

## Atvinna í boði

**Employment agency seeks:**

**Carpenters, general workers, electricians, ironbinders, plummers, masons, heavy duty drivers, painters and more for the construction area.**
**- Proventus -**

**Call Joao, tlf. 864-9873**

**American Style**
**Vantar þig góða vinnu í föstu vaktavinnukerfi? Lausar stöður í sal á American Style í Hafnarfirði, og inn á grill á Bíldshöfða.**
**Enga feimni, sæktu um á americanstyle.is.**

**Hreingerning**
**Óskum eftir að ráða nú þegar starfskraft til að sjá um hreingerningar og bónvinnu. Íslenskukunnátta skilyrði. Uppl. í s. 699 8403 & 896 5066.**

## ATVINNA

**2. stýrimaður**

**2. stýrimaður óskast á ísfisktogara sem rær frá Reykjavík.**

**Uppl. veitir Svanur í s. 893 5055 eða Reynir í s. 843 4215.**

**Málarar óskast.......**
HS Málverk óskar eftir nokkrum vönum mönnum í málningar vinnu. Góð Framtíðarstörf í boði hjá traustu fyrirtæki.
H.S MÁLVERK
**Upplýsingar í s. 566 8667**

## Mosfellsbakarí

**Mosfellsbakarí á Háaleitisbraut 58-60, Rvk. óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu. Vinnutíminn er frá 12 - 19 virka daga og einn dag aðra hvora helgi. Einnig vantar helgarstarfsfólk. Nánari upplýsingar veitir Emma í s. 553 5280 eða á staðnum.**

## Búr ehf - Vaktstjóri

**Búr ehf óskar eftir að ráða vaktstjóra með lyftararéttindi. Vaktavinna. Framtíðarstarf. Ekki yngri en 25 ára Upplýsingar í síma 896 2836. Umsóknir einnig á staðnum, Bæjarflöt 2, Grafarvogi.**

## Mosfellsbakarí

**Mosfellsbæ, óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu í eftirtalin störf. Frá 06.30 - 14.00 virka daga, og einn dag aðra hverja helgi. Einnig eftir hádegi frá 12:00-18:30, virka daga og einn dag aðra hverja helgi. Nánari upplýsingar veita Áslaug í síma 566 6145 & 660 2155.**

## Sjávarkjallarinn

**Getum bætt við okkur starfsfólki í veitingasal og á bar. Um er að ræða helgar og kvöldvaktir í ásamt fullu starfi. Reynsla æskileg, ekki nauðsynleg. 20 ára og eldri. Upplýsingar veittar á staðnum, Aðalstræti 2.**

Faglagnir

## Pípulagnir

Faglagnir ehf óska eftir að ráða vana pípulagningamenn vegna mikilla verkefna. Uppl. í síma 824 0240, Steinar.

Björnsbakarí-vesturbæ óskar eftir starfskrafti til afgreiðslustarfa. Vinnutími er frá kl 13.00-18.30. Helga gefur frekari upplýsingar í síma 699 5423.

## Öryggisgæslan ehf. óskar eftir starfsfólki

Vegna mikilla anna vantar stundvíst og ábyrgt fólk í vinnu. Á 8 tíma vaktir í 7 daga og frí í 7 daga. Bæði karlmenn og kvenfólk á aldrinum 19-45 ára. Uppl. gefur Einar, s. 694 4868, e. kl 12:00.

## Bakarí-Bístró Ármúla

Óskum eftir starfskrafti í almennt veitinga- og afgreiðslustarf, 20 ára og eldri, bílpróf kostur. Uppl í s. 898 1779.

## Bakari

Bakari óskast sem fyrst. Björnsbakarí við Skúlagötu. Uppl. í s. 551 1531 f.h. eða á staðnum, Lárus.

Starfsfólk óskast í fullt starf og hlutastarf á kaffihús í Hafnarfirði. Áhugasamir hafið samband í s. 869 2809, Sigrún, cafehafnarborg@internet.is

Starfsfólk óskast í sauðburð á norðurlandi í Maí. Sími 452 4976.

Apótek bar grill óskar að ráða matreiðslumenn sem allra fyrst og þar af einn sem vaktstjóra. Unnið er á hefðbundnum kokkavöktum. Tilvalið tækifæri fyrir samhenta matreiðslumenn að starfa saman. Apótek bar grill er skemmtilegur vinnustaður og vinsæll matsölustaður. Upplýsingar veitir Guðvarður í síma 89 28583 eða á apotek@veitingar.is

Óskum eftir mönnum í hellulagnir og lóðavinnu. Uppl. í síma 863 0208 og 865 9898 Hellur og garðar ehf.

Vormaður „Alt muligmand" ! Bílaumboð óskar eftir að ráða lipran ungan mann til vorstarfa. Þarf að hafa bílpróf og helst að vera reyklaus. Upplýsingar gefur Hilmar í síma 896 0404.

Vantar starfskraft í 50% starf í Hafnafirði við ræstingar á kvöldinn eða morgnana. Einnig vantar starfsmann í 100% ræstingar á svæði 109. Uppl. gefur Stefán í s. 824 1450. Milli 13 & 17.

Hlaðbær-Colas hf. Óskum eftir vönum manni á vörubíl með krana til starfa strax hjá Hlaðbæ Colas. Nánari upplýsingar í síma 565 2030 eða 660 1921.

Óska eftir fólki í beitningu í Sandgerði. Uppl. í s. 845 1907.

Starfstúlka óskast í aukavinnu í Tískuvöruverslunina Hype Laugavegi 83. Ekki yngri 24 ára. Upplýsingar á staðnum.

Óskum eftir að ráða starfsmann í aukavinnu í suðu á ryðfríu stáli. Upplýsingar gefur Hrafn í s. 861 9180.

## Atvinna óskast

## Útvegum starfsfólk frá Póllandi og Portúgal

**í eftirtalin störf : Smiði, Múrara, Pípara, Rafvirkja, Vélvirkja, Meiraprófsbílstjóra, Tækjastjórnendur, Verkamenn, Hjúkrunarfólk og önnur störf samkvæmt óskum atvinnurekanda. SAS Starfsmannaleigan. Uppl. gefur Sverrir í s:661-7000**

INTJOB STARFSMANNALEIGA ÚTVEGAR FYRIRTÆKJUM ERLENDA IÐNVERKAMENN OG VERKAFÓLK

Útvegum m.a.:

- Smiði
- Múrara
- Pípara
- Rafvirkja
- Vélvirkja
- Meiraprófsbílstjóra
- Tækjastjórnendur
- Verkamenn
- Hjúkrunarfólk
- Önnur störf samkvæmt óskum atvinnurekanda

INTJOB hefur verið starfrækt í þrjú ár með góðum árangri

Hafðu samband í síma 517 4530

INTJOB STARFSMANNALEIGA

Hagasmára 1, 201 Kópavogur, www.intjob.is

## TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

Kærleikssetrið

## Skyggnilýsing

**Miðvikudaginn 25. apríl kl. 20.00 verður Skúli Lórenzson með skyggnilýsingu í Kærleikssetrinu Álfabakka 12. Nánari uppl. í síma 567 5088 og www.kaerleikssetrid.is.**



Eygló Peta Gilbertsdóttir hóf störf á Mecca Spa Hótel Sögu 20. apríl 2007.

## Ýmislegt

## Engar skuldir - Hærri tekjur

Skoðaðu www.Kennsla.com ef þú vilt losna við skuldir og fá miklu hærri tekjur.

## Einkamál




Ungur vel útlitandi 22 ára kk leitar eftir villtum nánari kynnum við eldri konu 28-37 ára. Hafið samband í e-mail eldri1@visir.is

## Kraftafl auglýsir eftir einbýlishúsi eða stórri íbúð til leigu á höfuðborgarsvæðinu eða í grennd.

Kraftafl ehf s. 840-1616.



# Starfsfólk óskast!

## Dyraverðir

Perlan leitar að fólki í dyravörslu. Vinnutími frá 18-24
Umsækjendur þurfa að vera 20 ára eða eldri.

**Umsóknir sendist á tölvupósti til perlan@perlan.is og nánari upplýsingar hjá Guðna í síma 562 0200.**

PERLAN

Sími: 562 0200 · perlan@perlan.is

# KÓPAVOGSBÆR

## Frá Digranesskóla

*Digranesskóli er heildstæður grunnskóli með rúmlega 400 nemendur. Í skólanum er sérdeild fyrir einhverfa nemendur.*

*Stefna Digranesskóla er að skapa tækifæri til lærdóms og þroska sem grundvallast á virkni, virðingu og vellíðan nemenda og starfsmanna.*

Í skólanum er góður starfsandi og í næsta skólaár getum við bætt við í okkar hóp

- **umsjónarkennara á yngra stigi og**
- **raungreinakennara á unglingastigi.**

Skólinn hefur nýlega eignast góðan stjörnukíki og mun nýr raungreinakennari taka þátt í að þróa notkun hans í skólastarfinu.

Laun samkv. kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og KÍ.

Upplýsingar veita Magnea Einarsdóttir skólastjóri og Hannes Guðmundsson aðstoðarskólastjóri í síma 554 0290.

***www.kopavogur.is - www.job.is***

ÁSKRIFT: 515 6100 I VODAFONE

Nýtt!

# DISNEY CHANNEL

## Ný stöð á Fjölvarpinu




Yfir 50 erlendar sjónvarpsstöðvar á Fjölvarpinu og þú getur valið um 5 mismunandi pakka eftir því hvað hentar þér. Disney Channel og 5 aðrar stöðvar hafa bæst við í stærsta pakkann á Fjölvarpinu.

**Uppfærðu myndlykilinn þinn og sjáðu allar stöðvarnar!**

| Fjölvarp Evrópa | Fjölvarp sport | Fjölvarp allt | | | Fjölvarp fræðsla | Fjölvarp skemmtun |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Verð frá 1.898 kr. á mánuði | Verð frá 2.625 kr. á mánuði | Verð frá 3.165 kr. á mánuði | ProSieben<br>NBA TV Ný! | Eurosport<br>TV5 | Verð frá 1.898 kr. á mánuði | Verð frá 1.898 kr. á mánuði |
| Arte | ESPN Classic Sports | Adventure One | Rai Due | Eurosport 2 | Fjölvarp fræðsla | BBC Prime |
| DR1 | Eurosport | M6 | CNN | TVE | BBC Prime | Cartoon Network |
| DR2 | Eurosport 2 | Liverpool TV Ný! | Reality Channel | Extreme Sports | BBC World | Club |
| ProSieben | Extreme Sports | MGM | Discovery | VH-1 | CNBC | E! |
| Sat 1 | SKY news | ARD | Sat 1 | Fox News | CNN | Jetix |
| TV5 | Motors TV | Motors TV | Discovery Civilization | ZDF | Discovery Civilization | Hallmark |
| ARD | Arsenal TV | Arte | SKY news | Hallmark | Discovery | MGM |
| M6 | Liverpool TV | MTV | DR1 | Fashion TV | Fox News | MTV |
| Rai Due | Chelsea TV | BBC Food | SVT1 | Jetix | SKY news | Reality Channel |
| ZDF | Man.Utd TV | Chelsea TV Ný! | DR2 | Disney Channel Ný! | Animal Planet | TCM |
| NRK1 | NBA TV | BBC Prime | SVT2 | CNBC | National Geo. | VH-1 |
| NRK2 | | NRK1 | E! | National Geo. | Travel Channel | Fashion TV |
| Polsat | | BBC World | TCM | Arsenal TV Ný! | Adventure One | Disney Channel |
| SVT1 | | NRK2 | ESPN Classic Sports | Man.Utd TV Ný! | BBC Food | |
| SVT2 | | Cartoon Network | Travel Channel | Animal Planet | | |
| TVE | | Polsat | Club | | | |

Fjölvarp – heill heimur af skemmtun

## NÝTT AFSLÁTTARKERFI

M12 5% — Ein áskriftarstöð að eigin vali **5% afsláttur af grunnverði.** Stöð 2, Sýn eða Fjölvarp.

SILFUR M12 20% — Tvær áskriftarstöðvar að eigin vali **20% afsláttur af grunnverði.** Stöð 2, Sýn eða Fjölvarp.

GULL M12 25% — Þrjár áskriftarstöðvar að eigin vali **25% afsláttur af grunnverði.** Stöð 2, Sýn og Fjölvarp.

**M12 áskrifendur fá bestu kjörin og njóta mestu viðbótarþjónustunnar.**

| M12 áskrifendur Stöðvar 2 | M12 áskrifendur Sýnar |
|---|---|
| Stöð 2 plús | Sýn plús |
| Stöð 2 bíó | Sýn Extra 1 |
| Stöð 2 bíó plús | Sýn Extra 2 |
| Sirkus | |
| Sirkus plús | |

# Aðalfundur

Aðalfundur Sjálfsbjargar félags fatlaðra á höfuðborgarsvæðinu, verður haldinn laugardaginn 28. apríl 2007 kl. 14.00 í félagsheimili Sjálfsbjargar, Hátúni 12.

**Dagskrá:**
Venjuleg aðalfundarstörf
önnur mál

Þeir félagsmenn einir hafa kosningarrétt sem hafa greitt félagsgjaldið fyrir árið 2006
Félagsmenn eru hvattir til að mæta á fundinn

**Stjórnin**

EIMSKIP

**LÍFEYRISSJÓÐUR HF. EIMSKIPAFÉLAGS ÍSLANDS**

## Ársfundur 2007

Stjórn Lífeyrissjóðs Hf. Eimskipafélags Íslands boðar til ársfundar fimmtudaginn 10. maí n.k. kl. 16:00 í matsal Eimskips í Sundakletti, 2. hæð, Reykjavík.

**Dagskrá:**
1. Skýrsla stjórnar
2. Ársreikningur fyrir 2006
3. Greinargerð um tryggingafræðilega úttekt
4. Kynning á fjárfestingastefnu
5. Önnur mál

Allir sjóðfélagar eiga rétt til fundarsetu á ársfundinum. Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta á fundinn. Ársreikningar liggja frammi á skrifstofu sjóðsins Hafnarstræti 5.

**Stjórn Lífeyrissjóðs Hf. Eimskipafélags Íslands**

TIL SÖLU

# Heildsala – Smásala

Til sölu með eigin innflutning og góða álagningu, ásamt fínum samböndum. Góð uppgrip framundan. Verð ca. 12 m. Svar merkt: „Tækifæri" sendist á netfang: galle@isl.is.

TILKYNNINGAR

## Tillaga að niðurfellingu á Svæðisskipulagi Eyjafjarðar 1998-2018.

Samvinnunefnd um svæðisskipulag Eyjafjarðar auglýsir skv. 1. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. tillögu að breytingu á Svæðisskipulagi Eyjafjarðar 1998-2018, m.s.br. Gerð er tillaga um að fella niður Svæðisskipulag Eyjafjarðar 1998-2018, m.s.br., en jafnframt er gerð tillaga um að vinna nýtt svæðisskipulag.

Breytingartillagan verður til sýnis á skrifstofum viðkomandi sveitarfélaga, frá og með miðvikudeginum 25. apríl 2007. Þau sveitarfélög sem málið varðar eru Akureyrarbær, Arnarneshreppur, Dalvíkurbyggð, Eyjafjarðarsveit, Fjallabyggð, Grímsey, Grýtubakkahreppur, Hörgárbyggð, Svalbarðsstrandarhreppur og Þingeyjarsveit. Tillagan verður einnig til sýnis á heimasíðum þeirra sveitarfélaga sem geta komið því við.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartillöguna. Frestur til þess að skila inn athugasemdum rennur út miðvikudaginn 6. júní 2007. Skila skal athugasemdum á skrifstofu Héraðsnefndar Eyjafjarðar, Strandgötu 29, Akureyri eða til formanns samvinnunefndar á skrifstofu Eyjafjarðarsveitar, Syðra-Laugalandi, Eyjafjarðarsveit.

Þeir sem ekki gera athugasemdir við breytingartillöguna innan tilskilins frests teljast samþykkir henni.

F.h. samvinnunefndar
Bjarni Kristjánsson formaður

Skipulagsstofnun

# Bílastæðahús við Austurhöfn í Reykjavík

## Mat á umhverfisáhrifum - álit Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun hefur gefið álit sitt á mati á umhverfisáhrifum bílastæðahúss við Austurhöfn í Reykjavík, samkvæmt lögum nr. 106/2000 m.s.b. Stofnunin telur að sýnt hafi verið fram á nauðsyn framkvæmdarinnar í ljósi þeirrar miklu starfsemi sem fyrirhuguð er á svæðinu.

Niðurstaða Skipulagstofnunar er að helstu umhverfisáhrif framkvæmdarinnar lúti að haugsetningu efnis úr grunni bílastæðahússins. Ekki sé ásættanlegt að haugsetja efnið tímabundið austan við Ingólfsgarð vegna mengunarhættu.

Skipulagsstofnun leggur til að eftirfarandi skilyrði verði sett í framkvæmdaleyfi fyrir haugsetningu á efni úr grunni bílastæðahússins, á landi eða í sjó:

1. Eignarhaldsfélagið Portus ehf. þarf að mæla styrk mengunarefna í umframefninu áður en það verður haugsett og hafa samráð við Umhverfisstofnun og Umhverfissvið Reykjavíkurborgar um hvar og hversu mörg sýni verði tekin til greininga sem og þau mengunarefni sem nauðsynlegt er talið að greina.

2. Haugsetning efnis úr grunni bílastæðahússins og mótvægisaðgerðir vegna hennar skulu vera í samráði við Umhverfisstofnun og Umhverfissvið Reykjavíkur. Leita þarf leyfis Umhverfisstofnunar fyrir haugsetningu í sjó samkvæmt 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Álitið í heild liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Álit Skipulagsstofnunar og matsskýrslu Eignarhaldsfélagsins Portus má sjá á heimasíðu stofnunarinnar: **www.skipulag.is**

RE/MAX ESJA S. 414 4600


Sigfús Aðaðalsteinsson sími: 898 9979


Stefán Antonsson sími: 660 7761


Viðar Marínósson sími: 898 4477

Sigfús Aðalsteinsson, sölufulltrúi Sími 898 9979, sigfus@remax.is Þorbjörn Pálsson hdl. lögg. fasteigna- fyrirtækja og skipasali







Frum

## Remax Esja kynnir: Austurstræti 3.

Búið er að fá samþykktar teikningar fyrir veitingastað á 1 hæð og kjallara. Er húsið með síðasta leyfið sem verður veitt í miðbænum að sinni. Samkvæmt nýjum teikningum verður húsið 546,4 fm eftir breytingar þar sem að kjallarinn verður dýpkaður og gólfpláss mun því aukast. Einnig eru teiknaðar 2 íbúðir á annari hæð og 1 stór í risi. Í ljóst breyttra áætlana með rekstur veitingastaða í Austursræti og Lækjargötu er hér tilvalið tækifæri á ferðinni.
**Verð 190 milljónir.**

**Allar nánari upplýsingar hjá Stefáni, Sigfúsi eða Viðari í síma 4144600**

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
Yfir 150.000 gestir daglega.
Stórmarkaður í stofunni heima.
PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ

vísir
FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR
www.visir.is

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

HÚSIÐ FASTEIGNASALA
- heilshugar um þinn hag -
**Suðurlandsbraut 50**
Bláu húsin v/Faxafen
husid@husid.is
**Sími 513 4300**

| | |
|---|---|
| Vilhjálmur Bjarnason | lögg. fast.sali |
| Helgi H. Jónsson | lögg. fast.sali |
| Guðný Guðmundsdóttir | sölumaður |
| Gunnar Magnússon | sölumaður |
| Hrafnhildur Helgadóttir | sölumaður |
| Kolbeinn Sigurðsson | sölumaður |
| Kristinn Erlendsson | sölumaður |
| Ólafur H. Haraldsson | sölumaður |
| Ólafur M. Sævarsson | sölumaður |
| Vilborg G. Hansen | sölumaður |
| Heimir H. Eðvarðsson | sölumaður |
| Vignir Daðason | sölumaður |
| Yngvi Laxdal | sölumaður |
| Rannveig Sveinsdóttir | móttaka |
| Erla R. Guðmundsdóttir | bókari |
| Ómar Haraldsson | tölvuumsjón/frágangur |
| Ingvaldur Mar Ingvaldsson | framkv.stjóri |

Frum

**Einbýli — Keilufell - Rvk.**



Gott einbýli á tveimur hæðum ásamt bílskúr á fallegri lóð í efra Breiðholti.
4 Svefnherbergi, 2 baðherbergi, rúmgóð stofa og gott eldhús. Stærð 185,2 fm
Stór sólpallur og góð hellulögð verönd ásamt lóð í góðri rækt.
Stutt er í helstu þjónustu, Eign sem vel er þess virði að skoða.
**Verð 36,9 millj.**

**2 herbergja — Skarðshlíð - Akureyri**



Rúmgóð 2ja herb. 61,5 fm. íbúð á jarðhæð í blokk á góðum stað skammt frá verslunarmiðstöðinni á Glerártorgi. Geymsla með tveimur 2 stórum suðurgluggum. Rúmgott þvottahús í sameign er við hliðina á íbúðinni. Hagstæð ákvílandi lán í erlendri mynt með mjög lágum vöxtum
**Verð 11,6 millj.**

**Stærri íb. og sérh. — Þingholtsbraut - Kóp.**



Mjög stór og rúmgóð 161,4 fm, sjö herbergja efri sérhæð í snyrtilegu og klæddu þríbýlishúsi með glæsilegu útsýni og aukaherbergi í kjallara ásamt 26,1 fm sérbyggðum bílskúr á frábærum stað í vesturbæ Kópavogs. Eignin skiptist í 4 svefnherb., stóra stofu og arinstofu, góða borðstofu sem mætti loka og nota sem herbergi ásamt aukaherb. í kjallara. Stutt í gönguleiðir meðfram ströndinni, í sundlaugina og skóla ásamt verslun og þjónustu í Hamraborg. **Verð 38,4 millj.**

**2 herbergja — Engjavellir - Hfj.**



Engjavellir, falleg 2ja herbergja íbúð með sér inngangi af svölum ásamt sér geymslu á 3 hæð (efstu ) í nýlegu fjölbýli. Eignin er 64,2 fm að stærð ásamt 6,7 fm sér geymslu samtals 70,9 fm og skiptist í forstofu, gang, svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús/geymsla, stofu, svalir, borðstofu og eldhús. Falleg íbúð. **Verð 17,6 millj.**

**3 herbergja — Gullsmári - Kóp.**



Falleg og rúmgóð 3ja herbergja 73,7 fm íbúð 1.hæð í litlu og snyrtilegu fjölbýlishúsi í Smáranum. 2 rúmgóð svefnherbergi með skápum og baðherbergi með baðkari með sturtuaðstöðu og tengi fyrir þvottavél. Eldhús með borðkrók. Stofa með útgengi á hellulagða verönd. Eign í hjarta Smárans. Stutt í alla verlsun og þjónustu.
**Verð 19,9 millj.**

**2 herbergja — Ljósheimar - Rvk.**



Góð 52,9 fm 2ja herbergja íbúð á sjöundu hæð, frábært útsýni, að Esju og Bláfjöllum. 1 svefnhverbergi, eldhús með flísum á gólfi, stofa með útgengi á austur svalir, baðherbergi með sturtu. Sameign snyrtileg og vel um gengin, sérgeymsla með hillum, þvotta-og þurrkherbergi með sameiginlegri þvottavél, hjóla-og vagnageymsla, séð er um þrif. **Verð 15,5 millj.**

**Nýbyggingar — Hraunbær - Hveragerði**



Falleg raðhús í byggingu, 143,3 fm að stærð og þar af 25 fm í innbyggðum bílskúr í Hveragerði. Eignin skiptist í: Anddyri, hol, 2 herbergi, baðherbergi, stofa, eldhús, þvottahús, geymsla og bílskúr. Húsin skilast fullbúin að utan og tilbúin án gólfefna að innan með grófjafnaðri lóð.
**Verð 26,8 millj. fyrir endahús og 24,9 millj. fyrir miðjuhús**

**3 herbergja — Álftún - Kóp.**



- 3 herb. íbúð á efstu hæð 91,4 fm.
- Útsýni.
- Vandaðar innréttingar.
- Stutt í Snælandsskóla, leik skóla og HK íþróttasvæðið.
- Við Fossvogsdalinn.
- Laus við kaupsamning.
- Verð 23,3 millj.

**2 herbergja — Gautland - Rvk.**



Björt og rúmgóð 60,4 fm 2ja herbergja íbúð á jarðhæð í litlu 3ja hæða fjölbýli sem er með klædda gafla, góður staður í fossvoginum, flott útsýni. Mögulegt að opna út í garðinn þar sem er suður tré sólpallur.
**Verð 17,8 millj.**

**OPIÐ: Mánudaga til föstudaga kl. 9:00 - 17:00 — www.husid.is**

# Hvort á þjóð að þjóna flokki eða flokkur þjóð?

UMRÆÐAN
Málsskotsréttur forseta

Ekki þarf að ganga í grafgötur um að tíðindi 2. júní 2004 verða skráð á spjöld Íslandssögunnar. Þann dag braut forseti lýðveldisins blað með því að beita málskotsrétti sínum og þó fyrr hefði verið. Stjórn Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks hafði þá einu sinni sem oftar kveikt elda misklíðar og sundurlyndis í samfélaginu en sá nú sitt óvænna, skaraði þó að logunum fram í júlí en varð þá frá að hverfa. Enn þann dag í dag paufast þó innsti kjarni annars flokksins við að blása í kulnandi glæður.



EINAR SIGMARSSON

Í apríl 2007 ályktar landsfundur Sjálfstæðisflokksins að svipta skuli forseta Íslands málskotsréttinum. En væri það skynsamlegt?

Í 26. grein stjórnarskrárinnar segir meðal annars: „Nú synjar forseti lagafrumvarpi staðfestingar, og fær það þó engu að síður lagagildi, en leggja skal það þá svo fljótt sem kostur er undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar með leynilegri atkvæðagreiðslu.“ Hér fer varla milli mála að forsetinn afnemur ekki sjálfur lagafrumvarp heldur gefur þjóðinni kost á því. Í júlí 2004 tók ríkisstjórnin hins vegar upp hjá sjálfri sér að afnema nýsett fjölmiðlalög þannig að almenningur fékk ekki að fella sinn dóm.

Forseti Íslands er þjóðkjörinn og er það meira en sagt verður um ráðherra landsins. Í 11. grein stjórnarskrárinnar segir að 3/4 hlutar Alþingis geti vikið forseta frá áður en kjörtímabili hans lýkur og skuli þá borið undir þjóðaratkvæði hvort honum er stætt á að taka aftur við embætti. Aðhaldið kemur því ekki aðeins frá þjóðinni heldur líka frá Alþingi. Þannig eru hömlur á að forsetinn beiti málskotsréttinum í óhófi eða eftir geðþótta.

Til viðbótar málskotsrétti forseta Íslands væri bráðnauðsynlegt að tiltekið hlutfall atkvæðisbærra manna, til dæmis einhvers staðar á bilinu 7-15%, gæti komið því til leiðar að nýsamþykkt lagafrumvarp yrði borið undir þjóðaratkvæði. En ekki er hlaupið að því að safna tugþúsundum undirskrifta á stuttum tíma svo að opinbert og óyggjandi sé. Málskotsréttur þjóðkjörins forseta getur því á ögurstundu tryggt framgang lýðræðisins, ekki síst ef lagasetning frá Alþingi er með afbrigðum hæpin eða afdrifarík.

Í stjórnmálum rekast margir í sömu hjörð og verða jafnvel ekki viðskila fyrr en við móðuna miklu, sama hve lengi forystusauðirnir feta krákustíga, fúafen, hengiflugsbarma eða aðrar álíka villigötur. Sumir fylgja sínum nánustu eða straumnum inn í tiltekinn safnað. Aðrir renna á fagurt fyrirheitajarm þó að margt hafi verið svikið og enn fleira trassað misserin á undan. Þegar á reynir er hjarðeðlið þó sjaldnast með slíkum endemum að vegferð Flokksins gleðji hjartað í einu og öllu. Með vaxandi upplýsingaflæði hlýtur að teljast eðlilegt og sanngjarnt að almenningur fái meira svigrúm til að hafna nýsettum lögum. Því þrengri skorður sem flokksmenn í innsta hring vilja setja við því, þeim mun ljósara verður hvort þeir hafa meira álit á dómgreind fáeinna forkólfa eða meirihluta þjóðarinnar.

Hvort á að þjóna hinu: Þjóð flokki eða flokkur þjóð?

*Höfundur er íslenskufræðingur.*

# Vanræksla Samfylkingarinnar

UMRÆÐAN
Hjúkrunarrými

Samfylkingin reynir enn að fría sig ábyrgð á skorti á hjúkrunarrýmum í Reykjavík. Það gerði m.a. Steinunn V. Óskarsdóttir, frambjóðandi flokksins hér í Fréttablaðinu síðasta laugardag, 21. apríl. Staðreyndirnar tala hins vegar sínu máli.



ÁSTA MÖLLER

Eina hjúkrunarheimilið sem ákvörðun var tekin um og byggt var í Reykjavík í 12 ára stjórnartíð R-listans var hjúkrunarheimilið Sóltún, sem var byggt í einkaframkvæmd og var alfarið á vegum ríkisins.

Nokkur hjúkrunarheimili voru byggð eftir 1980 í tíð sjálfstæðismanna við stjórn Reykjavíkurborgar. Þetta eru hjúkrunarheimilin Droplaugarstaðir sem var opnað 1981, Seljahlíð 1986, Skjól, sem var byggt 1985-1988, Eir, byggt á árunum 1990-1995 og Skógarbær sem var byggt á árunum 1996-1997, en ákvörðun um byggingu þess var tekin í tíð sjálfstæðismanna. Reykjavíkurborg kostaði að fullu byggingu Droplaugarstaða og 65% af byggingu Seljahlíðar, en 35% komu úr framkvæmdasjóði aldraðra. Borgin greiddi að auki 30% af byggingarkostnaði Skógarbæjar. Skv. lögum á borgin í raun aðeins að leggja til 15% byggingarkostnaðar, en sjálfstæðismeirihlutinn í Reykjavík lagði meira til, til að mæta brýnni þörf aldraðra borgarbúa. Í tíð R-listans var látið reka á reiðanum, m.a. með þeim afleiðingum sem við sjáum í dag. Á þriðja hundrað aldraðra Reykvíkinga á biðlista eftir hjúkrunarrýmum í Reykjavík.

Samkomulag sem undirritað var milli borgarstjóra og heilbrigðisráðherra rétt fyrir sveitarstjórnarkosningar 2002 strandaði ekki síst á töfum í skipulagsvinnu Reykjavíkurborgar. Það er auðvelt að skella skuldinni á ríkið, en verkin tala sínu máli og í tíð R-listans voru málefni aldraðra svo sannarlega látin sitja á hakanum. Má í því sambandi benda á að nánast algjör stöðnun var í uppbyggingu þjónustuíbúða, félags- og þjónustumiðstöðva og leiguíbúða fyrir eldri borgara í Reykjavík í tíð R-listans.

Ný sókn í þessum málum er hafin með nýjum meirihluta sjálfstæðismanna í Reykjavík, en bygging hjúkrunarheimila, leiguíbúða, þjónustuíbúða og almennra íbúða í þjónustukjörnum er á teikniborðinu, auk tveggja nýrra þjónustumiðstöðva.

Já, staðreyndirnar tala sínu máli og undan þeim getur sviðið.

*Höfundur er alþingismaður.*



# Enn um Biblíuþýðingu

**UMRÆÐAN**
Ný Biblíuþýðing



GUNNAR ÞORSTEINSSON

Einar Sigurbjörnsson prófessor í guðfræði snýtir sér á síður Fréttablaðsins vegna gagnrýni minnar á nýja Biblíuþýðingu og augljósar falsanir þýðingarnefndarinnar. Grein hans ber yfirskriftina „Ég snýti mér í foragt!“ Í snýtum sínum gagnrýnir guðfræðiprófessor Einar að ég hafi ekki snúið mér til þýðingarnefndarinnar, en það er ekki rétt hjá honum. Ég fordæmdi vinnubrögðin við þýðinguna bæði á fundi sem Biblíufélagið boðaði til og einnig með bréfi til framkvæmdastjóra Biblíufélagsins. Það mátti vera ljóst að tilhögun vinnubragða við þýðinguna er afar gagnrýniverð og einnig mátti ljóst vera af fyrri reynslu að brotavilji þýðingarnefndarinnar var mikill og einbeittur eins og þegar hefur komið í ljós. Sannleikurinn bítur ekki á þessum mönnum eins og dæmin sýna.

Því miður hafa lúterskir menn beitt þeirri lúalegu aðferð í gegnum árin að falsa Biblíuþýðingar vegna þess að ýmsar kenningar þeirra þola ekki biblíulega skoðun. Að leggja í þann leiðangur einu sinni enn á öld upplýsingar er með hreinustu ólíkindum. Hver og einn sem hefur aðgang að netinu og hefur einhverja þekkingu á erlendum málum getur skoðað frumtexta og borið saman þýðingar. Einokun þessara manna er rofin fyrir löngu. Með þessum óvönduðu vinnubrögðum og fúski er verið að vega að heilagri ritningu og grafa undan trausti hennar meðal landsmanna. Ég fullyrði að með þessari þýðingu er gerð árás á menningarsögu okkar og guðskristni.

Guðfræðiprófessor Einar gagnrýnir að ég tek útgáfuna frá 1981 fram yfir þá þýðingu sem kemur út í haust vitandi að hún ber einnig fingraför lúterskra falsara. Staðreyndin er sú að sú þýðing er illskárri en sú ónýta bók sem við eigum von á í haust þó hún sé fjarri því að vera eins og bæri og enn vegna ótta lúterskra við sannleikann.

Guðfræðiprófessor Einar talar niður til okkar sem erum utan þjóðkirkju með miklum hroka og gerir því jafnvel skóna að við ætlum að hagnast á því að kaupa gömlu þýðinguna. Í framhaldi af þeim hugleiðingum guðfræðiprófessors Einars ætti hann að svara því hversu mikið þessi ólánsþýðing hefur kostað. Er það rétt að þýðingarnefndin hafi sólundað tugum milljóna í þetta óhappaverk – eða er upphæðin enn hærri? Hversu margir eru silfurpeningarnir, Einar?

Það má vel vera að guðfræðiprófessor Einar telji okkur lítilsigld og ómerkileg sem erum ekki í kirkjudeildinni hans og það er e.t.v. rétt hjá honum, en það má hann vita að hámenntaðir Biblíudólgar í fílabeinsturnum háskólanna sem ekki klæðast öðru en nýju fötum keisarans fara í taugarnar á okkur.

*Höfundur er forstöðumaður Krossins.*

# Hafið á degi umhverfisins

**UMRÆÐAN**
Umhverfismál



KOLBRÚN HALLDÓRSDÓTTIR

Dagur umhverfisins er öðru fremur til þess hugsaður að umræða um málefni umhverfisins sé sett í kastljós fjölmiðlanna. Við vinstri græn fögnum deginum og tökum þessari áskorun, þó okkur þyki sjálfsagt að málefni umhverfisins séu á dagskrá alla daga ársins. En flestar gjörðir okkar hafa áhrif á umhverfið á einhvern hátt.

Það er eðlilegt að fiskveiðiþjóð í miðju Atlantshafinu leggi mikið upp úr því að vernda hafið umhverfis landið og sumt höfum við gert vel í þeim efnum en annað hefur setið á hakanum.

VG leggur áherslu á að litið sé á verndun og nýtingu lífrænna auðlinda hafsins í sem heildstæðustu samhengi. Við leggjum áherslu á rannsóknir til að fá sem skýrasta mynd af sem flestum þáttum í vistkerfi sjávar og samspili þeirra. Og við leggjum áherslu á það sem við köllum sjálfbæra sjávarútvegsstefnu, sem tekur í senn mið af umhverfislegum, félagslegum og efnahagslegum þáttum með það að markmiði að varðveita náttúru og lífrænar auðlindir hafsins, treysta byggð og atvinnu sem víðast og skapa sem mest verðmæti af sjávarauðlindunum innanlands. En við leggjum líka mikið upp úr vernd þeirra svæða sem fóstra nytjastofna okkar og annað lífríki. Í því efni beinum við sjónum að hafinu sjálfu, ströndinni umhverfis landið og hafsbotninum.

Í Grænni framtíð, stefnu VG um sjálfbæra þróun, setjum við fram markmið til langs tíma, en gerum jafnframt grein fyrir ákjósanlegum leiðum að þeim markmiðum. Þannig teljum við nauðsynlegt að við alla nýtingu sjávarauðlindarinnar sé gætt varúðarsjónarmiða og að nýtingin sé siðferðilega ábyrg. Til þess þurfa allar ákvarðanir um nýtingu að byggja á heildarsýn, bestu fáanlegu þekkingu og öflugum grunnrannsóknum. Á næstu fimm árum teljum við brýnt að efla hafrannsóknir með sérstakri áherslu á að fylgjast með samspili tegundanna og viðgangi staðbundinna stofna. Einnig þarf að efla möguleika rannsóknarstofnana á að skoða áhrif mismunandi veiðarfæra, bera saman árangur fiskverndaraðgerða, rannsaka áhrif ólíkra veiðarfæra á hafsbotninn og sinna fleiri slíkum rannsóknarverkefnum sem ekki hefur verið sinnt sem skyldi, m.a. vegna fjárskorts. Þá þarf að gefa gaum að alþjóðlegu rannsóknarsamstarfi í því augnamiði að styrkja vísindalegan grundvöll fiskveiðistjórnunar og framleiðslu.

Við Íslendingar erum bundin af alþjóðasamningum sem varða umgengni við lífríki og náttúruna. Þar má nefna Ríó-yfirlýsinguna frá 1992, CITES-samninginn frá 1973 um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna í útrýmingarhættu og Bernar-samninginn frá 1979 um vernd villtra dýra og plantna og búsvæða þeirra í Evrópu. Þessa samninga viljum við vinstri græn efna en teljum nokkuð skorta á að svo sé í dag. Við erum einnig aðilar að samstarfi Norðurlandaþjóðanna um sjálfbær Norðurlönd. Í samræmi við það þyrftum við að taka orkunotkun í sjávarútvegi sérstaklega til skoðunar í þeim tilgangi að stuðla að orkusparnaði og nýtingu vistvænna orkugjafa í sjávarútvegi. Rannsóknir gefa vísbendingar um að báta- og strandveiðiflotinn skili margföldu aflaverðmæti á hvert tonn af olíu miðað við það sem gerist í togaraútgerð. Nauðsynlegt að vinna markvisst að því að draga úr orkunotkun á aflaeiningu.

Því miður er umræðan um umhverfismál stundum föst uppi á þurru landi. Á degi umhverfisins gefst okkur tækifæri til að breikka umræðuna svo hún nái út fyrir strandlengjuna og út á sjó. Það er næsta skref í umhverfismálunum því hafið er órjúfanlegur hluti af umhverfi okkar Íslendinga, enda búum við langflest nálægt hafinu. Vinstri græn hafa lagt sitt af mörkum í þeirri umræðu með umhverfisstefnunni Græn framtíð. Nú vantar okkur aðeins umboð kjósenda til að koma stefnunni í framkvæmd.

*Höfundur er alþingismaður.*

# *Heilsa á heimsmælikvarða*

**UMRÆÐAN**
Gæði umönnunar



BJARNI ÞÓR BJÖRNSSON

Frá upphafi hafa RAI-mælitækin verið í sífelldri þróun hjá InterRAI, í samstarfi fagaðila frá tuttugu löndum og tekur Ísland virkan þátt í því samstarfi.

RAI-hugmyndafræðin hefur á undanförnum árum rutt sér til rúms sem áhrifarík leið til að auka gæði heilbrigðisþjónustu annars vegar og stýra betur fjármunum hins vegar. Á vegum alþjóðlegra samtaka, InterRAI (http://interrai.org), hefur verið skilgreindur fjöldi samhæfðra mælitækja sem öll miða að því að mæla nákvæmlega líðan og aðbúnað þeirra sem nýta sér tiltekna þjónustu heilbrigðiskerfisins.

**Kerfi til að auka gæði heilbrigðisþjónustu**

Þróun RAI-mælitækjanna hófst árið 1986 í BNA. Í fyrstu var RAI eingöngu hugsað sem matskerfi til að auka gæði þjónustu á hjúkrunarheimilum en með tímanum hefur aðferðafræðin verið víkkuð út á fleiri tegundir heilbrigðisþjónustu. Skammstöfunin RAI er stytting á ensku orðunum, „Residential Assessment Instrument“, sem á íslensku hefur verið þýtt sem raunverulegur aðbúnaður íbúa.

Á Íslandi starfar RAI-stýrihópur, IceRAI, á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins auk þess sem skilgreindir hafa verið tæknilegir stýrihópar sem stýra tæknilegri þróun hinna mismunandi RAI-mælitækja. Landlæknir hefur eftirlitsskyldu með skráningu gagna auk þess að gæta að samræmingarhlutverki mælitækjanna. Rekstraraðilar heilbrigðisþjónustunnar nýta sér mælitækin til að mæla kostnað þjónustunnar og heilbrigðisstarfsmenn nýta sér þau til að bæta gæði þjónustunnar.

**Alþjóðleg mælitæki notuð í Kína og á Íslandi**

RAI-mælitækin samastanda af ellefu sérhæfðum mælitækjum sem byggja á sameiginlegum grunni. Þetta eru mælitæki fyrir dvalar- og hjúkrunarheimili, heimaþjónustu, geðheilbrigðisþjónustu, öldrunarlækningar, skimun, notendur þjónustuíbúða, líknarþjónustu, bráðasjúkrahús, samfélagsog geðheilbrigðisþjónustu, fatlaða og þroskahefta.

Hvert mælitæki samanstendur af mati á líðan og aðbúnaði einstaklinga annars vegar og niðurstöðum fyrirfram skilgreindra útreikninga hins vegar. Mat er framkvæmt með þeim hætti að heilbrigðisstarfsmaður safnar upplýsingum um einstakling, með því að spyrja hann eða þá sem honum eru nákomnir, og fyllir út matseyðublað viðkomandi mælitækis. Út frá matinu eru framkvæmdir útreikningar sem skila niðurstöðum sem segja til um aðbúnað sem og líkamlegt og andlegt atgervi einstaklings. Út frá niðurstöðunum er síðan mögulegt að skipuleggja þjónustuna þannig að hverjum og einum sé sinnt miðað við eigin þarfir. Þar með aukast gæði þjónustunnar. Eins geta upplýsingar um hópa einstaklinga gefið vísbendingar um hvar skórinn kreppir og þar með haft áhrif á þjónustu við smærri og stærri hópa einstaklinga. Út frá niðurstöðum má einnig sjá kostnað við þjónustuna, hvort sem það er fyrir einstaklinga eða smærri eða stærri hópa.

Til að nýta sem best þær upplýsingar sem mælitækin innihalda og auka gæðin með skilvirkum hætti kom fljótt í ljós að þróa þyrfti hugbúnað til að halda utan um upplýsingar RAI-mælitækjanna. Á Íslandi hefur þróun þess hugbúnaðar verið í höndum Stika ehf.

**Samstarf hins opinbera og sveitarfélaga**

Tvö mælitæki hafa verið tekin í notkun á Íslandi nú þegar og innan skamms verða önnur tvö tekin í notkun. Annars vegar RAI-mælitækið fyrir dvalar- og hjúkrunarheimili en það hefur verið í notkun á Íslandi frá 2002. Árið 2004 hófst þróun á RAI-mælitæki fyrir heimaþjónustu og hét verkefnið samstarfsverkefni Félagsþjónustunnar- og Heilsugæslunnar í Reykjavík. Haustið 2006 fór af stað hönnunarvinna fyrir næstu tvö RAI-mælitækin þ.e. fyrir geðheilbrigðisþjónustu og öldrunarlækningar.

**Mikilvægur þáttur**

Öll mælitækin eiga sér sameiginlegan kjarna. Við hönnun kerfisins var því leitast við að láta hugbúnaðinn og skráningu gagna endurspegla þann kjarna. Öll kerfin hafa því staðlaðan máta við skráningu og birtingu gagna og samþætting mismunandi RAI-kerfa verður mun auðveldari. Gert hefur verið ráð fyrir því að auðvelt sé að samþætta RAI-kerfið við ýmis önnur kerfi. Jafnframt er hægt að flytja og yfirfæra skráningar úr einu RAI-kerfi yfir í annað til dæmis frá heimaþjónustukerfi yfir í dvalar- og hjúkrunarheimili þegar einstaklingur flyst á hjúkrunarheimili úr heimaþjónustu. Að auki má nefna að þar sem mælitækin eru þróuð með stöðluðum hætti auðveldar það allan samanburð á upplýsingum milli landa.

Ekki hefur verið tekin ákvörðun um frekari útbreiðslu núverandi kerfa eða þróun þeirra mælitækja sem ekki hafa verið innleidd á Íslandi en vafalaust yrði það til að bæta þjónustu og eins til að bæta áætlanir og mælingar á kostnaði við umönnun og þjónustu í mismunandi tegundum heilbrigðisþjónustu.

*Höfundur er stærðfræðingur og tæknilegur framkvæmdastjóri Stiku ehf.*


Markviss framkvæmd stefnu
Make Your Strategy Come Alive



MBA
www.mba.is

MBA-námið við Háskóla Íslands og Stjórnvísi boða til námsstefnu **fimmtudaginn 26. apríl 2007 kl. 8:30 - 12:30** í Rúgbrauðsgerðinni, Borgartúni 6.

Kennari á námsstefnunni er **Robin Speculand**, höfundur bókarinnar **Bricks to Bridges - Make Your Strategy Come Alive**. Robin er vinsæll ráðgjafi og fyrirlesari sem kemur til Íslands sem gestafyrirlesari í MBA–náminu við Háskóla Íslands.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu MBA–námsins, www.mba.is.

**Skráning fer fram á vefsíðu Stjórnvísi, www.stjornvisi.is/skraning.**

H2 hönnun

Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands
Landsbankinn
STJÓRNVÍSI

## KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

**ICEX-15** 7.804 **-0,36%** **Fjöldi viðskipta:** 455 **Velta:** 6.335 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| Vinnslustöðin | 7,69% | Eimskipafélagið | 1,17% |
| Atlantic Petroeum | 1,73% | FL Group | 1,02% |
| Icelandic Group | 0,73% | Mosaic | 0,88% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** 365 3,49 -0,57% ... Actavis 78,90 -0,13% ... Alfesca 4,74 +0,00% ... Atlantic Petroleum 705,00 +1,73% ... Atorka 7,01 -0,29% ... Bakkavör 69,70 +0,43% ... Eimskipafélagið 33,80 -1,17% ... FL Group 29,10 -1,02% ... Glitnir 27,00 +0,19% ... Kaupþing 1.081 -0,37% ... Landsbankinn 34,25 -0,73% ... Marel 76,10 -0,65% ... Mosaic Fashions 16,85 -0,88% ... Straumur-Burðarás 20,75 -0,72% ... Össur 126,50 -0,78%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Teygja sig nú um mestallan heim

Samskip hafa tekið upp samstarf við flutningafyrirtækið Gulf Agency Company (GAC) sem er með höfuðstöðvar í Dubai. Peder Winther, framkvæmdastjóri frystivöruflutningasviðs Samskipa, tilkynnti um samstarfið við opnun sjávarútvegssýningarinnar í Brussel (Europan Seafood Exposition) í gær.

Með tilkomu samstarfsins segjast Samskip nú geta boðið stórbætta þjónustu í frystivöru- og flutningsmiðlun í Suðaustur-Asíu, á Indlandi, í Austurlöndum nær og í nokkrum löndum Afríku, þar á meðal Egyptalandi og Suður-Afríku.

Peder Winther segir að uppbygging frystivöru- og flutningsmiðlunar Samskipa byggist á reynslu félagsins í flutningum á frystum sjávarafurðum og að með því að tengja saman þjónustunet félagsins og samstarfsfyrirtækja sé nú hægt að bjóða heildstæða flutningsþjónustu frá dyrum sendanda að dyrum móttakanda á heimsvísu, sama um hvaða varning er að ræða.

Samkomulagið við GAC kemur í kjölfar tveggja annarra samstarfssamninga Samskipa í Suður-Ameríku, en félagið styrkti einnig núverið stöðu sína í Norður-Ameríku með kaupum á helmingshlut í Bayside Food Terminal í Kanada. Þá er ekki langt síðan tilkynnt var um samstarf við Interocean Shipping Corporation í Japan. Peder Winther segir Samskip hins vegar langt frá því að leggja árar í bát í þessum efnum og nefnir möguleikann á frekara samstarfi í Suður-Ameríku. **- óká**



**PEDER WINTHER** Framkvæmdastjóri frystivöruflutningasviðs Samskipa segir félagið á höttunum eftir samstarfsfyrirtækjum um heim allan með það fyrir augum að efla flutninganet sitt.

# Verslanakeðjan Tesco skilar metári

Breska verslanakeðjan Tesco skilaði hagnaði upp á 2,55 milljarða punda, jafnvirði rúmra 332 milljarða íslenskra króna fyrir skatta og gjöld á síðasta ári. Þetta er 13 prósenta aukning á milli ára og enn ein metafkoman fyrir þessa stærstu stórmarkaðakeðju Bretlandseyja.

Velta Tesco nam 46,6 milljörðum punda, jafnvirði 6.071 milljarða króna, sem er 10,9 prósenta aukning á milli ára. Þetta jafngildir því að verslanir undir merki Tesco hafi tekið inn 4.800 pund, hvorki meira né minna en 625.392 íslenskar krónur, á hverri einustu mínútu á síðasta ári.

Tesco rekur 1.500 verslanir í Bretlandi en hefur síðustu misserin opnað verslanir á nýjum mörkuðum, svo sem í Kína. Auk þess er áætlað að opna verslanir í Bandaríkjunum.

Mestur hluti af hagnaði verslanakeðjunnar kemur hins vegar frá breska markaðnum. Stór hluti af aukningunni kemur frá vexti í netverslun og sölu á öðrum vörum en mat. Tesco hefur verið harðlega gagnrýnt fyrir einokunartilburði á breska matvörumarkaðnum. Hlutdeild verslanakeðjunnar í Bretlandi nemur 31,2 prósentum sem er meira en samanlögð markaðshlutdeild tveggja næststærstu verslanakeðja landsins, Asda og Sainsburys. **- jab**



**MEÐ POKA FRÁ TESCO**




**FASTEIGNIR Í BANDARÍKJUNUM** Sala á fasteignum hefur ekki dregist jafn hratt saman í Bandaríkjunum og í mars síðan í byrjun árs árið 1989. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Enn fækkar kaupendum

Sala á íbúðum dróst saman um 8,4 prósent á milli mánaða í Bandaríkjunum í mars en samdrátturinn hefur ekki verið meiri síðan í janúar árið 1989. Á sama tíma hefur sala á nýjum íbúðum ekki verið minni í tæp fjögur ár. Greinendur segja samdráttinn merki um veika stöðu fasteignamarkaðarins vestra sem hefur dalað mikið það sem af er árs. Þeir segja óvíst hvort botninum sé náð.

Bloomberg segir eigendur fasteigna sem hafi hug á að selja fasteignir sínar trega til að lækka verð á eignum sínum til að liðka fyrir sölunni. Því séu líkur á að fjölmargar íbúðir eigi enn eftir að koma á markaðinn vestra. **- jab**



**KRÓNUR SKIPTA UM HENDUR** Í gær var tilkynnt um fjögurra milljarða króna krónubréfaútgáfu.

# Enn meiri krónubréf

Í gærmorgun var tilkynnt um fjögurra milljarða króna krónubréfaútgáfu. Krónubréf eru skuldabréf í íslenskum krónum sem gefin eru út erlendis.

Í Vegvísi Landsbankans segir að þar með sé krónubréfaútgáfan komin í 22 milljarða króna í apríl. Í mánuðinum hafa bréf að andvirði fjórtán milljarða króna fallið á gjalddaga.

Gengisvísitala krónunnar er nú 118,6 stig. Hún styrktist um 0,38 prósent í gær. Velta á gjaldeyrismarkaði nam rúmum 11 milljörðum króna í gær. Krónubréfaútgáfa styður við gengi krónunnar sem hefur styrkst um 0,5 prósent í mánuðinum. **- hhs**

RARIK
lifandi afl

Lifandi afl í 60 ár

**Málþing**
Í tilefni 60 ára afmælis RARIK
verður málþing í Salnum, Kópavogi,
föstudaginn 27. apríl kl. 14:00
að afloknum aðalfundi fyrirtækisins.

DAGSKRÁ

Ávarp iðnaðarráðherra, Jóns Sigurðssonar

*Saga rafmagns í 100 ár*
Sveinn Þórðarson sagnfræðingur

*Þegar rafmagnið kom í sveitina*
Guðný Sverrisdóttir, sveitarstjóri Grýtubakkahrepps

Hlé / Kaffiveitingar

*Eru línurnar í lagi?*
Steinunn Huld Atladóttir, gæða- og umhverfisstjóri RARIK

*Umhverfi auðnuafls*
Þorsteinn Pálsson, ritstjóri Fréttablaðsins

Málþinginu lýkur um kl. 16:00.

**Fundarstjóri:**
Sveinn Ingvarsson

Fundurinn er öllum opinn. Vinsamlegast tilkynnið þátttöku í síðasta lagi 25. apríl
á netfangið rarik@rarik.is

60
1947 • 2007

AP almannatengsl / H2 hönnun

**EÐVARÐ INGÓLFSSON ER 47 ÁRA Í DAG**

*„Ég fæ góða útrás með því að skrifa fyrir kirkjuna. Ég er í stóru prestakalli, þarf alltaf að koma fram og tala og ekki mikill tími fyrir aðrar skriftir.“*

***Eðvarð Ingólfsson, sóknarprestur á Akranesi og rithöfundur, fæddist þennan dag árið 1960.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 25. APRÍL 1719

## *Róbinson Krúsó kemur út*

Á þessum degi fyrir 288 árum kom út skáldsagan The Life and Strange Adventures of Robinson Crusoe eftir Daniel Defoe út, eða einfaldlega Róbinson Krúsó.

Bókin fjallar um sjómanninn Róbinson Krúsó sem lendir í skipsskaða og skolast upp á strönd á eyðieyju. Þar dvelst hann í 28 ár. Ævintýrið er byggt á ævi skoska sjómannsins Alexander Selkirk sem eyddi fjórum árum á eyðieyju undan ströndum Suður-Ameríku í byrjun átjándu aldar og einnig reynslu ýmissa annarra sem hafa lent í skipskaða.

Höfundurinn Daniel Defoe var ósköp venjulegur Englendingur af millistétt. Hann var ekki menntamaður eins og flestir rithöfundar síns tíma. Þess í stað var hann kaupmaður sem varð gjaldþrota árið 1692 og fór eftir það að semja pólitísk dreifirit til að framfleyta sér. Í einu þeirra gerði hann grín að meðlimum ensku kirkjunnar og var fyrir vikið handtekinn en slapp á endanum við fangelsisdóm. Defoe stofnaði í framhaldinu stjórnmálablaðið Review sem hann gaf út á árunum 1704 til 1713. Hann fór ekki að semja skáldsögur fyrr en hann var kominn á sextugsaldurinn.

Auk sögunnar um Róbinson Krúsó samdi hann Moll Flanders og Roxana. Defoe lést í London árið 1731, einum degi áður en tólf ár voru liðin frá útgáfu Róbinson Krúsó.




**RÓBINSON KRÚSÓ** Ævintýrið um sjómanninn Róbinson Krúsó kom út þennan dag árið 1719.

**MERKISATBURÐIR**

**1840** Pjotr Ilyich Tsjaíkovskí tónskáld fæðist.

**1915** Hótel Reykjavík og ellefu önnur hús brenna í mesta eldsvoða á Íslandi. Tveir menn farast.

**1944** Fyrsta íslenska óperettan, Í álögum, er frumsýnd í Iðnó.

**1971** 200 þúsund manns mótmæla Víetnamstríðinu í Washington.

**1978** Jökull Jakobsson rithöfundur lést.

**1991** Bifreið er ekið á hæsta tind Íslands, Hvannadalshnúk á Öræfajökli, í fyrsta sinn.

**1993** Boris Jeltsín kosinn forseti Rússlands.



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ásgrímur Egilsson**

pípulagningameistari, Krummahólum 6,

lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund laugardaginn 21. apríl. Útför hans fer fram 27. apríl kl. 13.00 frá Fossvogskirkju. Sérstakar þakkir eru til starfsfólks á hjúkrunarheimilinu Grund fyrir alúð og umhyggju honum til handa.

**Jónheiður Björg Guðjónsdóttir**
**Steinar Ásgrímsson**
**Egill Ásgrímsson**
**Jón Þór Ásgrímsson**
**Guðjóna Ásgrímsdóttir**
**Ólafur Ásgrímsson**
**Ari Gunnar Ásgrímsson**
**tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Lilja Kristinsdóttir**

Skólabraut 5, Seltjarnarnesi,

andaðist að heimili sínu aðfaranótt 19. apríl. Útförin fer fram frá Grensáskirkju fimmtudaginn 3. maí kl. 15.

**María Jóna Gunnarsdóttir** **Jóhann Bergmann**
**Soffía Kristín Sigurðardóttir** **Kjartan Tryggvason**
**Kristín Elínborg Sigurðardóttir** **Kristján Gissurarson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Elskulegur pabbi minn, sonur, bróðir, mágur og frændi,*

**Karl Rúnar Guðbjartsson**

lést fimmtudaginn 19. apríl. Jarðarförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju miðvikudaginn 2. maí kl. 13.00.

**Unnur Steina Knarran Karlsdóttir**
**Sigurborg Kristbjörnsdóttir**
**Birna Guðbjartsdóttir**
**Skúli Skúlason**
**Sólrún Guðbjartsdóttir**
**Friðrik Tryggvason**
**Unnur Guðbjartsdóttir**
**Ólafur Tryggvason**
**Magnus Guðbjartsson**
**Ester Óskarsdóttir**
**og fjölskylda.**

**FÉLAG ÍSLENSKRA LISTDANSARA:** FAGNAR SEXTÍU ÁRA AFMÆLI Í KVÖLD

# Löng leið að langþráðu marki

Eitt af stofnfélögum Bandalags íslenskra listamanna, Félag íslenskra listdansara, er statt á tímamótum því um þessar mundir eru sextíu ár liðin síðan frumherjar íslenskrar danslistar komu saman og stofnuðu félagið. Fyrsti formaður þess var Ásta Norðmann en hún leiddi um árabil hóp frumkvöðlanna. Var hún eina konan sem kom að stofnun Bandalags íslenskra listamanna en konur hafa alla tíð verið í forystu listdansins á Íslandi.

Stofnun FÍLD markar upphaf áralangrar baráttu fyrir uppbyggingu listdansins og viðurkenningu listgreinarinnar hérlendis. Óformlegra upphaf listdansins á Íslandi má þó rekja hundrað ár aftur í tímann eða til konungskomunnar árið 1907 þegar hingað kom í föruneyti konungs danskennari frá danska liðsforingjaskólanum sem síðar var fenginn hingað á vegum Leikfélags Reykjavíkur til að kenna og semja dansa fyrir sýningu félagsins á Álfhól. Það voru Stefanía Guðmundsdóttir og Árni Eiríksson sem beittu sér fyrir þessu framfaraspori í menningarsögu okkar.

Þessara tímamóta verður minnst með eftirminnilegum hætti á næstunni. Í bígerð er heimildarmynd um íslenskan listdans og einnig mun félagið standa fyrir hátíðarsýningu í Þjóðleikhúsinu í kvöld.

Félag íslenskra listdansara fékk nýverið úthlutað handritsstyrk frá Kvikmyndamiðstöð Íslands vegna heimildarmyndar sem félagið hyggst framleiða. Áætlað er að gera heimildarmynd í sex þáttum þar sem varpað er ljósi á íslenskan listdans í sögulegu samhengi. Fer þróunarvinna verkefnisins senn að hefjast. Það er Helena Jónsdóttir danshöfundur og kvikmyndagerðarkona sem mun sjá um gerð myndarinnar. Hún er ein af okkar fremstu listamönnum í gerð dansstuttmynda og hafa verk hennar og samstarfsmanna hlotið fjölda viðurkenninga erlendis, bæði fyrir dansstuttmyndagerð og fyrir að fara nýjar leiðir í nálgun sinni við gerð myndefnis. „Það er því mikill fengur fyrir félagið að fá hana til liðs við gerð myndarinnar,“ segir Irma Gunnarsdóttir sem situr í stjórn FÍLD. „Hér er um mjög krefjandi og þarft verk að ræða og spennandi verður að fylgjast með framvindu verkefnisins en stefnt er að því að ljúka verkinu á næstu þremur árum.“

Félagið hafði ráðið Árna Ibsen leikhúsfræðing til að skrá sögu listdansins á Íslandi en alvarleg veikindi hans hafa tafið það verk. Standa vonir til að Ingibjörg fyrrum dansari, dansahöfundur og skólastjóri Listdansskólans taki að sér að ljúka því verki.

Hátíðarsýningin í kvöld er haldin í tengslum við Alþjóðlega dansdaginn sem ber upp á 29. apríl. Árlega er dagurinn haldinn hátíðlegur víða um heim með ýmsum hætti og er hann þetta árið tileinkaður börnum og góðri grunnmenntun í listdansi. Það var frá upphafi einn höfuðtilgangur félagsins og hafa þær mætu konur sem þar hafa verið í stafni helgað líf sitt menntun ungra dansara: í dag stunda hundruð barna og ungmenna dansnám. Dagurinn á að vekja athygli á stöðu listgreinarinnar, samfélagi listdansara og gildi dansins hér á Íslandi sem og annars staðar í heiminum. Glæsileg og fjölbreytileg dagskrá verður í boði í Þjóðleikhúsinu í kvöld og sýnd verða dansverk af ýmsum toga. Sýningin spannar mikla breidd í íslenskum listdansi og munu listdansnemar frá öllum helstu listdansskólum landsins taka þátt í sýningunni, allt frá fjögurra ára aldri. Auk þeirra munu sjálfstætt starfandi atvinnudansarar sýna vel valin verk í tilefni dagsins en fyrir tilstilli þeirra hefur fjöldi og fjölbreytileiki danssýninga aukist allverulega hér á landi á síðustu árum. Sýningin verður einungis sýnd einu sinni.

Á efnisskránni er verk Helenu Jónsdóttur, Sannar ástarsögur, sem flutt verður af nýstofnuðum Stúdentadansflokknum. Þess má geta að verk Helenu, Open Source, verður sýnt í Kína á næstunni á vegum Íslenska dansflokksins en flokkurinn lagði af stað í morgun í tíu daga sýningarferð til Kína. Flokkurinn er að vanda á faraldsfæti en í gær var tilkynnt að hann myndi koma fram á Íslensku menningarhátíðinni Reykjavik to Rotterdam sem er haldin í annað sinn í Rotterdam í Hollandi í nóvember næstkomandi.

Fyrstu sporin á sviði Þjóðleikhússins í kvöld taka litlar ballerínur úr Ballettskóla Eddu Scheving. Þær eru 4-6 ára gamlar. Atriði frá nemendum listdansskólanna fylgja þar á eftir en eftir hlé taka atvinnudansarar við og flytja frumsamin verk eftir íslenska höfunda. Nýstofnað danskompaní, Good Company, sýnir verkið Kökur. Það skipa þær Saga Sigurðardóttir og Margrét Bjarnadóttir en þær eru nýkomnar heim úr þriggja ára háskólanámi í nútímadansi og hafa alið manninn í Hollandi að undanförnu. Nemendur við dansbraut Listaháskóla Íslands sýna nútímadansverk við tónverkið Heklu eftir Jón Leifs og verk um þjóðsögur uppsprettan að verkinu. Lára Stefánsdóttir kynnir nýtt verk sem er kallað Uglyduck. Höfundar að baki danshópnum Uglyduck eru Steinunn Ketilsdóttir og Andreas Constantinou. Þá setur Dansleikhúsið á svið sólóverk eftir Maríu Gísladóttur en dansari í verkinu er Þórdís Schram. Alls munu um nítjíu dansarar koma fram í kvöld.

**pbb@frettabladid.is**



**TÍMAMÓT** Íslenskir listdansarar fagna sextíu ára afmæli Félags íslenskra listdansara í kvöld. Höfuðtakmark félagsins var stofnun Íslenska dansflokksins en hann fór í morgun til Kína í tíu daga sýningarferð og verður því fjarri góðu gamni í kvöld. Myndin var tekin á æfingu ÍD fyrir í vikunni.

LJÓSMYND/ANTON BRINK



**ÍSLENSKI DANSFLOKKURINN** Æfir fyrir Kínaferð.

*Fallegir legsteinar á góðu verði*



**Englasteinar**

Helluhrauni 10 Hafnarfirði
Sími: 565-2566
www.englasteinar.is



Rúnar Geirmundsson | Sigurður Rúnarsson | Elís Rúnarsson | Þorbergur Þórðarson

**Alhliða útfararþjónusta**

**Símar: 567 9110 & 893 8638**

www.utfarir.is • runar@utfarir.is

Útfararþjónustan ehf.

Stofnað 1990



# 75 ára

**María S. Norðdahl**

fyrrv. framkvæmdastjóri

**er 75 ára í dag.**

# HÆTTU Í ALVÖRU



- Skynsöm leið til að hætta því þú hættir á eigin hraða.
- NicoBloc hindrar allt að 99% af nikótíni og tjöru í filternum.
- Þú venur þig af nikótíni áður en þú drepur í.




**HÆTTU Í ALVÖRU MEÐ NICOBLOC**

Þú setur NicoBloc í filter sígarettanna sem þú reykir. Það hindrar nikótínið og tjöruna í filternum og þú byrjar að venjast af nikótíninu. Um leið minnkar þú reykingar þínar smám saman, eftir sex vikur drepur þú í sígarettunni og sleppur við venjulegu fráhvarfseinkennin. Flestir sem nota Nicobloc til að hætta, byrja ekki aftur að reykja.*

Nicobloc er gert er úr 100% náttúrulegum efnum, það er ekki lyf og inniheldur ekki nikótín, þannig skiptir þú ekki sígarettufíkn út fyrir aðra fíkn.

*Skv. rannsóknum sem skoða má á www.nicobloc.is

RÁÐGJÖF Í REYKBINDINDI
800 6030

Aðstoð fyrir alla þá sem vilja hætta að reykja

Lágmúli - Smáratorg - Laugavegur - Smáralind - Spöngin - Garðatorg - Setberg - Keflavík - Grindavík - Selfoss - Laugarás - Borgarnes - Stykkishólmur Grundarfjörður - Búðardalur - Ísafjörður - Bolungarvík - Patreksfjörður - Sauðárkrókur - Blönduós - Hvammstangi - Skagaströnd - Húsavík - Kópasker Raufarhöfn - Þórshöfn - Egilsstaðir - Seyðisfjörður - Fáskrúðsfjörður - Höfn - Neskaupstaður - Reyðarfjörður - Eskifjörður

www.lyfja.is

LYFJA
- Lifið heil

LYFJA STYÐUR LANDSLIÐ KVENNA Í HANDBOLTA





## STUÐ MILLI STRÍÐA Holdsveiki og hundaæði

**SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR** ER DYGGUR STUÐNINGSMAÐUR SJÚKDÓMSGREININGA



Alveg frá því að Bráðavaktin hélt innreið sína í sjónvarpsdagskrána hef ég verið forfallinn aðdáandi læknaþátta. Hingað til eru það ofannefnd bráðavakt, hinn prúðmannlegi House og svo, að sjálfsögðu, dramadrottningarnar í Grey's Anatomy sem hafa náð inn á vinsældalistann. Á Bráðavaktartímabilinu mínu ætlaði ég meira að segja að verða læknir. Hvort það var til þess að bjarga lífum eða geta umgengist George Clooney á hverjum degi hef ég enn ekki gert upp við mig. Ég var ung og vitlaus (svo ung reyndar, að það er nánast ógeðslegt að Clooney hafi kitlað hjartarætur mínar), og draumurinn entist ekki lengi. Enda er ógeðsþröskuldurinn minn frekar lágur og leggur blátt bann við berskjölduðum líffærum.

Í gegnum læknisþáttaglápið hef ég fóðrað aðra áráttu. Ég er ekki viss um að ég teljist opinberlega til þess ímyndunarveika fólks sem á ensku kallast „hypochondriacs". En það er nú einu sinni svo oft þannig að í kringum hvern sjúkdóm eru stór grá svæði. Ég hef á mínum líftíma haldið að ég þjáist af, í stafrófsröð: berklum, ebólu, heilahimnubólgu, holdsveiki, hundaæði, kúariðu og því sem House vinur minn kallar iðulega lúpus. Hér um daginn dreymdi mig að ég væri með krabbamein í mjöðminni, og þyrfti því að gangast undir „bone marrow biopsy". Mig er sem sagt meira að segja farið að dreyma heitin á læknisþáttaensku.

Málið er bara það, og ég er viss um að ég er ekki ein um þessa skoðun, að það er einhvern veginn miklu auðveldara að takast á við hlutina þegar þeir hafa nafn. Fyrir utan það að ég uppsker meiri skilning frá fólki ef ég er holdsveik en ef ég er bara með hrikaleg útbrot eftir að hafa verið étin með húð og hári af einhverri illkvittinni flugu. Já, greining er af hinu góða. Ætli ég sé ekki bara ímyndunarveik eftir allt saman.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott




GOTT FÓLK McCANN
515 6100 I SYN.IS I VERSLUNUM VODAFONE
PLAYSTATION 3
MasterCard
Í KVÖLD KL. 18:30
CHELSEA
LIVERPOOL
MEISTARADEILDIN
UEFA
CHAMPIONS
LEAGUE
UNDANÚRSLIT
Guðni Bergs og Heimir Karls fjalla
um leiki kvöldsins fyrir og eftir leik.
sýn
besta sætið

ÁST
SÖNGLEIKUR EFTIR GÍSLA ÖRN GARÐARSSON OG VÍKING KRISTJÁNSSON
Í samstarfi við Vesturport
28. apríl Uppselt
29. apríl Uppselt
3. maí Uppselt
6. maí Laus sæti
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is





ABBABABB!
eftir Dr. Gunna
FRÁBÆR FJÖLSKYLDUSKEMMTUN!
Sun 29. apríl kl. 14.00 örfá sæti laus
Sun. 6. maí kl. 14.00
Sun. 13. maí kl. 14.00
Athugið - Sýningum lýkur í maí!
Leikhópurinn Á senunni & HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ
Miðasala í síma 555 2222
eða á www.midi.is
www.abbababb.is



„ÞAÐ ELSKA ALLAR KONUR HEIMSFRÆGA MENN“
GRETTIR

VILTU FINNA MILLJÓN?
Fim 3/5 kl. 20 Síðasta sýning

EILÍF HAMINGJA
Í samstarfi við Hið lifandi leikhús
Í kvöld kl. 20
Síðasta sýning

LADDI 6-TUGUR
Fös 27/4 kl. 20 UPPS.
Fös 27/4 kl. 22:30 UPPS.
Fös 4/5 kl. 20 UPPS.
Fös 4/5 kl. 22:30 UPPS.
Lau 5/5 kl. 14 UPPS.
Fim 10/5 kl. 22:30 UPPS.
Þri 29/5 kl. 20 UPPS.
Mið 30/5 kl. 20 UPPS.
Lau 2/6 kl. 20 UPPS.
Lau 2/6 kl. 22:30 UPPS.
Sun 3/6 kl. 14
Mán 4/6 kl. 20

SÖNGLEIKURINN ÁST
Í samstarfi við Vesturport
Í kvöld kl.20 UPPS.
Sun 29/4 kl. UPPS.
Sun 6/5 kl. 20 UPPS.
Fös 11/5 kl. 20 UPPS.
Lau 19/5 kl. 20 UPPS.
Fös 25/5 kl. 20
Lau 28/4 kl.20 UPPS.
Fim 3/5kl.20 UPPS.
Fim 10/5 kl. 20 UPPS.
Lau 12/5 kl. 20
Sun 20/5 kl. 20
Lau 26/5 kl. 20

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Einleikur Eddu Björgvins
Mið 2/5 kl. 20 AUKASÝNING
Lau 5/5 kl. 20 AUKASÝNING

DAGUR VONAR
Fim 26/4 kl. 20 UPPS.
Fös 27/4 kl. 20 UPPS.
Fös 4/5 kl. 20 UPPS.
Mið 16/5 kl. 20
Fim 17/5 kl. 20
Fös 18/5 kl. 20
Fim 24/5 kl. 20

SÖNGLEIKURINN GRETTIR
Lau 28/4 kl. 20 2.sýning Gul kort
Sun 29/4 kl. 20 3.sýning Rauð kort
Lau 5/5 kl. 20 4.sýning Græn kort
Sun 6/5 kl. 20 5.sýning Blá kort
Fös 11/5 kl. 20
Fös 25/5 kl. 20
Lau 26/5 kl. 20

KARÍUS OG BAKTUS
Sun 29/4 kl. 13, 14, 15 UPPS.
Sun 6/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Sun 13/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Sun 20/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Gestaleikur frá Leikfélagi Akureyrar

SAN FRANCISCO BALLETTINN
Samstarfsverkefni Listahátíðar í Reykjavík og Borgarleikhússins.
Mið 16/5 kl. 20 UPPS.
Fim 17/5 kl. 20 UPPS.
Fös 18/5 kl. 20 UPPS.
Lau 19/5 kl. 14
Lau 19/5 kl. 20 UPPS.
Sun 20/5 kl. 14 UPPS.
Sun 20/5 kl. 20 UPPS.

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhús.is
grettir.blog.is
BORGARLEIKHÚSIÐ



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ






Stóra sviðið kl. 20:00
SITJI GUÐS ENGLAR eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Sun. 29/4 kl. 14:00 örfá sæti laus og kl. 17:00, nokkur sæti laus.
Síðustu sýningar!
LEG - söngleikur eftir Hugleik Dagsson. Tónlist hljómsveitin Flís.
Fim. 26/4 örfá sæti laus, fös. 27/4 uppselt, lau. 28/4 örfá sæti laus, fös. 4/5, lau. 5/5, fös. 11/5, lau. 19/5.
Ath. nemendaafsláttinn og hópafsláttinn. Námufélagar fá 35% afslátt ef greitt er með Námukorti.
CYMBELINE eftir Shakespeare - í flutningi breska leikhópsins Cheek By Jowl. Í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík.
Þri. 15/5 örfá sæti laus, mið. 16/5, fim. 17/5 örfá sæti laus, fös. 18/5.
HÁTÍÐARSÝNING FÍLD - félags íslenskra listdansara
Mið. 25/4 kl. 20:00. Miðaverð kr. 2.200,-. Fyrir dansnema kr. 1.800,-
Smíðaverkstæðið kl. 20:00
HÁLSFESTI HELENU eftir Carole Fréchette.
Fös. 27/4 örfá sæti laus, lau. 5/5 nokkur sæti laus, sun. 13/5, fös. 18/5. Umræður eftir sýningu með Sveini Rúnari Haukssyni 27/4 og 5/5.
Kassinn
HJÓNABANDSGLÆPIR eftir Eric-Emmanuel Schmitt.
Fim. 26/4 uppselt, fös. 27/4 uppselt, lau. 28/4 örfá sæti laus, sun. 29/4 uppselt, fim. 3/5 uppselt, fös. 4/5 uppselt, lau. 5/5 uppselt, sun. 6/5 uppselt. sun. 13/5 uppselt, fös. 18/5 uppselt, lau. 19/5 nokkur sæti laus,fim. 24/5 örfá sæti laus.
Kúlan
MJALLHVÍT Brúðusýning Helgu Arnalds.
Sun. 29/4 kl. 15:00, nokkur sæti laus. Síðasta sýning!
Í SKÓLA TÍMANS - Leikin dagskrá Sigurðar Skúlasonar og Margrétar Helgu Jóhannsdóttur.
Lau. 28/4 kl. 17:00 uppselt, þri. 1/5 kl. 16:00 nokkur sæti laus, mið. 2/5 kl. 20:00 nokkur sæti laus. Aðeins þessar þrjár sýningar!
Þjóðleikhúskjallarinn
LEIKFÉLAGIÐ HUGLEIKUR - Þetta mánaðarlega.
Fim. 26/4. Sýning hefst kl. 21:00. Miðaverð kr. 1.000,-
Afgreiðslan er opin frá kl. 12:30 til kl. 18:00
á mánudögum og þriðjudögum. Aðra daga frá kl. 12:30 til 20:00.
Miðasölusími 551-1200. Símapantanir frá kl. 10.00 virka daga.
Miðasala á Netinu allan sólarhringinn www.leikhusid.is
Leikhúsbloggið er á www.leikhusid.blog.is Fylgist með!


! **Kl. 20.00**
*Útskriftartónleikar nemenda Listaháskóla Íslands í Salnum. Flutt verða verk eftir Hrafnkel Pálmarsson og Hreiðar Inga Þorsteinsson. Verk hins fyrrnefnda er skrifað fyrir kammersveit og einsöngvara en hins síðarnefnda, tvær vögguvísur, er skrifað fyrir altrödd, fiðlu, lágfiðlu, selló, kór og kantele sem er þjóðarhljóðfæri Finna.*

## > Ekki missa af …



**Karíusi og Baktusi** í Reykjavík. Hinir illskeyttu en aðlaðandi tannpúkar **Thorbjörns Egner** eru komnir frá Akureyri og troða nú upp í **Borgarleikhúsinu** á sunnudögum.

sýningunni **Foss** á **Kjarvalsstöðum**. Þar sýna myndlistarmennirnir **Hekla Dögg Jónsdóttir, Ólafur Elíasson, Pat Steir** og **Rúrí** en sýningunni lýkur um helgina.

hátíðinni **List án landamæra** sem hefst á morgun. Fjölbreyttir listviðburðir úti um allar koppagrundir næstu tvær vikurnar.

# menning
menning@frettabladid.is

# Skrímslahjalið snauða

Það var spenningur í áhorfandanum unga um leið og honum var sagt að sýning Komedíuleikhússins sem frumsýnd var öðru sinni í Möguleikhúsinu á laugardag fjallaði um skrímsli. Forynjur heilla hugann og ógnvættir með fornsögulegu yfirbragði hleypa fjöri í ímyndunaraflið, ógnin og undrunin togast á. Það urðu því nokkur vonbrigði að einleikur Elfars Loga Hannessonar sem hann hafði frumflutt á Bíldudal sumardaginn fyrsta var minnst um skrímsli heldur bókabéus illa kvæntan sem var hugfanginn af fornum sögum um íslensk skrímsli. Áhuginn þvarr skjótt hjá ungum áhorfanda.

Hugmynd þeirra Elfars og Péturs Eggerz að gera sér mat úr þeim aragrúa skrímslasagna sem hér eru til, og Þorvaldur Friðriksson fréttamaður hefur manna best safnað og kannað í munnmælum og vitnisburðum, er hreint ágæt, en úrvinnslan lakleg. Í stað þess að gera efninu skil snýst hugmyndin við og verður að löngu spjalli fyrirlesara í einhvers konar kennslustofu sem leiðist strax út í langdregna frásögn af sambýli hans við áhugamál og andsnúna eiginkonu. Mórallinn er líklega að fræðimenn og ráðríkar eiginkonur séu skrímsli. Hin blæbrigðaríku og ógnvekjandi munnmæli um skrímsli á land og í vötnum víkja fyrir búsorgum. Súrt barnaefni það.

Höfundarnir taka skrímslasögur ekki alvarlega – en áhorfendur þeirra eru alveg til í það. Hér glataðist því frábært tækifæri til að gera ljóslifandi heim íslenskra skrímsla og koma á framfæri okkar skrímslum gegn þeim aragrúa skrímsla sem erlendir sögumenn hafa gert sér mat úr.

Elfar Logi var afar einhæfur í fábreyttri túlkun, hreyfingar endurteknar, grettur og kippir. Hann hefur ágætt nef fyrir augnabliki en nýtur ekki leikstjórnar sem lagar hjá honum margendurtekin brögð. Og fyrir bragðið nær hann engum tökum á gestum sínum. Það var leitt – bókstaflega.

**Páll Baldvin Baldvinsson**



**LEIKLIST**
**Skrímsli eftir Elfar Loga og Pétur Eggerz**
Komedíuleikhúsið.
Tónlist og hljóð: Guðni Franzson
Leikmynd: Pétur Eggerz

★

Kyrkingslegur einleikur um annað en heitið gefur til kynna.


Draumalandið
*eftir Andra Snæ Magnason*
**28. apr** lau 10 sýning **kl. 20**
**5. maí** lau 11 sýning **kl. 20**
**11. maí** fös 12 sýning **kl. 20**
HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ
Strandgata 50, Hafnarfirði. Miðasala í síma 555 2222 og á www.midi.is



BINGÓ
Samstarfsverkefni Hugleiks og Leikfélags Kópavogs
Sýningar eru í Hjáleigunni, Félagsheimili Kópavogs í Fannborg og hefjast kl. 20:30.
Miðvikud. 25. apríl 6. sýning
Mánud. 30. apríl 7. sýning
Fimmtud. 3. maí 8. sýning
Föstud. 4. maí 9. sýning
Föstud. 5. maí 10. sýning
Laugard. 11.maí 11. sýning
Sunnud. 13.maí 12. sýning
Föstud. 18.maí 13. sýning
Miðapantanir á hugleikur.is
eða í síma 823 9700



Viðburðir Landnámsseturs í apríl
fö 27. apríl kl. 20
Mr. Skallagrímsson uppselt
lau. 28.apríl kl 16 aukasýning
Mr. Skallagrímsson uppselt
lau. 28. apríl kl. 20
Mr. Skallagrímsson uppselt
su. 29 aprríl kl. 16 aukasýning
Mr. Skallagrímsson uppselt
su 29. apríl kl. 20
KK og Einar Laus sæti
LANDNÁMSSETUR ÍSLANDS
Nánanari upplýsingar um sýningar í maí á www.landnamssetur.is
Miðapantanir í síma 437 1600



Gefðu dýrmætasta efni í heimi
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is



CAMERATA DRAMMATICA
Tónleikar 28. apríl kl. 20 – Barokktónlist eftir Händel, Corelli o. fl.
Einsöngvarar: Ágúst Ólafsson og Marta Guðrún Halldórsdóttir Miðaverð kr. 2.500
SÖNGVARABALL
30. apríl kl. 20 – Veislustjóri: Davíð Ólafsson
Sardas-strengjasveitin, Léttsveit tónlistarskóla Reykjanesbæjar,„Tenórinn“ o. fl. góðir gestir Miðaverð kr. 3.000
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
ÍSLENSKA ÓPERAN



LIST ÁN LANDAMÆRA
26. APRÍL TIL 16. MAÍ
26. apríl fimmtudagur
Opnunarhátíð Listar án landamæra
Dagskrá í Ráðhúsi Reykjavíkur
Samsýning í Austursal Ráðhússins





28.apríl laugardagur
Tökum höndum saman við þurfum á hvort öðru að halda
Gjörningur við Reykjavíkurtjörn





Kynnið ykkur dagskrána í heild sinni
www.listanlandamaera.blog.is
Frítt er á alla viðburði hátíðarinnar og eru allir velkomnir

# Hvíldu þig, hvíld er góð?

**Iðjusemi hefur löngum verið álitin með mestu dyggðum hér á landi og letin að sama skapi með verstu löstum enda vofir hún ávallt yfir.**



**UNDAN EIGIN ÓTTA** Þorvaldur Þorsteinsson ræðir um sjöundu dauðasyndina og misskilning nútímamannsins í Grófarhúsinu í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ ANTON BRINK

Þorvaldur Þorsteinsson, rithöfundur og myndlistarmaður, ræðir um þann löst og rekur með því smiðshöggið á fyrirlestraröð um dauðasyndirnar sjö í Grófarhúsinu kl. 17.15 í dag. Fyrirlestraröð þessi var flutt í Amtmannsbókasafninu á Akureyri fyrr í vetur og hefur mælst afar vel fyrir bæði norðan heiða og sunnan.

Þorvaldur segist hafa fengið að velja sér synd og því varð letin fyrir valinu. „Ég vildi velja þá sem stendur mér næst og ég tengi mest við. Þetta er syndin sem hrjáir hvað flesta og ætli það verði ekki þar sem maður verður endanlega tekinn í bólinu.“ Þorvaldur segist hafa notað þetta tækifæri til að losna undan eigin ótta við letina og komist að ýmsu þegar hann kafaði dýpra í þær hugmyndir sem við tengjum við þennan löst.

„Við erum öll upptekin af því að gera aldrei nóg og vera ekki nógu dugleg. Það er auðvelt að tengja dug- og dáðleysi við það að vera of latur. Í okkar samfélagi skiptir ekki máli hversu mikið menn gera – það er aldrei nóg og letin vofir ávallt yfir. Þegar ég fór að skoða letina út frá forsendum trúarinnar og hinum dauðasyndunum kom í ljós að hugmynd okkar um leti er eiginlega byggð á misskilningi,“ segir Þorvaldur og áréttar að mikilvægt sé að fólk geri sér grein fyrir hvað átt er við með leti. „Við höfum gripið í okkur svolítið skrýtna og skakka mynd af letinni og heimfært upp á hana sitthvað sem ekkert á skylt við dauðasyndina.“

Hann segir að í fyrirlestri sínum kalli hann hlustendur sína til nýrrar ábyrgðar og segist vonast til þess að þeir finni fyrir sama létti og hann sjálfur gagnvart þessari ógnvekjandi synd. „Fyrirlesturinn snýst svolítið um tegund af leti sem við höfum hingað til ekki tekið mjög alvarlega. Ef menn gera það er voðinn vís – maður verður svolítið öðruvísi þenkjandi en ég er mjög spenntur fyrir þeirri breytingu sjálfur.“ Hann lætur ekki meira uppi um erindi sitt að svo stöddu en segir að ef vel takist til muni efni fyrirlestursins að sönnu halda vöku fyrir mönnums.

Þorvaldur vinnur einnig að því að eyða annars konar ótta úr sálarkimum fólks því hann hefur um nokkurra ára skeið staðið fyrir námskeiðum í skapandi skrifum á vegum fræðslumiðstöðvarinnar Kennsla.is. Til hans leitar fólk á öllum aldri sem í blunda höfundar, fólk með mismunandi bakgrunn og reynslu en Þorvaldur segir að það gefist mjög vel að vera með blandaða hópa á slíkum námskeiðum. Hann útskýrir síðan að flestir þátttakendanna hafi alls konar skýringar á því af hverju þeir ættu ekki að vera á námskeiði í skapandi skrifum. „Á námskeiðið kemur fólk sem ekki segist geta skrifað eða hafa neitt að skrifa um. Ég hef þó ekki enn verið með nemanda sem ekki hefur orðið að endurskoða þann vanmátt sinn á þessu námskeiði.“

Þorvaldur segir að allir geti skrifað og markmið námskeiðsins sé að eyða hræðslunni og koma fólki af stað. „Ef við umgöngumst skrifin eins og okkar eigin tjáningu á góðum degi, ef við skrifum eins og við spjöllum við ástvini okkar, getum við skrifað hvað sem okkur sýnist.“

Nánari upplýsingar um námskeiðið má finna á heimasíðunni www.kennsla.is **kristrun@frettabladid.is**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**APRÍL**

22 23 24 **25** 26 27 28

**Miðvikudagur**

### FYRIRLESTRAR

☐ 12.05 Mexíkóski þjóðfræðingurinn og rithöfundurinn **Moraima Marín Ronzón** heldur fyrirlestur á vegum **Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur** sem ber titilinn: Elementos del discurso testimonial en Camino a Tlaxcalantongo. Þar fjallar hún um mikilvægi vitnisburðarbókmennta sem heimilda um sögulega atburði. Fyrirlesturinn fer fram á spænsku í stofu 201 í **Nýja-Garði**.

☐ 16.30 **Félag umhverfisfræðinga** heldur opinn umræðufund um **loftlagsbreytingar**. Að loknu erindi fá fulltrúar stjórnmálaflokkanna tækifæri að segja hvernig þeir telji að hægt sé að takast á við þessi mál auk þess sem opið verður fyrir spurningar úr sal. **Askja**, stofa 132.

☐ 17.30 **Hvaða umhverfiskröfur eru gerðar til stóriðju á Íslandi?** Þessari spurningu verður reynt að svara í **Sesseljuhúsi** umhverfissetri, **Sólheimum** í dag en þá er fjórði fundur í fræðslufundaröð Sesseljuhúss og Landverndar um umhverfismál. **Bergur Sigurðsson** framkvæmdastjóri **Landverndar** og **Þór Tómasson** frá Umhverfisstofnun flytja erindi. Frekari upplýsingar er að finna á www.sesseljuhus.is.

### LEIKLIST

☐ 20.00 **Hugleikur** og **Leikfélag Kópavogs** sýna verk **Hrefnu Friðriksdóttur**, **Bingó**, í Hjáleigunni - Félagsheimili Kópavogs. Leikstjóri er **Ágústa Skúladóttir**.

☐ 20.30 **Stúdentaleikhúsið** sýnir verkið **Examinasjón** í gömlu kartöflugeymslunum í **Ártúnsbrekku**. Leikstjóri er **Guðjón Þorsteinn Pálmarsson** en tónlistarstjóri er **Snæbjörn Ragnarsson**.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

## NÝJAR BÆKUR

Vaka-Helgafell gefur út Úrvalsbók Halldórs Laxness. Í bókinni er að finna 24 verk, ýmist hluta eða í heilu lagi, sem Halldór Guðmundsson, bókmenntafræðingur og rithöfundur, hefur valið. Halldór hefur jafnframt ritað stutt aðfararorð að hverju verki, auk þess að skrifa inngang að bókinni. Aftast í henni er að finna skrá yfir bækur Halldórs Laxness og jafnframt skrá yfir helstu bækur sem til eru um hann á íslensku. Í Úrvalsbók eru bæði hlutar úr skáldsögum, smásögur, ritgerðir og ljóð og auk þess tvær skáldsögur í heilu lagi, Brekkukotsannáll og Kristnihald undir Jökli. Úrvalið nær yfir sextíu ár af höfundarferli Halldórs og á að gefa glögga mynd af fjölbreytninni í viðfangsefnum hans og efnistökum. Öll verkin eru birt með venjulegri nútímastafsetningu, en ekki þeirri stafsetningu sem Halldór kaus að hafa á verkum sínum frá og með síðari hluta fjórða áratugarins. Til eru þeir, ekki síst yngri lesendur, sem hafa látið stafsetninguna fæla sig frá verkunum og þótti tímabært að gefa þeim kost á að lesa þau með venjulegri stafsetningu, en sérkennilegar orð- og beygingarmyndir skáldsins fá að sjálfsögðu að halda sér. Úrvalsbók Halldórs Laxness er gefin út bæði innbundin og sem kilja. Innbundnu útgáfunni fylgir dvd-diskur með kvikmynd Guðnýjar Halldórsdóttur, Kristnihaldi undir Jökli.






fjörið ... **fólk**
folk@frettabladid.is

# Köngulóarmaðurinn mættur

**Kvikmyndin Spider-Man 3 var frumsýnd á Leicester-torgi í London á dögunum með pompi og prakt. Allar stjörnur myndarinnar létu vitaskuld sjá sig, þar á meðal Tobey Maguire og Kirsten Dunst.**

Hundruð aðdáenda Köngulóarmannsins fylgdust með stjörnunum ganga eftir rauða dreglinum og fengu þeir aðgangshörðustu eiginhandaráritanir í bókina sína. Myndin hafði áður verið heimsfrumsýnd í Japan við góðar undirtektir. „Ég skemmti mér vel, þetta er stór viðburður og ég er mjög stoltur af þessari mynd,“ sagði Maguire, sem leikur Pétur Parker, betur þekktan sem Spiderman. Hann sagðist ekki útiloka að leika í fjórðu myndinni um þessa vinsælu ofurhetju. „Ég myndi hugleiða það ef handritið væri gott og leikarahópurinn væri sá rétti,“ sagði hann.

Spider-Man 3 verður frumsýnd hér á landi 4. maí næstkomandi og bíða hinir fjölmörgu aðdáendur Lóa vafalítið spenntir eftir útkomunni.



**TOPHER GRACE** Topher Grace, sem sló í gegn í sjónvarpsþættinum That 70´s Show, leikur í þriðju myndinni um Köngulóarmanninn.



**Á FRUMSÝNINGU** James Franco, Kirsten Dunst og Tobey Maguire á Evrópufrumsýningu Spider-Man 3 á Leicester-torgi í London. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES



**ADAM SANDLER** Gamanleikarinn knái þykist vera samkynhneigður í nýjustu mynd sinni.

# Í þykjustuleik

Adam Sandler leikur slökkviliðsmann sem þykist vera samkynhneigður í nýjustu kvikmynd sinni I Now Pronounce You Chuck and Larry. Í myndinni þykjast Sandler og Kevin James, sem leikur í þáttunum The King of Queens, vera par til að svíkja út bætur.

„Ég þekki Kevin og það er frekar skrítið að leika þetta hlutverk. Áður en tökur hófust stunduðum við því kynlíf saman til að losa um spennuna,“ sagði Sandler. „Þetta er gamalt ráð sem ég fékk frá Jack Nicholson,“ sagði hann.



**SOUNDSPELL** Hljómsveitin Soundspell vann hljómsveitakeppnina á síðasta ári.

# Sungið til sigurs

Hljómsveitakeppni verður haldin í Iðnó á fimmtudag á vegum Ungs Samfylkingarfólks í Reykjavík. Ungar og metnaðarfullar hljómsveitir frá ýmsum framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu taka þátt í henni og fær hver sveit um hálftíma til að flytja efni sitt.

Hljómsveitirnar sem taka þátt eru Balls of Lemon, For a Minor Reflection, The Ives, Love Triangle og Johnny and the Rest. Í dómnefnd verða Höskuldur, söngvari Ske, Orri Páll, trommari Sigur Rósar, og útvarpskonan Andrea Jónsdóttir. Sigurvegarinn spilar á tónleikum Samfylkingarinnar á Nasa næstkomandi laugardag. Svipuð keppni var einnig haldin síðastliðið vor og mun vinningshljómsveit þeirrar keppni, Soundspell, einnig troða upp á Nasa. Keppnin í Iðnó hefst klukkan 20.00.



**ANDREA** Dæmir um ágæti hljómsveitanna.




Varðan – út í lífið



**STÍGUR Á LEIKSVIÐ** Rokkarinn Rúnar Júlíusson kemur fram í leikritinu Partílandinu sem frumsýnt verður í næsta mánuði.

## Rúni Júl í Partílandið

Rokkarinn Rúnar Júlíusson hefur fallist á að koma fram í Partílandinu, leikriti sem sett verður upp á Listahátíð í Reykjavík í næsta mánuði. Rúnar verður einn fjölmargra gestaleikara sem koma fram í verkinu en þeir verða allir þjóðþekktir og koma fram sem þeir sjálfir. Höfundur Partílandsins er Jón Atli Jónasson en Jón Páll Eyjólfsson leikstýrir. Þeir leika báðir í verkinu ásamt þekktum leikurum á borð við Erling Gíslason, Kristbjörgu Kjeld og Björn Thors. Partílandið verður frumsýnt 26. maí og verður lokapunktur Listahátíðar.

# Íslensk götulist í Englandi

**Þórdís Claessen opnar einkasýningu í Urbis-safninu í Manchester 9. maí næstkomandi. Vel gæti farið svo að Ósómakindin rati á veggi safnsins.**

„Ég verð með bókarkynningu fyrir Icepick og sýningu í kringum það. Hún verður uppi í þrjá mánuði, alveg fram í ágúst," útskýrði Þórdís. Icepick er afrakstur margra ára vinnu Þórdísar, en í bókinni er að finna ljósmyndir hennar af íslenskri götulist og graffítí. Urbis-safnið einbeitir sér sérstaklega að borgarmenningu, sem Þórdísi þykir ekki verra. „Þeir voru með pönksýningu um daginn og mér sýnist þeir leggja mikið í það sem þeir gera."

Þórdís mun til að mynda skreyta tólf metra langan vegg í safninu. „Þar verður blanda af myndum úr bókinni, sem ég hef tekið af verkum annarra, og minni hönnun líka. Ég er náttúrulega ekki graffítílistamaður sjálf, en ég teikna," sagði Þórdís. Eitthvað af hönnun hennar fyrir Ósómabúðina, sem Þórdís á og rekur ásamt Gunnlaugi Grétarssyni, mun jafnframt rata á vegginn. „Þetta verður örugglega góð lyftistöng fyrir bókina og svona öðruvísi landkynning um leið," sagði Þórdís.

Gingko press gefur bókina út, en forlagið einbeitir sér að bókum um jaðarlist og götumenningu, að sögn Þórdísar. „Þekktasta flaggskip þeirra er Obey, eða Shepard Fairey, listamaður sem er mjög þekktur í þessum bransa. Það er ekkert leiðinlegt að vera í sama liði og hann," sagði Þórdís kát. Bókinni verður að henn-




**SÝNINGARKOKTEILL** Þórdís skreytir tólf metra vegg í safninu með blöndu af hönnun sinni og ljósmyndum af verkum annarra. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ar sögn sennilega dreift í tveimur, ef ekki þremur, heimsálfum til viðbótar við Evrópu. „Gingko teygir sig yfir öll Bandaríkin og Evrópu og það má vera að bókin nái Japan og jafnvel Ástralíu, en það á eftir að skýrast," sagði hún. „Svo lét útgáfan í það skína að Icepick yrði boðið að taka þátt í einhverju götumenningargiggi í Amsterdam í júlí," bætti Þórdís við, og því er ýmislegt í kortunum fyrir bókina.

Icepick er væntanleg í verslanir hér á landi í lok maí, en óþolinmóðir geta fengið forsmekk af bókinni á Icepickbook.com.

sunna@frettabladid.is



**SIGUR RÓS** Lék á órafmögnuðum tónleikum um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

## Sigur Rós með leynitónleika

Hljómsveitin Sigur Rós hélt órafmagnaða tónleika á Gömlu Borg í Grímsnesi síðastliðið sunnudagskvöld. Tónleikarnir voru eingöngu fyrir vini og fjölskyldur meðlima Sigur Rósar og strengjasveitarinnar Amiinu sem lék með þeim. Boðið var upp á pönnukökur og vöfflur og lék Sigur Rós alls sjö lög, þar af eitt nýtt. Þau voru Von (í nýrri útgáfu), Samskeyti, Vaka, Ágætis byrjun, nýtt lag, Heysátan og Starálfur. Tónleikarnir voru teknir upp.

Meðal gesta voru Ásmundur Jónsson í Smekkleysu, Þorvaldur Gröndal, trommari Trabant, Árni Matthíasson af Morgunblaðinu, Torfi Tulinius bókmenntafræðiprófessor og tveir meðlima Jakobínarínu.

Á fréttasíðu hljómsveitarinnar, Sigur-ros.co.uk, kemur fram að meðlimir Sigur Rósar ætli að koma sér fyrir í sumarbústað í næsta mánuði. Þar hyggjast þeir taka upp gömul lög í nýjum, órafmögnuðum útsetningum og ný órafmögnuð lög sömuleiðis.






**SMÁRABÍÓ** SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| HILLS HAVE EYES 2 | kl. 5.50, 8 og 10. 10 B.I. 18 ÁRA |
| HILLS HAVE EYES 2 SÝND Í LÚXUS | kl. 5.50, 8 og 10. 10 |
| PERFECT STRANGER | kl. 5.30, 8 og 10. 30 B.I. 16 ÁRA |
| SUNSHINE | kl. 8 og 10.10 B.I. 16 ÁRA |
| MR. BEAN´S HOLIDAY | kl. 5, 7 og 9 |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI ÍSLENSKT TAL | kl. 3.45 |
| TMNT | kl. 4 og 6 B.I. 7 ÁRA |
| SCHOOL FOR SCOUNDRELS | kl. 3.40 |

**REGNBOGINN** SÍMI 551 9000

| | |
|---|---|
| HILLS HAVE EYES 2 | kl. 6, 8 og 10 B.I. 18 ÁRA |
| PERFECT STRANGER | kl. 5.30, 8 og 10. 30 B.I. 16 ÁRA |
| SUNSHINE | kl. 8 og 10.10 B.I. 16 ÁRA |
| THE SCIENCE OF SLEEP | kl. 8 og 10 B.I. 7 ÁRA |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI ÍSLENSKT TAL | kl. 6 |
| TMNT | kl. 6 B.I. 7 ÁRA |

**Borgarbíó** SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| SHOOTER | kl. 5.50, 8 og 10.15 B.I. 16 ÁRA |
| PERFECT STRANGER | kl. 8 og 10.10 B.I. 16 ÁRA |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI ÍSLENSKT TAL | kl. 6 |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

MIÐASALA Á midi.is

midi.is

BÍÓ.IS – allt á einum stað








Tökum gamla potta upp í nýja Arctic spa nuddpotta.

Spa Kongen
STÍLHREINN LÚXUS

Lækjagata 34, Hafnarfirði.
Sími: Áki: 8926723 & Kristján: 8960602 • www.spakongen.is


# Ein af þeim áhugaverðari



**TÓNLIST**

**Ghosts Of The Bollocks To Come**

Skátar

★★★★

Með Ghost Of The Bollocks To Come festa Skátar sig í sessi sem ein áhugaverðasta rokksveit landsins. Hrá og kraftmikil jaðarrokkplata frá sveit sem fer sínar eigin leiðir.

Ghosts Of The Bollocks To Come er fyrsta plata Skáta í fullri lengd, en áður höfðu þeir sent frá sér sex laga EP-plötuna Heimsfriður í Chile: Hverju má breyta, bæta við og laga? Sú plata kom út í desember 2004 og innihélt m.a. smellinn Halldór Ásgrímsson. Hún sýndi að þarna var efnileg rokksveit á ferð. Með nýju plötunni festa Skátar sig í sessi sem ein af áhugaverðari hljómsveitum landsins.

Ghosts Of The Bollocks To Come var að mestu tekin upp á einni helgi fyrir rúmu ári, en um eftirvinnslu sáu m.a. feðgarnir John og JJ Golden sem hafa unnið fyrir sveitir á borð við Sonic Youth, Comets Of Fire, Primus, Superchunk, Calexico og Bad Brains.

Tónlist Skáta sækir í ýmis afbrigði úr rokksögunni, en samt er hún ekki eins og neitt annað sem er í gangi á dag. Það er eins og þeir félagar hafi fundið sína eigin leið í gegnum völundarhús rokksögu síðustu 25 ára. Post-pönkaðar gítarlínur blandast við Devo-lega hljómborðskafla og nýproggglegar taktbreytingar og kaflaskipti. Krafturinn og keyrslan eru einkennandi og hljómurinn er hrár og flottur. Það koma ýmis nöfn upp í hugann þegar maður hlustar á plötuna, (allt frá Dead Kennedys og Pere Ubu yfir í Pavement og Sonic Youth), en Skátunum tekst að láta þetta hljóma nokkuð ferskt. Þeir sýna líka allir góð tilþrif á hljóðfærin.

Lögin níu á plötunni standa öll fyrir sínu, en mín uppáhaldslög eru fyrstu tvö lögin, Lime of Love og Love of Lime, Þar sem heimskan er í hávegum höfð, 5:45 Reykjavík og lokalagið, hið Pavementlega Taco N ‘ Surf A Prayer.

Ghosts Of The Bollocks To Come telst vel heppnuð rokkplata, en hún er ekki fullkomin. Mér finnst t.d. að þeir Skátar hafi ekki alveg gert upp við sig hvað þeir vilja gera við sönginn og svo vantar herslumuninn upp á heildarmyndina. Með sama áframhaldi ætti næsta plata samt að verða meistaraverk!

**Trausti Júlíusson**


Sunlight

Þýsk gæðaframleiðsla frá Hymer fjölskyldunni

Slóu strax í gegn



Engin furða-bæjarins bestu verð!



Lengd 630, Breidd 232
Svefnpláss fyrir 4
**Verð frá 1.690.000**

Lengd 666, Breidd 232
Svefnpláss fyrir 4
**Verð frá 1.790.000**

Lengd 710, Breidd 232
Svefnpláss fyrir 5
**Verð frá 1.890.000**

**Hobbyhúsið**
Dugguvogi 12 • 104 Reykjavík • Sími 517 7040 • www.hobbyhusid.is



Feel happy- Feel free




**Háskólabíó**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| BREACH | kl. 5:50 - 8:10 - 10:30 | B.i.12 | BECAUSE I SAID SO | kl. 5:50 - 8:10 | Leyfð |
| TÍMAMÓT | kl. 6 - 8 - 10 | Leyfð | MRS POTTER | Engin sýning í dag | Leyfð |
| THE GOOD SHEPERD | kl. 5:30 - 8 - 10:40 | B.i.12 | 300. | kl.10:30 | B.i.16 |

**SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| SHOOTER | kl. 5:30 - 8 - 10:40 | B.i.16 | MR. BEAN´S HOLIDAY | kl. 4 - 6 - 8 - 10:10 | Leyfð |
| SHOOTER VIP | kl. 5:30 - 8 - 10:40 | | ROBINSON FJ... M/- ÍSL TAL | kl. 3:40 - 5:50 | Leyfð |
| THE GOOD SHEPERD | kl. 8 - 10:40 | B.i.12 | WILD HOGS | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | b.i 7 |
| THE MESSENGERS | kl. 6 - 8 - 10:20 | B.i.16 | | | |

**SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI**

| | | | |
|---|---|---|---|
| BREACH | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | B.i.12 | |
| THE MESSENGERS | kl. 6 - 8 - 10:20 | B.i.16 | |
| ROBINSON FJ... M/- ÍSL TAL | kl. 6 | Leyfð | DIGITAL-3D |
| MEET THE R... M/- ENSKU | kl. 8:10 | Leyfð | DIGITAL-3D |

**SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| SHOOTER | kl. 8 - 10:20 | B.i. 16 |
| HOT FUZZ | kl. 8 - 10:20 | B.i. 16 |

www.SAMbio.is

**SAMBÍÓIN / AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| BECAUSE I SAID SO | kl. 8 | Leyfð |
| MEET THE ROBINSSON | kl 6 | Leyfð |
| MR. BEAN´S HOLIDAY | kl. 6 | Leyfð |
| THE MESSENGERS | kl. 8 | B.i.16 |

www.SAMbio.is   575 8900


# Jón Ásgeir og Davíð í slag

**Rithöfundurinn Óttar Martin Norðfjörð hefur sent frá sér nýja bók. Í bókinni segir frá afmælisveislu Jóns Ásgeirs Jóhannessonar athafnamanns.**

„Bókin er um það þegar Jón Ásgeir heldur upp á afmælið sitt. Í sögunni fær hann Michael Jackson til að spila. Hann býður svo Davíð Oddssyni, Brad Pitt og fleira frægu fólki og brallar svo eitthvað með Kára Stefánssyni til að slá endanlega út allar fyrri veislur,“ segir Óttar Martin Norðfjörð sem var að gefa út sína fyrstu teiknimyndasögu, Jón Ásgeir og afmælisveislan.

„Hann ætlar að nota tækifærið og hefna sín á Davíð í veislunni en Davíð ætlar líka að gera það þannig að þetta verður eins og í Shakespeare-leikriti með tvær andstæðar fylkingar. Jón Ásgeir hefnir sín og Davíð hefnir sín á móti, svo endar þetta auðvitað á grand finale í lokin,“ segir Óttar.

„Kveikjan að bókinni voru allir þessir ríku karlar sem hafa verið að halda afmælisveislurnar sínar undanfarið og hvernig þeir virðast alltaf að reyna að toppa hver annan. Halda dýrari veislur og fá frægari skemmtikrafta. Út frá þessu fór ég að spá í hvernig það yrði eiginlega þegar Jón Ásgeir héldi upp á afmælið sitt en hann verður fertugur á næsta ári. Hann verður augljóslega að toppa alla hina.“

Óttar hefur áður gefið út skáldsögu, ljóðabækur og tveggja blaðsíðna metsölu„bókina“ Hannes – Nóttin er blá, mamma, um uppvaxtarár Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar sem vakti mikla athygli fyrir síðustu jól.

Þetta er fyrsta teiknimyndasaga Óttars. „Ég datt niður á teiknimyndaformið þegar ég var að velta því fyrir mér hvernig væri best að koma söguninni frá mér. Það er svo auðvelt að nota teiknimyndir til að fara alla leið. Jón Ásgeir og pabbi hans búa til að mynda í kastala og eru með kórónur og Kári Stefánsson er orðinn brjálaður vísindamaður sem býr í geimstöð og er búinn að skapa alls konar óskapnað úr þekktu íslensku fólki. Eftir að hafa prófað mig áfram fann ég út að besta leiðin væri að klippa út hausinn af fólkinu og teikna svo restina.“

jara@frettabladid.is






**ERFÐAFRÆÐITILRAUNIR KÁRA STEFÁNSSONAR** Kári smíðar ólíklegustu skepnur úr þekktum Íslendingum í nýrri bók Óttars.



**TEIKNIMYNDASAGA UM BAUGSMÁLIÐ** Óttar Martin Norðfjörð gefur út myndasöguna Jón Ásgeir og afmælisveislan.

# Samkeppni um nýtt myndband

Aðdáendur Bjarkar Guðmundsdóttur verða í lykilhlutverki við gerð myndbands við lagið Innocence. Lagið er það fyrsta af nýrri plötu Bjarkar, Volta, sem gert verður tónlistarmyndband við.

Á aðdáendasíðunni bjork.com er efnt til samkeppni, þar sem fólki gefst færi á að gera myndband við lagið. Samkvæmt heimasíðunni er hugmyndin komin frá Björk sjálfri, og það verður jafnframt hún sem velur besta myndbandið. Höfundur þess fær svo að vinna með söngkonunni við að leggja lokahönd á verkið og feta þar með í fótspor ekki óþekktari manna en Spike Jonze og Michel Gondry.

Á síðunni má nálgast myndir af listaverkinu sem Björk klæðist á umslagi plötunnar. Þar má einnig finna hlekk á lagið sjálft, sem og texta. Engar reglur gilda um myndbandið aðrar en þær að því þarf að skila í Quicktime skjali, og að það þarf að hafa borist í byrjun júlí. Sigurvegarinn og söngkonan munu hins vegar leiða saman hesta sína í byrjun ágúst. Nánari upplýsingar fást með því að skrá sig á póstlista keppninnar.

- sun



**VOLTA** Aðdáendur Bjarkar fá tækifæri til að gera myndband við lagið Innocence, af plötunni Volta.

# Útgáfusamningur í verðlaun

Vefritið GetReykjavík stendur fyrir hæfileikakeppni fyrir upprennandi tónlistarfólk í samstarfi við Ölgerð Egils Skallagrímssonar og Reykjavík FM 30. apríl næstkomandi. Keppnin sjálf fer fram í Iðnó, en áheyrnarprufur verða haldnar á Barnum í kvöld og annað kvöld. Prufurnar eru opnar fólki á öllum aldri, en skilyrði fyrir þátttöku er að keppendur hafi ekki gefið út tónlist áður, að netinu undanskildu.

„Það eru náttúrulega til nokkrar tónlistarkeppnir, eins og bara Músíktilraunir, en það eru alltaf einhver aldurstakmörk,“ sagði Carmen Jóhannsdóttir, ritstýra GetReykjavík. „Það er fullt af fólki í bænum sem hefur ekki gefið neitt út nema á netinu, til dæmis á Myspace, sem hefur ótrúlega mikið „potential“. Við viljum bara fá sem flesta til að koma,“ sagði hún. GetReykjavík velur átta til tíu keppendur úr áheyrnarprufunum sem fá að stíga á svið í Iðnó.

Það er til mikils að vinna fyrir tónlistarfólk, því í fyrstu verðlaun er útgáfusamningur og stúdíótími í boði Cod Music. Í önnur verðlaun er Logic Pro upptökuforrit frá Apple.

Áheyrnarprufur fara fram á milli 18 og 23 í kvöld og annað kvöld. Keppnin í Iðnó, mánudaginn 30. apríl, hefst klukkan 22.

- sun



**VILJA FÁ SEM FLESTA** Getrvk.com efnir til hæfileikakeppni fyrir tónlistarfólk í samstarfi við Ölgerðina og Reykjavík FM. Carmen og Erla vilja sjá sem flesta í áheyrnarprufunum í vikunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA


**Rafstöðvar**

Bensín- og díselrafstöðvar í stærðum 2,5 kW -4,2 kW.

**HAGSTÆTT VERÐ**




ÞÓR HF
REYKJAVÍK - AKUREYRI
HYUNDAI

**ÁRMÚLA 11 | Sími 568-1500 | Lónsbakka | Sími 461-1070 | www.thor.is**

**Frönskunámskeið**

**Námskeið hefjast 2. maí**

- námskeið fyrir byrjendur og lengra komna
- námskeið fyrir börn
- einkatímar / taltímar
- franska fyrir ferðamenn

**Innritun í síma 552-3870 18.-30. apríl.**

Alliance Française
Netfang: alliance@simnet.is
Veffang: http://af.ismennt.is

## > Valur í Meistaradeildina

Íslandsmeistarar Vals í handknattleik stefna á að taka þátt í Meistaradeildinni næsta vetur. Bæði aðalstjórn félagsins og Valsmenn hf. hafa hvatt handknattleiksdeildina til að taka þátt og að sögn Stefáns Karlssonar, formanns handknattleiksdeildar, er stefna deildarinnar að gera það. Leikmenn munu taka þátt í söfnun fyrir þátttöku með ýmsum hætti á borð við að taka að sér vörutalningar. Valur mun næsta vetur vígja nýja íþróttahúsið sitt glæsilega sem mun sóma sér vel á leikjum í Meistaradeildinni.

sport

sport@frettabladid.is

GUNNAR HEIÐAR ÞORVALDSSON: STADDUR Á ÍSLANDI TIL AÐ FÁ BÓT MEINA SINNA

# Fékk ranga meðhöndlun hjá Hannover

Gunnar Heiðar Þorvaldsson, landsliðsmaður í knattspyrnu, er nú staddur hér á landi í hálfgerðu veikindaleyfi. Gunnar Heiðar er á mála hjá þýska úrvalsdeildarliðinu Hannover 96 en hefur átt við þrálát meiðsli í nára að stríða í allan vetur. Hefur hann af þeim sökum komið við sögu í fáum leikjum liðsins á tímabilinu.

„Þeir eru ekki þekktir fyrir að anda með nefinu í Þýskalandi eins og ég hef oft sagt áður. Þeir létu mig æfa í heilan mánuð, tvisvar á dag, þrátt fyrir að ég væri meiddur. Ég varð bara verri af því og ákvað því að það væri best að koma heim til Íslands í nokkra daga til að fá meðhöndlun hér. Það hefur gengið vel og líður mér strax betur,“ sagði Gunnar Heiðar sem kom hingað til lands síðastliðinn fimmtudag.

Batinn er það góður að hann vonast nú til að fá tækifæri til að spila aftur með liðinu áður en tímabilinu lýkur. „Það væri frábært að komast á bekkinn í næstsíðasta leiknum og spila svo síðasta leik tímabilsins. Bara svona rétt til að koma sér í form fyrir landsleikina í júní.“

Íslenska landsliðið mætir Liechtenstein á Laugardalsvelli 2. júní og svo Svíum á útivelli fjórum dögum síðar. Gunnar Heiðar missti af leiknum gegn Spánverjum vegna meiðslanna og hefur einsett sér að ná sér góðum fyrir leikina í júní.

„Það eina sem ég er að hugsa um núna er landsliðið,“ sagði hann.

Hann segir ástæðuna fyrir því að bati hans sé svo góður á Íslandi vera þá að læknarnir hér sýni



honum þolinmæði. „Það hefur verið mikil pressa á mér að koma mér í form þar sem framherjarnir okkar hafa ekki skorað mikið í vetur. Þeir hafa því ekki gefið mér þann tíma sem meiðslin þurfa til að jafna sig.“

Aðspurður segir hann að læknar félagsins hafi meðhöndlað sig á rangan máta. „Ég held að það sé ekki spurning,“ sagði hann.

Um framtíð sína hjá Hannover sagði hann að hún kæmi í ljós í sumar. „Ég fer örugglega á fund í sumar þar sem þetta kemur í ljós. Ég vil bara spila fótbolta og hefur þetta tímabil verið mikil vonbrigði fyrir mig.“



**SIGURÐUR INGIMUNDARSON** Hefur þjálfað lið Keflavíkur undanfarin ár.

Körfuboltalið Keflavíkur:

## Sigurður líklega áfram

**KÖRFUBOLTI** Þórir Birgisson, formaður körfuknattleiksdeildar Keflavíkur, segir það líklegt að Sigurður Ingimundarson verði áfram þjálfari karlaliðs félagsins.

„Viðræður eru hafnar og ganga vel. Ég býst við því að hann verði áfram þótt það sé erfitt að fullyrða um það nú.“

Hann segir einnig að Arnar Freyr Jónsson, Magnús Þór Gunnarsson og Jón Nordal Hafsteinsson verði líklega áfram. Óvissa sé með Sverri Þór Sverrisson.

„Það er óljóst hvað ég geri,“ sagði Sverrir. „Ég veit að ég mun spila körfubolta og ætla ekki að flytja langt frá Suðurnesjunum. Þetta kemur betur í ljós.“ sagði Sverrir sem er nú staddur í æfingaferð í Danmörku með knattspyrnuliði Njarðvíkur sem hann æfir nú með. - esá



**STÓR OG STERKUR** Það ráða fáir við George Byrd inni í teig. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Iceland Express-deild karla:

## George Byrd vill vera áfram

**KÖRFUBOLTI Bandaríski miðherjinn George Byrd gæti brotið blað á sínum ferli í íslenska körfuboltanum næsta haust því kappinn er búinn að segja Hamarsmönnum að hann verði áfram í herbúðum liðsins. Þetta yrði þá í fyrsta sinn sem Byrd byrjar tímabil hér á landi en hann hefur komið inn í deildina þrjú síðustu tímabil. Byrd var með 17,4 stig og 16,5 fráköst að meðaltali í Iceland Express-deildinni í vetur.** - óój

Manchester City:

## Ranson vill kaupa City

**FÓTBOLTI** Ray Ranson, fyrrverandi leikmaður Manchester City, sagði í gær að hann hafi gert 90 milljóna punda tilboð í Manchester City. Stjórn félagsins á eftir að svara honum en stjórnarmaður City, John Wardle, mun vera áhugasamur um að selja félagið. - esá



**JÖFNUNARMARKIÐ** Wayne Rooney skorar hér sitt fyrra mark gegn AC Milan í gær. Dida, markvörður Milan, horfir á eftir boltanum í netið. NORDIC PHOTOS/GETTY

# Rooney bjargaði United

**Tvö mörk Waynes Rooney í síðari hálfleik Manchester United og AC Milan í undanúrslitum Meistaradeildar Evrópu í gær tryggðu United 3-2 sigur. Kaka skoraði þó tvö dýrmæt mörk fyrir Milan sem koma liðinu til góða í síðari leik liðanna.**

**FÓTBOLTI** Wayne Rooney var hetja Manchester United en hann skoraði tvö mörk í síðari hálfleik og tryggði þar með liði sínu 3-2 sigur á AC Milan í fyrri viðureign liðanna í undanúrslitum Meistaradeildar Evrópu. United komst reyndar yfir með sjálfsmarki Dida strax á fimmtu mínútu en Brasilíumaðurinn Kaka náði forystunni fyrir AC Milan í fyrri hálfleik með tveimur mörkum.

„Mér fannst við spila frábæra knattspyrnu og að við stjórnuðum leiknum,“ sagði Alex Ferguson, stjóri United, eftir leik. „Jöfnunarmarkið veitti okkur hvatningu til að vinna leikinn og sigurmarkið gefur okkur frábæran möguleika á að vinna þessa viðureign.“

Fyrir leikinn var búist við því að sóknarleikurinn yrði í fyrirrúmi og reyndist það raunin. Föll varnarmanna í liði Manchester United kostuðu liðið tvö mörk en hinir ungu og eldsnöggu Ronaldo og Rooney fóru á stundum illa með hæga varnarmenn AC Milan.

Dida, markvörður AC Milan, gerði sig sekan um mistök í fyrsta marki leiksins er hann sló boltann í eigið mark eftir að Ronaldo skallaði að markinu eftir hornspyrnu. Þrátt fyrir þessa draumabyrjun tóku leikmenn Milan fljótt völdin og uppskáru tvö mörk. Sérstaklega er síðara markið var skoðað gerðu varnarmenn United slæm mistök er Patrice Evra hljóp niður Gabriel Heinze og Kaka gat leikið sér að því að koma boltanum í markið.

Michael Carrick fékk reyndar gullið tækifæri til að jafna metin snemma í síðari hálfleik en hann skaut framhjá úr opnu færi. Í síðari hálfleik hættu leikmenn Milan að nýta sér veikleika United í vörninni og reyndu frekar að verja forskotið. Það voru mistök því Rooney náði sér vel á strik þá. Fyrra markið skoraði hann eftir stungusendingu Paul Scholes og það síðara úr þröngu færi í uppbótartíma.

Ferguson og Rooney lofuðu sendingu Scholes eftir leikinn. „Hann gerir þetta á hverjum degi á æfingu. Hann er afar snjall og ég nýt þess að spila með þessum snillingi.“

Sigur United var vissulega mikilvægur og nægir liðinu nú að halda jöfnu í Milan. En útivallarmörk hafa oft reynst ráða úrslitum í slíkum viðureignum og því voru mörk Kaka sérstaklega dýrmæt.



**BARÁTTUDANS** Anna Bryndís Blöndal, leikmaður Stjörnunnar, sækir að Hönnu G. Stefánsdóttur hjá Haukum í leik liðanna í gær. Stjarnan vann fimmtán marka sigur, 40-25, í fyrstu viðureign liðanna í undanúrslitum deildarbikarkeppninnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## ÚRSLIT LEIKJA Í GÆR

*Deildarbikarkeppni kvenna*

| | |
|---|---|
| STJARNAN-HAUKAR | 40-25 |
| GRÓTTA-VALUR | 23-18 |

*Meistaradeild Evrópu*

| | |
|---|---|
| MANCHESTER UNITED-AC MILAN | 3-2 |

1-0 Cristiano Ronaldo (5.), 1-1 Kaka (22.), 1-2 Kaka (37.), 2-2 Wayne Rooney (59.), 3-2 Wayne Rooney (90.).

*Sænska úrvalsdeildin*

| | |
|---|---|
| AIK-HAMMARBY | 1-0 |

**Gunnar Þór Gunnarsson** kom inn á sem varamaður en **Heiðar Geir Júlíusson** var ekki í leikmannahópi Hammarby.

Grannaslagur í Manchester:

## City neitar bón United

**FÓTBOLTI Manchester City hefur neitað þeirri bón Manchester United að færa leik liðanna aftur um einn dag. Liðin eigi að mætast í hádeginu laugardaginn 5. maí, þremur dögum eftir síðari leik United gegn AC Milan í Meistaradeildinni. United óskaði eftir því að leikurinn færi fram á sunnudeginum.** - esá

Chelsea og Liverpool mætast í undanúrslitum Meistaradeildarinnar í kvöld:

# Benitez hunsar hugarleiki Mourinhos

**FÓTBOLTI** Það er mikil eftirvænting í Englandi vegna stórleiks Chelsea og Liverpool í undanúrslitum Meistaradeildarinnar sem fram fer á Stamford Bridge. Þetta er fyrri viðureign liðanna.

Sálfræðihernaðurinn byrjaði um leið og það lá ljóst fyrir að liðin myndu mætast og stjóri Chelsea, José Mourinho, hefur þar farið mikinn. Portúgalski stjórinn hefur meðal annars látið hafa eftir sér að Liverpool sé sigurstranglegra liðið þar sem það sé eingöngu að einblína á eina keppni á meðan Chelsea sé að berjast á þrem vígstöðvum. Rafael Benitez, stjóri Liverpool, hefur látið hugarleiki Mourinho sem vind um eyru þjóta.

„Ég held að aðaláhersla Chelsea sé á Meistaradeildinni. Félagið hefur breiddina til þess að einbeita sér að öllum þeim bikurum sem eru í boði,“ sagði Benitez sem ætlar ekki að liggja í vörn í kvöld.

„Við þekkjum þá, þeir þekkja okkur og á endanum geta úrslitin ráðist á smáatriðum. Litlu mistökin munu skipta sköpum. Annars munum við mæta til leiks með svipuðu hugarfari og gegn Barcelona. Við munum reyna að vinna og skora eitt eða tvö mörk. Það verður erfitt þar sem Chelsea fær ekki mörg mörk á sig. Við teljum okkur vera betra lið en fyrir tveim árum og kannski eru þeir líka betri,“ sagði Benitez.

Það er skarð fyrir skildi hjá Chelsea að Michael Essien er í banni og þeir Michael Ballack og Arjen Robben eru meiddir. Hjá Liverpool var Steve Finnan tæpur er orðinn klár í slaginn. - hbg

**KOMINN TÍMI Á ÞANN STÓRA?** Mourinho ætlar sér sigur í Meistaradeildinni með Chelsea. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES



# Bílar hafa ekki áhrif á umhverfið

**Við hjá Brimborg lítum svo á að bílar hafi ekki áhrif á umhverfið – heldur fólkið sem nýtir þá, á þá, ekur þeim, þjónustar þá, selur þá, framleiðir þá. Öll berum við ábyrgð á þeim lífsgæðum sem við viljum hafa á morgun og stefnt er að í dag. Við hjá Brimborg trúum því að við sjálf, í samvinnu við aðra, finnum réttu leiðina að þeim lífsgæðum sem gildi okkar vísa á. Hvort sem þau eru kölluð verðgildi eða manngildi. Við viljum vera í hópi þeirra bestu. Við viljum gæði. Við viljum ný tákn um lífsgæði.**

**Við hjá Brimborg fundum leið sem við viljum keyra í gegn. Við fundum leið til að sameinast. Við fundum leið sem hjálpar okkur að fara sömu leið. Við fundum þá leið að staðla vinnubrögð okkar og þannig sameina okkur sem liðsheild. Við erum sigurviss.**

**Við viljum gæðastjórnun. Við höfum unnið að því í marga mánuði og kostað til þess miklum fjármunum að standast kröfur um vottun alþjóðlega gæðastaðalsins ISO 9001: 2000 – fyrst íslenskra bílaumboða. Og bráðum fáum við einnig umhverfisvottun samkvæmt staðlinum ISO 14001. Við sameinumst enn frekar í leið okkar að bættum lífsgæðum. Við hjá Brimborg höfum einnig óskað eftir úttekt og vottun á jafnlaunastefnu okkar í samræmi við tillögur samráðshóps félagsmálaráðherra um launajafnrétti.**

**Við erum öruggur staður að vera á. Brimborg fylgir vistvænni stefnu í víðasta skilningi þess orðs um það að vera hvort tveggja – öruggur vinnustaður og öruggur kaupstaður – fyrir fólk sem hefur það að leiðarljósi að bæta stöðugt hag sinn og möguleika í hringiðu lífsins með aukin lífsgæði og vellíðan að markmiði.**
**Vistin hjá Brimborg er væn fyrir starfsfólk, viðskiptavini, birgja og annað áhugasamt fólk um væn gildi, hvort sem þau eru verðgildi eða manngildi.**

**Núna vitum við hvar við erum. Núna vitum við hvert við viljum fara. Vonandi áttum við okkur einnig á því hvenær við erum komin þangað. Við erum sigurviss.**

*Gleðilegt sumar,*
*starfsfólk Brimborgar*

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6-8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.brimborg.is

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

## > JULIA ROBERTS

Hæstlaunaða leikkona heims, Julia Roberts, á ýmis fræg ástarsambönd að baki. Árið 1990 trúlofaðist hún Kiefer Sutherland, en hann fór frá konu sinni og börnum fyrir hana. Samband þeirra endaði sex dögum fyrir áformað brúðkaup. Þá trúlofaðist Julia söngvaranum Lyle Lovett eftir fárra vikna kynni en þau skildu tveimur árum eftir giftinguna. Leikkonan hefur einnig verið með leikurunum Benjamin Bratt, Matthew Perry, Liam Neeson og Daniel Day-Lewis. Í dag er hún gift kvikmyndatökumanninum Danny Moder og á með honum tvíbura.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON VARÐ FYRIR VONBRIGÐUM MEÐ PRISON BREAK

# *Að komast að ásættanlegri niðurstöðu*

Mikið flug hefur verið á sjónvarpsþáttunum Heroes, Lost og 24 að undanförnu. Til að mynda var síðasti Lost-þáttur mjög þéttur og endirinn kom manni gjörsamlega í opna skjöldu.

Þegar miklar væntingar hafa verið byggðar upp þátt eftir þátt er samt alltaf hættan á að menn verði fyrir vonbrigðum í lok þáttaraðarinnar. Sjónvarpsáhorfendur vilja fá einhverja ásættanlega niðurstöðu í lokin og þótt önnur þáttaröð sé handan við hornið má ekki skilja þá eftir ósátta eða í lausu lofti.

Þættirnir Prison Break héldu athyglinni ágætlega í vetur og kölluðu endalok hvers þáttar á að maður yrði að sjá þann næsta. Í hverjum þætti leit út fyrir að bræðrunum tveimur ætlaði að takast að slepppa fyrir fullt og allt en alltaf gerðist eitthvað í lokin sem kom í veg fyrir það. Ekki gat maður þó sagt mikið við þessu því vitaskuld voru framleiðendurnir að draga þættina á langinn til að fá meira áhorf.



**PRISON BREAK** Sjónvarpsþættirnir Prison Break hafa lokið göngu sinni í bili.

Ekki átti maður samt von á því að lokaþátturinn yrði eins og allir hinir. Þrátt fyrir að hafa látið leiða sig á asnaeyrunum heilan vetur fékk maður enga niðurstöðu að launum í lokaþáttunum heldur einungis áframhaldandi óvissu. Þetta var illa gert af framleiðendunum og vonandi verð ég ekki eins illa svikinn af fólkinu á bak við Heroes, Lost og 24.

Prison Break voru þó skemmtilegir á meðan á þeim stóð en næst heimta ég alvöru endi eftir allar andvökunæturnar, ef áhuginn verður þá ennþá fyrir hendi.

## EKKI MISSA AF



▶ **21.00** Skemmtiþáttur Catherine Tate Sjónvarpið



▶ **20.50** Strictly Confidential Stöð 2



▶ **22.00** Kill Bill Stöð 2 bíó



▶ **21.10** Supernatural Sirkus



▶ **20.30** Fyrstu skrefin Skjáreinn

## SJÓNVARPIÐ

**15.35 Talið í Söngvakeppni** (1:3) e.
**16.00 Kastljós - Borgarafundur**
**17.05 Leiðarljós**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Alvöru dreki** (6:19)
**18.23 Sígildar teiknimyndir** (31:42)
**18.30 Suðandi stuð** (11:21)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Ljóta Betty** (11:22) Bandarísk þáttaröð um óskóp venjulega stúlku sem er ráðin aðstoðarkona kvennabósa sem gefur út tískutímarit í New York.
▶**21.00 Skemmtiþáttur Catherine Tate** (4:6) Catherine Tate bregður sér í ýmis gervi í stuttum grínatriðum.
**21.35 Nýgræðingar** Gamanþáttaröð um lækninn J.D. Dorian og ótrúlegar uppákomur sem hann lendir í. Aðalhlutverk leika Zach Braff, Sarah Chalke og Neil Flynn.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Íþróttakvöld**
**22.40 Mario Lanza** Bresk heimildamynd um bandaríska tenórsöngvarann og kvikmyndaleikarann Mario Lanza sem sem skaust upp á stjörnuhimininn árið 1947 en lést 12 árum seinna eftir sukksamt líferni, aðeins 38 ára.
**23.40 Kastljós**
**00.10 Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva 2007** (2:4) e.

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Full Frontal**
**08.00 Broadcast News**
**10.10 Men With Brooms**
**12.00 2001: A Space Travesty**
**14.00 Broadcast News**
**16.10 Men With Brooms**
**18.00 2001: A Space Travesty**
**20.00 Full Frontal** Rómantísk gamanmynd á dramatískum nótum sem er einskonar óopinbert framhald Sex, Lies and Videotape. Bönnuð börnum.
▶**22.00 Kill Bill**
**00.00 Sweeney Todd**
**02.00 Darkwolf**
**04.00 Kill Bill**

## STÖÐ 2

**07.20 Grallararnir**
**07.40 Tasmanía**
**08.00 Oprah**
**08.45 Í fínu formi 2005**
**09.00 Bold and the Beautiful**
**09.20 Forboðin fegurð**
**10.05 Most Haunted** (8:20)
**10.50 Fresh Prince of Bel Air 4**
**11.15 Strong Medicine** (18:22)
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Nágrannar**
**13.10 Osbournes** (7:10) (e)
**13.35 What Not To Wear On Holiday**
**14.40 Í sjöunda himni með Hemma Gunn**
**15.50 Smá skrítnir foreldrar**
**16.13 Stubbarnir**
**16.38 Pocoyo**
**16.48 Kalli og Lóla**
**17.03 Könnuðurinn Dóra**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Nágrannar**
**18.18 Ísland í dag og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.55 Ísland í dag, íþróttir og veður**
**19.40 Kosningafundur Stöðvar** (5:7) Fundað verður í Reykjavík um málefni suðurkjördæmi Reykjavíkur.
**20.05 Extreme Makeover** (16:23)
▶**20.50 Strictly Confidential** Ný bresk smásería í anda Footballers Wives og Hótel Babýlon um kynlífsráðgjafa sem tekst á við kynlífsvandamál ókunnugra allan daginn en á sjálf við ýmis vandamál að stríða þegar heim er komið. (2:6) Bönnuð börnum.
**21.40 Medium** (11:22) Alison Dubois er óskóp venjuleg eiginkona og móðir í úthverfi sem býr yfir harla óvenjulegum, yfirnáttúrulegum hæfileikum. Bönnuð börnum.
**22.25 Oprah** Bob Greene segir Opruh frá því hvernig honum tókst að búa til hinn fullkomna megrunarkúr.
**23.10 Grey's Anatomy** (26:36)
**23.55 Kompás**
**00.30 Life Less Ordinary**
**02.10 Elsker dig for evigt** (Open Hearts)
**04.00 The Frighteners**
**05.45 Medium** (11:22)
**06.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**18.00 Insider** Í þessum þáttum fara stjórnendurnir með okkur í innsta hring stjarnanna þar sem við fáum að sjá einkaviðtöl, nýjustu upplýsingarnar og sannleikann á bakvið heitasta slúðrið í Hollywood.
**18.30 Fréttir**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 Twins** (When I Move, You Move) Mitchee vill kaupa íbúð en verðið reynist henni of hátt. Hún biður því systur sína að flytja með sér en hún neitar.
**19.55 Entertainment Tonight** Í gegnum árin hefur Entertainment Tonight fjallað um allt það sem er að gerast í skemmtanabransanum og átt einkaviðtöl við frægar stjörnur.
**20.20 American Inventor**
▶**21.10 Supernatural** (11:22) Bræðurnir Sam og Dean halda áfram að berjast gegn illum öflum og eiga í baráttu við sjálfan djöfulinn. Nú leita þeir hefnda.
**22.00 Shark** (16:22) Nýir bandarískir spennuþættir sem fjalla um stjórnulögfræðinginn harðsvíraða Sebastian Stark sem söðlað hefur um og gerst opinber saksóknari eftir að hafa getið sér gott orð sem verjandi frægra fólksins.
**22.45 Las Vegas NÝTT** (2:17) Spennandi bandarísk þáttaröð sem gerist í partíborginni Las Vegas. James Caan er hér í hlutverki Big Ed Deline, yfirmanns öryggismála í stóru spilavíti þar sem allt getur gerst. Í þessari fjórðu þáttaröð heldur Big Ed áfram að sjá til þess að allt fari vel fram í spilavítinu en það er ekki auðvelt í partíborginni Las Vegas.
**00.00 My Name Is Earl 2 - NÝTT** (e)
**00.30 Gene Simmons: Family Jewels** (Sexercise)
**00.55 Sirkus Rvk** (e)
**01.25 Twins** (e)
**01.50 Entertainment Tonight** (e)
**02.15 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 N4 Fréttir** og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10.5 næsta dag.
**16.45** og **17.45 Átak með Guðrúnu Gísla**. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05.45 til 09.45 næsta dag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**07.15 Beverly Hills 90210** (e)
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Melrose Place** (e)
**10.30 Óstöðvandi tónlist**
**14.45 Vörutorg**
**15.45 Innlit / útlit** (e)
**16.45 Beverly Hills 90210**
**17.30 Melrose Place**
**18.15 Rachael Ray**
**19.00 Everybody Loves Raymond** (e)
**19.30 Will & Grace** (e)
**20.00 According to Jim** (5:22)
▶**20.30 Fyrstu skrefin** (9:12) Í kvöld verða Eva og Zaldy heimsótt en þau leyfðu áhorfendum að fylgjast með fæðingu sonar þeirra í fyrra og síðan verður litið inn hjá Irmu og Steinari sem áhorfendur fengu að fylgjast með eignast sitt fyrsta barn í síðasta mánuði.
**21.00 Britain's Next Top Model** (9:10) Stúlkurnar fimm sem eftir eru koma til Míláno. Þar þurfa þær að byrja á að berjast um rúmin sem í boði eru. Fyrsta verkefnið er að hitta konu sem sér um að bóka verkefni fyrir fyrirsætur hjá stórri módelskrifstofu í Mílanó.
**22.00 Jericho** (13:22) Bandarísk þáttaröð um íbúa í Bandaríkskum smábæ sem einangrast frá umheiminum eftir að kjarnorkuárásir á bandaríska borgir.
**22.50 Everybody Loves Raymond**
**23.15 Jay Leno**
**00.05 Close to Home** (e)
**00.55 Kidnapped** (e)
**01.45 Beverly Hills 90210** (e)
**02.30 Melrose Place** (e)
**03.15 Vörutorg**
**04.15 Óstöðvandi tónlist**

## SKJÁR SPORT

**07.00 Að leikslokum** (e)
**14.00 Bolton - Reading** (frá 21. apríl)
**16.00 Watford - Man. City** (frá 21. apríl)
**18.00 West Ham - Everton** (frá 21. apríl)
**20.00 Newcatle - Chelsea** (frá 22. apríl)
**22.00 Þrumuskot** (e)
**23.00 Palermo - Parma** (frá 22. apríl)
**01.00 Dagskrárlok**




# Við mælum með

**gómsætum steinbít kalkútta m/hnetum og ferskum koriander.**

**Í dag á aðeins**

# 1.190.-kr/kg

**Fiskisaga**

Ævintýralegar fiskbúðir

Búðakór 1 / Hamraborg 14a / Skipholti 70 / Höfðabakka 1 / Nesvegi 100 / Sundlaugavegi 12 / Háaleitisbraut 58–60 / Tjarnarvöllum 15

## Í KVÖLD

### SÝN KL. 18.30

### Chelsea - Liverpool



Fyrri viðureign Chelsea og Liverpool í undanúrslitum Meistaradeildarinnar. Chelsea á harma að hefna eftir að hafa tapað fyrir Liverpool í undanúrslitum árið 2005, þegar Liverpool fór alla leið og varð efst í Meistaradeildinni. Áður en leikurinn hefst verða þeir Heimir Karlsson og Guðni Bergsson að vanda með upphitun. Þeir fá til sín góða gesti í heimsókn, bæði þrautreynda knattspyrnumenn sem og íþróttafréttamenn Sýnar og spá í spilin. Að leik loknum fara þeir svo ítarlega yfir gang mála í leiknum; mörkin, tilþrifin, brotin umdeildu atvikin og margt fleira. Álitsgjafar segja sína skoðun á atburðum kvöldsins og þar á meðal reyndir millirikjadómarar

### ▶ Við mælum með Britain's Next Top Model Skjáreinn kl. 21.00

Í þættinum í kvöld fylgjast áhorfendur með því þegar stúlkurnar fimm sem eftir eru fara til Mílanó. Fyrsta verkefnið er að hitta konu sem sér um að bóka verkefni fyrir fyrirsætur hjá stórri módelskrifstofu í Mílanó. Hún er óvægin í gagnrýni sinni og stúlkurnar óttast að þær standist ekki kröfurnar í höfuðborg tískunnar. Myndatakan er fyrir einn af fremstu tískuhönnuðum borgarinnar og ein stúlkan á erfitt með að komast í fötin.



BRITAIN'S NEXT TOP MODEL

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**09.05** Laufskálinn
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Pipar og salt
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Útvarpssagan: Sólskinsfólkið
**14.30** Miðdegistónar
**15.03** Þættir úr íslenskri leikritun: 1990 - 2007
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Vitinn
**19.30** Laufskálinn
**20.10** Heima er best
**21.00** Út um græna grundu
**21.55** Orð kvöldsins
**22.15** Glæta
**23.05** Fallegast á fóninn
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

### SÝN

**07.00 Meistaradeildin með Guðna Bergs**
**07.45 Meistaradeildin með Guðna Bergs**
**16.20 Meistaradeild Evrópu** (Man. Utd. - AC Milan)
**18.00 Meistaradeildin með Guðna Bergs - Upphitun**
**18.30 Meistaradeild Evrópu** (Chelsea - Liverpool)
**20.40 Meistaradeildin með Guðna Bergs** (Meistaramörk) Knattspyrnusérfræðingarnir Guðni Bergsson og Heimir Karlsson fara ítarlega yfir alla leiki kvöldsins í Meistaradeild Evrópu.
**20.55 Spænsku mörkin**
**21.40 Þýski handboltinn**
**22.10 Meistaradeild Evrópu** (Chelsea - Liverpool)
**23.50 Meistaradeildin með Guðna Bergs**

### FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** Nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar.
**21.00 Einbýlishús** Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!
**22.00 Fjölbýli og hæðir** Litlar og meðalstórar eignir sýndar.
**23.00 Nýjar eignir** e.
**0.00 SMS eignir** Veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms-skilaboð.

### DR 1

**6.00** Postmand Per **6.15** Noddy **6.30** Ud i det blå **7.00** Italienske fristelser **7.30** Smagsdommerne **8.10** Ekstreme grænser **8.25** OBS **8.30** Arbejdsliv - find et job! **9.00** Den 11. time **9.30** Hold masken **10.00** TV Avisen **10.10** Kontant **10.35** Ud i naturen **11.00** Hvad er det værd **11.25** Aftenshowet **12.20** Hokus Krokus **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** TV Avisen med vejret **13.10** Dawson's Creek **14.00** Boogie Special **14.15** SKUM TV **14.30** Pucca **14.35** Hannah Montana **15.00** Johanna Yohanna **15.30** Der var engang... **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **16.55** Aftenshowet med Vejret **17.30** Kongehuset **18.00** Søren Ryge - Mads og Tove i Tim **18.30** I lære som stjerne **19.00** TV Avisen **19.25** Penge **19.50** SportNyt **20.00** En sag for Frost **21.35** Onsdags Lotto **21.40** Mission integration **22.10** Boogie Update **4.30** Dyrene fra Lilleskoven **5.00** Rasmus Klump **5.10** Palle Gris på eventyr **5.30** Gnotterne **6.00** Postmand Per

### NRK 1

**7.30** Dyreklinikken **8.00** Siste nytt **8.05** Muntlig spørretime **9.00** Siste nytt **9.05** Oddasat - Nyheter på samisk **9.20** Distriktsnyheter **9.40** Fra Nordland **10.00** Siste nytt **10.05** Distriktsnyheter **10.20** Fra Møre og Romsdal **10.40** Fra Hordaland og Sogn og Fjordane **11.00** Siste nytt **11.05** Distriktsnyheter **11.20** Fra Aust- og Vest-Agder **11.40** Fra Buskerud, Telemark og Vestfold **12.00** Siste nytt **12.05** Distriktsnyheter **12.20** Fra Oslo og Akershus **12.40** Fra Østfold **13.00** Siste nytt **13.05** Sinbads fantastiske reiser **13.30** Kim Possible **14.00** Siste nytt **14.03** Amigo **14.30** Fabrikken **15.00** Siste nytt **15.10** Oddasat - Nyheter på samisk **15.25** Perspektiv: Store operaøyeblikk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Nysgjerrige Nils **16.15** Ugler i mosen **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Forbrukerinspektørene **17.55** Der fartøy flyte kan **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.40** Vikinglotto **19.45** House **20.30** Migrapolis: Mann med stor M **21.00** Kveldsnytt **21.15** Lydverket **21.50** Lov og orden: New York **22.30** Helleristerne **4.25** Frokost-tv

### SVT 1

**7.30** Ramp höjdare **8.00** Leila, née en France **8.30** The day I got the sack **8.55** Quirks **9.00** Garage guld **9.30** Krokomax **10.00** Rapport **10.05** The Robinsons **12.20** Top Hat **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Plus **15.30** Krokodill **16.00** Fifi och blomsterfröna **16.10** Yoko! Jakamoko! Toto! **16.15** En unge till **16.25** Bumsfilibaba igen **16.30** Hjärnkontoret **16.45** Klister **17.00** Ishockey: Landskamp Sverige-USA **17.30** Rapport **18.00** Ishockey: Landskamp Sverige-USA **18.30** Mitt i naturen **19.00** Ishockey: Landskamp Sverige-USA **19.20** Robins **19.50** Entourage **20.15** Return to me **22.10** Rapport **22.20** Kulturnyheterna **22.30** Bingo Royale **23.15** Sändningar från SVT24 **4.00** Gomorron Sverige


# GRÆN FRAMTÍÐ

1. Forgangsröðum í þágu náttúruverndar, staðfestum náttúruverndaráætlun til 2012 og leggjum hana til grundvallar ákvörðunum um aðra landnýtingu.

2. Stöðvum alla frekari orkuöflun fyrir stóriðju, a.m.k. næstu fimm árin.

3. Ljúkum við rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma áður en ákvarðanir verða teknar um frekari virkjanir. Áætlunin fái umfjöllun og verði staðfest af Alþingi.

4. Tryggjum öllum heilnæmt neysluvatn og sjálfbæra nýtingu vatns.

5. Eflum almenningssamgöngur, aukum hlut vistvænna ökutækja, tökum upp strandsiglingar og greiðum fyrir umferð hjólandi og gangandi vegfarenda í því skyni að auka umferðaröryggi og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

6. Stofnum loftslagsráð sem móti tillögur um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og meti áhrif loftslagsbreytinga á náttúruna, þjóðarhag og þjóðaröryggi.

7. Tryggjum aðkomu almennings og frjálsra félagasamtaka að stefnumótun og ákvörðunum á sviði umhverfis- og skipulagsmála. Samráð skiptir máli!

8. Nýtum gróðurlendi á sjálfbæran hátt og heftum landeyðingu með skipulegri landgræðslu. Leggjum áherslu á að endurheimta töpuð vistkerfi og aukum landgæði með uppgræðslu og skógrækt þar sem við á.

9. Eflum náttúrufarsrannsóknir og aukum alþjóðlegt samstarf á því sviði. Beinum sérstaklega sjónum að hafrannsóknum svo styrkja megi vísindalegan grundvöll fiskveiðistjórnunar og framleiðslu sjávarafurða.

10. Aukum hlut lífrænnar landbúnaðarframleiðslu og hvetjum til rannsókna og þróunar vistvænna aðferða í landbúnaði.

11. Leggjum áherslu á að útivist og ferðamennska samræmist markmiðum um sjálfbæra þróun og hlutur menningartengdrar ferðaþjónustu verði aukinn.

12. Samþættum umhverfisfræðslu öllum námsgreinum og sjáum skólunum fyrir vönduðu og fjölbreyttu námsefni um umhverfismál á öllum skólastigum.

Kynntu þér málið á www.VG.is

VINSTRIHREYFINGIN grænt framboð

ALLT ANNAÐ LÍF! - með vinstri grænum





Kolbrún Halldórsdóttir
skipar 1. sæti Reykjavíkurkjördæmi Suður

## GAMLA MYNDIN



*„Þarna var ég búin að vera í eitt ár hjá Sjónvarpinu. Ég á þennan jakka enn þó að hann sé kominn inn í skáp. Stóra systir mín keypti hann í París, þar sem hann var sérsaumaður á mig.“*

*Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir, fréttakona.*

Myndin er tekin í mars 1995.

# Flottar heimildarmyndir fyrir vestan

„Við ætlum að frumsýna tæplega tuttugu nýjar íslenskar heimildarmyndir,“ segir Hálfdán Pedersen, einn skipuleggjenda heimildarmyndahátíðarinnar Skjaldborg ´07 sem verður haldin í fallegu gömlu bíóhúsi á Patreksfirði um hvítasunnuhelgina. „Meðal myndanna sem verða frumsýndar eru Syndir feðranna, myndin hans Bergsteins Björgúlfssonar um upptökuheimilið í Breiðavík sem er búið að vera mikið í fréttum og Án titils: Sigur Rós á hljómleikaferðalagi sem er mjög lífleg og skemmtileg mynd um Evróputúr hljómsveitarinnar,“ segir Hálfdán.

Einnig verður frumsýnd myndin í Hugleikir, fyrsta heimildarmynd Hugleiks Dagsonar myndasöguhöfunds með meiru, sem fjallar um hlutverkaleiki á borð við Dungeons and Dragons og allt sem fylgir þeim.

Hátíðin á Patreksfirði er enn einn liður í hinum mikla uppgangi sem hefur verið á Vestfjörðum síðustu misseri, alveg álverslaust. Skemmst er að minnast hátíðarinnar Aldrei fór ég suður sem laðaði að sér blaðamenn frá mörgum erlendum stórblöðum og fegurðarsamkeppninnar Óbeisluð fegurð sem vakti athygli langt út fyrir landsteinana.

„Við erum með þessari hátíð að skapa vettvang fyrir heimildarmyndagerðarfólk til að sýna myndir sínar á sama tíma og við erum að drífa borgarfólkið út á land. Það verður margt fleira að gera þarna en að horfa á myndir. Það verður hægt að fara í siglingar, veiða þorsk og svo verður slegið upp allsherjar fiskigrillveislu og sveitaballi.“ segir Hálfdán. -jar



**MEIRI UPPGANGUR FYRIR VESTAN** Hálfdán Pedersen skipuleggur flotta heimildarmyndahátíð á Patreksfirði um hvítasunnuhelgina. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**LÁRÉTT** 2. Listastefna, 6. samtök, 8. sarg, 9. önn, 11. samanburðartenging, 12. langur og mjór maður, 14. óbyggðir, 16. skóli, 17. skjögur, 18. for, 20. tveir eins, 21. snöggur.

**LÓÐRÉTT** 1. land í asíu, 3. tvíhljóði, 4. sáldrar, 5. beita, 7. fært úr lagi, 10. lík, 13. nálægt, 15. sjá eftir, 16. framkoma, 19. guð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. dada, 6. aa, 8. urg, 9. ofn, 11. en, 12. slání, 14. óræfi, 16. fg, 17. riðl, 18. aur, 20. rr, 21. snar.

**LÓÐRÉTT:** 1. laos, 3. au, 4. dreifir, 5. agn, 7. aflögun, 10. nár, 13. nær, 15. iðra, 16. fas, 19. ra.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. 76 ára.
2. Ehud Olmert.
3. Norðurál og Hitaveita Suðurnesja.

vísir
FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR
www.visir.is

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is



**KJÖRFUNDUR UNDIRBÚINN** Þær Klara Baldursdóttir og Dagmar Ólafsdóttir fara yfir málin áður en kjörfundur var opnaður í sólinni á Kanarí.

ALÞINGISKOSNINGAR: METAÐSÓKN Á KJÖRSTAÐ HJÁ KLÖRUBAR

# Klara næsti ræðismaður Íslands á Kanaríeyjum

Klara Baldursdóttir, betur þekkt sem Klara á Klörubar, hefur undanfarna tvo daga verið með opna kjördeild á bar sínum á Kanaríeyjum fyrir þá sem vilja greiða atkvæði utan kjörfundar fyrir alþingiskosningarnar 12. maí. Aðsóknin hefur verið með hreinum ágætum en alls hafa 27 kosið á þessum tveimur dögum og Klara segir að fólk geti enn haft samband við sig ef það sjái ekki fram á að vera komið heim til Íslands fyrir kosningar.

„Þetta eru ekki nema rúmlega sextíu manns með börnum sem búa hérna fyrir vetrartímann þannig að kjörsókn hefur verið með hreinum ágætum,“ segir Klara þegar Fréttablaðið náði tali af henni í 28 stiga hita og glampandi sólskini á sólarparadísinni. „Það eru fleiri sem eru búnir að láta mig vita og hafa áhuga á því að kjósa,“ bætir hún við en margir sjómenn fara þarna um vegna íslenskra útgerða sem þarna eru og hafa þeir sýnt utankjörfundinum mikinn áhuga.

Klöru var úthlutað þessu verkefni eftir að íslenski konsúllinn í Las Palmas treysti sér ekki til þess sökum langvarandi veikinda. „Hann hefur átt við veikindi að stríða í þó nokkurn langan tíma og fór í hjartaaðgerð fyrir skömmu,“ segir Klara. Utanríkisráðuneytinu barst jafnframt beiðni frá sendiráðinu í París þar sem farið var þess á leit að Klara myndi sjá um þessa atkvæðagreiðslu enda myndi það auðvelda þeim fjölda Íslendinga sem þar væri að kjósa enda þyrftu þeir þá ekki að leggja upp í langferð til Las Palmas.



**SPENNANDI KOSNINGAR** Framsóknarflokkurinn hélt kosningafundi á Klörubar og því verður spennandi að sjá hvort sú fyrirhöfn skilar sér í sólbrúnum atkvæðum frá Kanarí.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins kemur Klara sterklega til greina sem næsti ræðismaður Íslands á Kanarí. Fréttablaðið hafði samband við Pétur Ásgeirsson, skrifstofustjóra utanríkisráðuneytisins og hann staðfesti að beiðni um að Klara Baldursdóttir yrði gerð að ræðismanni Íslendinga lægi fyrir hjá spænskum stjórnvöldum. Og átti hann ekki von á öðru en að sú beiðni myndi renna ljúflega í gegn.

Sólþyrstu Íslendingarnir þurfa ekki að kvíða því að þeir fái ekki fyrstu tölur eins og aðrir Íslendingar því að sjálfsögðu býður Klara upp á kosningavöku 12. maí eins og áður. „Það er reyndar af sem áður var eftir að netið kom til sögunnar. Hérna áður fyrr var bara notast við símann, hringt heim og fólk hringdi aftur út til okkar og leyfði okkur að fylgjast með.“

freyrgigja@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Ragnar Bragason** situr ekki auðum höndum þótt bæði **Börn** og **Foreldarar** séu farnir úr heimahúsi hans. Ragnar situr nú sveittur við að fullklára sjónvarpsþáttaröðina Næturvaktina auk þess sem hann skrifar handrit að danskri mynd en tökur á henni gætu hugsanlega hafist á næsta ári. Leikstjórinn hefur þó varann á og bætir um betur með gerð íslensks handrits ef frændurnir í norðri skyldu klikka. Enda ku það vera regla í þessum bransa sem öðrum að betri er einn fugl í hendi en tveir í skógi.



Kosningabaráttan er farin á fullt og beita flokkarnir ýmsum brögðum til að laða að sér kjósendur. Samfylkingin á Suðurlandi hefur þegar frumsýnt kosningamyndband sem vakið hefur mikla athygli á netinu en þar sjást frambjóðendurnir í fjórum efstu sætunum, þau **Guðný Hrund Karlsdóttir**, **Róbert Marshall** og **Lúðvík Bergvinsson** auk leiðtogans **Björgvins G. Sigurðssonar** í snóker í dimmu herbergi. Gárungarnir hafa skemmt sér konunglega yfir þessu myndbandi en ekki síst í ljósi þess að Lúðvík kallar flokksbróður sinn, Róbert Marshall, „sprækan strák“. Að ógleymdri þeirri staðreynd að aðeins einn af fjórum frambjóðendunum virðist búa yfir þeim hæfileika að skjóta kúlunni í gatið; Guðný Hrund.



Og enn bætist við stjörnufansinn í kvikmynd **Sólveigar Anspach**, Skrapp út. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins mun **Sindri nokkur Eldon** koma til með að verða einn þeirra sem bíður spenntur eftir „grasinu“ sínu en myndin fjallar sem kunnugt er um Önnu Hallgrímsdóttur sem vill losa sig út úr marijúana-sölu sinni. Tökur á myndinni hefjast á morgun en það er skáldakonan **Didda** sem leikur aðalhlutverkið. -fgg



# Þorsteinn Joð í veiðiferð til Indlands

Þorsteinn Joð Vilhjálmsson og Einar Falur Ingólfsson eru á leiðinni í veiðiferð til Maldíveyja í Indlandshafi. Þeir leggja af stað í dag en það er Pétur Pétursson, leigutaki í Vatnsdalsánni, sem stendur fyrir ferðinni.

Þegar Fréttablaðið hafði uppi á Þorsteini var hann í óða önn að pakka niður hentugum ferðafatnaði sem fólst meðal annars í sólvörn númer sextíu og Simmsskyrtum tveimur en þær eru þeim kosti búnar að verja sólarvörn um leið. „Þetta eru um ellefu hundruð eyjar og því er spáð að þær fari fyrst á kaf ef spár um loftslagsbreytingar ganga eftir,“ útskýrir Þorsteinn en félagarnir munu annars vegar veiða af báti með kaststöng en hins vegar af hvítum ströndum eyjanna.

„Af bátnum geta komið allt að þrjátíu til fimmtíu punda fiskar og ég sá einu sinni mynd eftir Dúa Landmark um þessa sportveiði. Manni virtist það bara vera á færi manna sem tækju hundrað og tíu í bekkpressu að landa þessum skepnum. Ég verð nú eiginlega að viðurkenna að ég er eiginlega mest spenntur fyrir að veiða af ströndinni því þá getur maður eiginlega átt von á öllu,“ útskýrir Þorsteinn sem er mikill veiðimaður og þykir fátt jafn gott og að veiða á flugu. „Það er eitt af þeim fáu áhugamálum þar sem ég gleymi eiginlega bara vinnunni,“ útskýrir hann.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem þeir félagar leggja í langferð hálfa leið yfir hnöttinn því þeir fóru einnig á Norðurpólinn til að sækja pólfarann Harald Örn Ólafsson á sínum tíma. „Það er alltaf gaman að rannsaka nýjar og framandi slóðir,“ segir Þorsteinn en veiðiferðin til eyjanna stendur í eina viku. -fgg



**ÞORSTEINN JOÐ** Ætlar að renna fyrir fisk við Maldíveyjar.

WWW.SVAR.IS

# VINSÆLASTA acer FARTÖLVAN

3 ÁRA ÁBYRGÐ



## Acer ASPIRE 5103WLMi

AMD Turion X2 TL-52 tveggja kjarna örgjörvi
1024MB DDR2 hraðvirkt vinnsluminni
120GB SATA harður diskur
CD og DVD skrifari
15.4" breiðtjaldsskjár
- CrystalBrite tækni gefur dýpri og fallegri mynd
- Innbyggð Acer OrbiCam vefmyndavél
ATi Radeon X1100 128MB skjákort
Windows Vista Home Premium

Windows Vista

**TILBOÐ: 89.900-**

Ein vinsælasta fartölvan frá Acer á ótrúlegu tilboðsverði. Nýjasta kynslóð tveggja kjarna örgjörva, hraðvirkt vinnsluminni og nægt geymslupláss ásamt vefmyndavél er aðeins hluti af því sem þessi fartölva hefur að geyma!

# SKJÁDAGARNIR HALDA ÁFRAM!

3 ÁRA ÁBYRGÐ




## Acer 17" 1716 skjár

1280x1024 upplaus / 300 cd/m2 birtustig
500:1 skerpa

**TILBOÐ: 16.900-**




## Acer 19" 1916W skjár

Breiðtjaldssnið / 1440x900 upplausn
300 cd/m2 birtustig / 700:1 skerpa

**TILBOÐ: 19.900-**

svar:) tækni

ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR Á WWW.SVAR.IS - SÍÐUMÚLA 37 - SÍMI 510 6000

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



vísir www.visir.is
FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR




**BAKÞANKAR**


ÞÓRHILDAR ELÍNAR ELÍNARDÓTTUR


## *Beðið eftir Botox*

Í hinum dæmigerðu vinkonuhópum var eitt sinn mjög vinsælt að halda snyrtivörukvöld. Þá söfnuðust þær saman í heimahúsi og létu selja sér fyrir formúur nauðsynlega andlitskornmaska og naglabandasmyrsl sem ekki voru notuð upp frá því. Nokkru síðar varð nauðsynlegt að hittast og skoða undirföt sem engin viðstaddra hefði þorað að handleika alein úti í búð. Raunar seldi á þessum tíma engin verslun með snefil af sómatilfinningu nærföt af þeirri sort sem hér um ræðir. Þetta var samt eftir að Pan-hópurinn hafði rutt brautina með dónasýningum og fyrirgert um leið mannorðinu til frambúðar. Eftir á að hyggja voru þessar sýningar trúlega álíka ruddalegar og fegurðarsamkeppnin í sjónvarpinu á dögunum.

**ÞEGAR** allir höfðu vanist jafn þokkafullum undirfatnaði lognaðist nærbuxnaheimasalan að mestu út af. Eftir dálitla ládeyðu varð samt gaman að hittast yfir plastdollum. Þetta voru ákaflega góðar og nytsamlegar plastdollur en satt best að segja þurfti heilmikla múgsefjun til að hægt væri að finnast tíma sínum vel varið þessi kvöld. Sumar komu út með fjárfestingar heimilisins í ýmsum tegundum af hristidollum, hnoðskálum og loftþrýstiumbúðum sem nýttust svo þegar á reyndi ljómandi vel sem poppskálar.

**ÞEGAR** dollulæðið hjaðnaði ögn kom í ljós umtalsvert frjálslyndara þjóðfélag en áður og enn og aftur má þar ekki vanmeta framlag hins framsýna Pan-hóps. Nú varð málið að mæta í heimahús á sölukvöld hjálpartækja ástarlífsins. Þar er ég sjálf reyndar alveg lens en hef frétt að þetta hafi verið með hvetjandi samkomum svo feimnustu frúr hafi skundað heim með birgðir af alls kyns töfrakúlum, -stöfum og -fiðrildum.

**OG** fyrir okkur sem lifað hafa allar þessar sviptingar fréttist nú af nýrri tegund af heimasamkomu til að rækta hópsálina. Það er hið eina og sanna botoxkvöld, því miður aðeins fáanlegt í Ameríku í bili en áreiðanlega rétt ókomið hingað. Þá hittast konur í krísu miðlífsins og endurheimta tíu ár með aðstoð sérfræðings og dálítilli innspýtingu af þessu undraameðali hist og her. Eini gallinn er sá að eftir dálítið botox er ekki nokkur leið að sýna svipbrigði, en þau eru nú ofmetin hvort eð er.


vísir
FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR
www.visir.is



www.toyota.is




**Prius - við erum komin upp á næsta stig.**

Öll höfum við hugmyndir um hvernig framtíðin verður. Ólíkar hugmyndir. Við hjá Toyota sjáum fyrir okkur hreinni heim og stefnum óhikað á framleiðslu bíla sem menga ekkert. Leiðin þangað er löng og ströng en við erum komin upp á næsta stig.

Prius er knúinn bæði rafmagns- og bensínvél. Hann er sjálfum sér nógur um rafmagn og gefur frá sér allt að 55% minna koldíoxíð en hefðbundnir bensínbílar af svipaðri stærð. Hann er umhverfisvænni og mikilvægt skref í átt að hreinni heimi.

Komdu og reynsluaktu Prius – upplifðu næsta skref.

Verð **2.790.000** kr.

HYBRID SYNERGY DRIVE
The power to move forward

TODAY TOMORROW TOYOTA

| Toyota Kópavogi | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi | Toyota Austurlandi |
|---|---|---|---|---|
| Nýbýlavegi 4 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 | Miðási 2 |
| Kópavogur | Akureyri | Reykjanesbær | Selfoss | Egilsstaðir |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 421-4888 | Sími: 480-8000 | Sími: 470-5070 |